

FREYJA KRISTJÁNSDÓTTIR

### Margar leiðir í boði í nútímafræði

Nám Ferðir Bílar Börn

allt í MIÐJU BLAÐSINS



FRÍÐRIK ÓMAR

### Í átökum á árshátíð

Sneri niður ölvaðan ofbeldismann

FÓLK 42



HRAFN JÖKULSSON

### 250 skákir á 40 tímum

Þriðja maraþon skákfrómuðarins

FÓLK 42



# FRÉTTA BLAÐIÐ

FRÍTT

1. nóvember 2006 – 293. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Taka upp plötu í LA



Krummi og félagar í Mínus vinna með upptökustjóra Tool og Queens of the Stone Age.

TÓNLIST 34


### Frá orðum til aðgerða

„Hægri grænir Sjálfstæðisflokksins vilja leysa málin með einkavæðingu Landsvirkjunar,“ segir Ólafur Hannibalsson.

Í DAG 20

### Pönkuð ástarsaga

Jón Gunnar Þórðarson leikstýrir verkinu Danny and the Deep Blue Sea í Austurbæ á morgun.



MENNING 42

### Fyrsti kvenkynsdómariinn



Indíana Sólveig Marquez varð á dögunum fyrsta konan til að dæma leik í efstu deild körfuboltans á Íslandi. Hún stefnir á að dæma í karla-deildinni.

ÍDRÓTTIR 72

### VEÐRIÐ Í DAG



HLÝNAR Í dag verður yfirleitt suðvestan 5-10 m/s. Súld eða rigning af og til sunnan og vestan til en bjart með köflum á landinu norðaustanverðu. Hiti 2-8 stig í dag, mildast syðst.

VEÐUR 4

### Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

### MARKAÐURINN

MARKAÐURINN content including charts and text about market news.

# Reykjavík og Akureyri selja hlut sinn í Landsvirkjun

Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa ákveðið að selja helmingshlut sinn í Landsvirkjun fyrir rúmlega 30 milljarða króna. Íslenska ríkið greiðir fyrir hlutinn í formi lífeyrisskuldbindinga. Salan verður kynnt í dag.

**LANDSVIRKJUN** Tilkynnt verður í dag um sölu á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrar á helmingshlut í Landsvirkjun til íslenska ríkisins. Þetta staðfestu Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra við Fréttablaðið í gær.

Heildarverðmæti Landsvirkjunar er metið á tæplega 61 milljarð og nemur söluverðið um 30 milljörðum króna. Akureyrarbær á fimm prósent hlut í Landsvirkjun, Reykjavíkurborg 45 prósent og íslenska ríkið helmingshlut. Eftir sölu eignast ríkið Landsvirkjun að fullu en ríkið greiðir fyrir hlut sinn í formi

lífeyrisskuldbindinga, Akureyrarbær að verðmæti rúmlega þriggja milljarða og Reykjavíkurborg rúmlega 27 milljarða.

Borgarráð Reykjavíkur og bæjarráð Akureyrar eiga enn eftir að samþykkja sölu en gengið hefur verið frá samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaganna beggja með þeim fyrirvara að salan verði samþykkt.

Breyta þarf fyrstu grein laga um Landsvirkjun til þess að breytingar á eignarhaldi standist lögin. Í fyrstu greininni segir að Landsvirkjun sé „sameignarfyrirtæki ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæj-

ar“ en lögin breytast um leið og íslenska ríkið verður eitt eigandi að öllum hlutum í fyrirtækinu.

Sala Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar á hlutum í Landsvirkjun hefur átt sér langan aðdraganda en fulltrúar ríkisins og sveitarfélaganna hafa fundað reglulega á þessu ári um það hvernig söluhlut skuli háttað. Eftir viðræður milli ríkisins og forsvarsmanna Reykjavíkurborgar og Akureyrar náðist samkomulag um heildarverðmæti Landsvirkjunar og var þá ákveðið að ganga frá söluhlut til ríkisins.

- mh



**EIÐUR SMÁRI SKORAÐI OG MEIDDIST** Það var mikil dramatík þegar Barcelona mætti Chelsea í Meistaradeild Evrópu í gærkvöldi. Leiknum lauk með jafntefli en Chelsea skoraði jöfnunarmarkað þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma. Kvöldið var viðburðaríkt fyrir Eið Smára Guðjohnsen. Hann kom Barcelona í 2-1 á 58. mínútu en tuttugu mínútum síðar þurfti að hann yfirgefa völlinn eftir að hafa meiðst.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP/AFP

Halldór Ásgrímsson næsti framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar:

## Vill gera samstarfið sýnilegra

**KAUPMANNAHÖFN** Forsætisráðherrar Norðurlandanna komu sér í gær saman um að Halldór Ásgrímsson yrði næsti framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, er Svíinn Per Unckel lætur af því embætti um áramótin.

Á blaðamannafundi eftir fund forsætisráðherranna og leiðtoga norrænu sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja í Kaupmannahöfn í gærmorgun tilkynnti norsk forsætisráðherrann



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON

Jens Stoltenberg um þessa ákvörðun. Stoltenberg sagði þá staðreynd að Íslendingur hefði aldrei áður gengt þessu embætti hefði haft mikið að segja, fyrir utan það hve Halldór ætti glæstan feril að

baki í stjórnmálum og norrænu samstarfi.

Á blaðamannafundi í Kristjánborgarhöll, þar sem Norðurlandaráðsþing var sett í gær, sagðist Halldór meðal annars vilja beita sér fyrir því að færa norrænt samstarf „nær borgurunum“ og gera það sýnilegra, í samræmi við eindrægan vilja almennings í löndunum fimm, en sá vilji kemur skýrt fram í nýrri skoðanakönnun sem Norðurlandaráð lét gera.

- aa/sjá síðu 4

## Fimleikafélagið Björk: Þjálfari sakaður um harðræði

**FIMLEIKAR** Þrír nemendur við íþróttaakademíuna í Reykjanæsbæ hafa sakað rússneska fimleikabjálfarann Dmitry Varomin um ofbeldi gegn átta ára börnum. Þremmingarnir saka Varomin um að græta stúlkurnar og slá þær.

Þeir segja Varomin hafa teygst svo fast á stúlkunum að þær hafi grátið og beðið hann um að hætta en hann hafi samt haldið teygjunni áfram. Þeir segja hann einnig hafa slegið stúlkurnar það fast að vel hafi heyrst.

Harpa Óskarsdóttir, meðþjálfari Varomin, segir þjálfarana þekkja takmörk stúlkanna og þeir haldi teygjunum í ákveðinn tíma. Hún segir enga foreldra hafa kvartað yfir þjálfuninni.

- hbg / Nánar á síðu 36

## Ísland-Færeyjar: Sendiskrifstofa í undirbúningi

**KAUPMANNAHÖFN** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra mun í dag ræða við



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

danska og færeyska ráðamenn um áform um að opna íslenska sendiskrifstofu í Færeyjum. Valgerður staðfesti við Fréttablaðið í gærkvöld

að þetta yrði á dagskrá viðræðna hennar við utanríkisráðherra Danmerkur og lögmann Færeyinga í dag.


Í tilefni af því að í dag gengur í gildi samningur um að gera Ísland og Færeyjar að einu markaðssvæði munu Valgerður og Jóhannes Eidesgaard, lögmaður Færeyinga, efna til móttöku í íslenska sendiráðinu.

- aa



KEMUR  
ÚT Í DAG!

# HVERJU MÁ FÓRNA FYRIR HELSTA DÝRGRIP ÍSLENSKU ÞJÓÐARINNAR?



Ungur og bláeygur íslenskufræðingur heldur til náms í Danmörku og hittir þar landa sinn, gamlan prófessor. Prófessorinn býr yfir skelfilegu leyndarmáli sem leiðir hann og lærisvein hans í mikla háskaför um þvera Evrópu – þar sem mannlíf eru léttvæg fundin.

Ný skáldsaga eftir Arnald Indriðason, vinsælasta rithöfund þjóðarinnar. Bækur Arnaldar njóta vaxandi vinsælda um heim allan og hefur enginn íslenskur rithöfundur nokkru sinni náð slíkri útbreiðslu. Arnaldur hlaut á síðasta ári Gullrýtinginn, virtustu glæpasagnaverðlaun heims.

  
E d d a  
edda.is

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	68,08	68,4
Sterlingspund	129,28	129,9
Evra	86,37	86,85
Dönsk króna	11,586	11,654
Norsk króna	10,366	10,428
Sænsk króna	9,362	9,416
Japanskt jen	0,577	0,5804
SDR	100,69	101,29

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
119,4761  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandaríska varnarmálaráðuneytið bregst við neikvæðum fréttáflutningi:

# Stjórnvöld snúa vörn í sókn

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríska varnarmálaráðuneytið, með Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra í fararbroddi, ætlar að vinna markvisst að því að bæta álit almennings á ráðuneytinu og boðar ný vinnubrögð sem felast í því að „bregðast við með hraði“ hvenær sem gagnrýnisráddir varpa neikvæðu ljósi á starfsemi ráðuneytisins.

Dorrance Smith aðstoðarráðherra, sem ber ábyrgð á almanna-tengslum ráðuneytisins, segir í minnisblaði sem AP-fréttastofan hefur í fórum sínum að nýir starfshópar fái það verkefni að semja skilaboð til fjölmiðla þar



**DONALD RUMSFELD** Varnarmálaráðherra er umdeildur, ekki síst nú þegar stríðið í Írak virðist ætla að kosta repúblikana þingmeirihluta í kosingunum í næstu viku.

sem leiðréttingum verði komið á framfæri.

Annar hópur fær það verkefni

að samhæfa „staðgengla“, og er þar væntanlega átt við háttsetta stjórnmálamann sem tala máli ráðherrans eða sinna erindum fyrir hann.

Svo virðist sem helsta markmið þessara nýju vinnubragða sé að vinna á móti gagnrýni sem æftar beinist að Rumsfeld ráðherra vegna Íraksstríðsins.

Rumsfeld hefur undanfarið kvartað undan því að fjölmiðlar beini athyglinni um of að neikvæðum fréttum frá Írak en fjalli lítið um þann árangur, sem náðst hefur. Hann hefur meðal annars sagst vera andvaka á nóttinni út af því hve vel hryðjuverkamönnum hefur tekist að hafa áhrif á fjölmiðla. -gb

## Prófkjör Sjálfstæðisflokksins: Guðlaugur einn með nýja skrá

**STJÓRNMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarsson, sem náði öðru sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, hafði einn frambjóðenda aðgang að flokksskrá, sem var uppfærð af starfsmönnum Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningar síðastliðað vor. Þessu hélt Gísli Freyr Valdórsson, fyrrverandi starfsmaður flokksins, fram í Kastljósi í gær. Framboð Guðlaugs Þórs hefði gengið í gildrun. Það sannaði mál hans.

Guðlaugur Þór sagði í yfirlýsingu að starfsmenn flokksins hefðu skoðað skrána og ekki gert neinar athugasemdir. -th

Gæsluvarðhald:

## Tveir sitja inni vegna ofbeldis

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna ofbeldis-verka eða gruns um að hafa framið þau.

Rúmlega tvítugur maður situr í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hann hafi tekið erlenda stúlku upp í bíl sinn aðfaranótt sunnudagsins fyrir rúmri viku og nauðgað henni. Maðurinn neitar sök. Gæsluvarðhald yfir honum rennur út í dag.

Ungur maður sem stakk mann með hnífi í bakið á bílastæði við skautasvellið í Laugardal situr einnig í gæsluvarðhaldi. Pilturinn skildi hnífinn eftir í baki mannsins og lét sig hverfa á brott. -js



**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR** Vill að Íslendingar sækist eftir æðstu embættum innan norræna samstarfsins.

Formaður Íslandsdeildar:

## Sótt verði um æðstu embætti

**KAUPMANNAHÖFN** Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, segir það skipta máli að Íslendingar sækist eftir æðstu embættum innan norræna samstarfsins og því sé það mikið fagnaðarefni að Halldór Ásgrímsson verði næsti framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar.

„Það skiptir auðvitað máli að við séum með góðan kandidat,“ segir Sigríður Anna. „Við vorum það að þessu sinni og ég er hæstánægð með þessa niðurstöðu.“ -aa

# Norrænu samstarfi beitt til að auka samkeppnishæfi

Halldór Ásgrímsson segist horfa til þess með tilhlökkun að takast á við starf framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar, sem í gær var afráðið að hann tæki við um næstu áramót.

**KAUPMANNAHÖFN** „Ég er mjög þakklátur fyrir þann góða stuðning sem ég hef fengið frá forsætisráðherrunum í þetta starf. Ég horfi til þess með tilhlökkun að takast á við það,“ sagði Halldór Ásgrímsson í samtali við Fréttablaðið eftir að ákvörðunin lá fyrir um að hann yrði næsti framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar.

„Það vill nú svo til að ég sat mitt fyrsta Norðurlandaráðsþing hér í þessu húsi (danska þinghúsinu) fyrir 30 árum, árið 1976. Ég hef verið á öllum Norðurlandaráðsþingum síðan, nema árið 1980,“ segir Halldór og undirstrikar þannig að fáir ef nokkrir norrænir stjórnmálamenn búi yfir víðtækari reynslu og þekkingu á norrænu samstarfi.

Spurður hvað hann hyggist fyrir í hinu nýja starfi segir Halldór það verða sitt fyrsta verk að hlusta á umræðurnar á Norðurlandaráðsþinginu sem hófst í gær. „Ég hef alltaf haft mikla trú á norrænu samstarfi. Mér finnst hin pólitíska lína sem ég vænti að komi út úr þessu þingi vera sú að beita norrænu samstarfi af fullum krafti til að auka samkeppnishæfi Norðurlandanna í heild sinni. Ég hef fulla trú á að við getum gert það,“ segir hann.

Halldór vísar hér til eins af aðalumræðuefnum á dagskrá Norðurlandaráðsþings að þessu sinni, sem er um það hvernig Norðurlöndin geti hámarkað samkeppnishæfi sína í hnattvæddum heimi og jafnframt staðið vörð um hið norræna velferðarkerfi.

Spurður um áherslumál sem hann hyggist beita sér fyrir eftir

ad hann tekur við segir hann ljóst að eitt aðaláhersluatriðið í Norðurlandastarfinu sé samstarf við nærliggjandi svæði. „Þetta á náttúrulega sérstaklega við um Eystrasaltslöndin og Rússland. Ég tel að samstarfið við Rússland skipti mjög miklu máli,“ segir hann, sem og samstarfið við Evrópusambandið.


Þá segist Halldór alltaf hafa haft mikinn áhuga á samstarfi um málefni norðurslóða og hann reikni með að taka aftur upp þráðinn þar. „Ég tel að þar liggi tækifæri til að koma á gagnlegu samstarfi milli Norðurlandanna, Rússlands, Kanada og Bandaríkjanna,“ segir hann.

„Ég reikna með því að fá frekari hugmyndir með því að tala við fólk sem ég veit að hefur mikla reynslu af þessu starfi,“ segir Halldór ennfremur. „Ég hef alltaf trú á að halda áfram þar sem frá var horfið; þetta verður engin bylting. Ég mun vinna á þeim grunni sem áður hefur verið lagður,“ segir Halldór.

Spurður hvort hann vilji koma einhverjum skilaboðum til Finna vegna vonbrigða þeirra með að þeirra maður skyldi lúta í lægra haldi fyrir honum, svarar Halldór því til að hann muni „auðvitað vinna mjög náið með Finnum ekki síður en hinum þjóðunum“.

Hvort Finnum verði bætt þetta upp með því að Finnar verði ráðnir í aðrar áhrifastöður innan norrænu stjórnsýslunnar segir Halldór ekki sitt að ákveða.

Spurður hvort hann telji að það breyti einhverju fyrir Ísland að hann skuli taka við þessari stöðu svarar Halldór því til að hann fari



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Verður næsti framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar um áramótin.

„Ég reikna með því að fá frekari hugmyndir með því að tala við fólk sem ég veit að hefur mikla reynslu af þessu starfi.“

**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**

„fyrst og fremst inn í þetta með norræna hugsun“. Sem framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar beri hann ábyrgð gagnvart öllum þjóðunum í hinu norræna samstarfi. En það muni þó „að minnsta kosti ekki skaða“ íslenska hagnuni í norrænu samstarfi að hafa Íslending í þessu starfi.

audunn@frettabladid.is

**4. SÆTI** **Ágúst Ólafur Ágústsson**  
varaformaður Samfylkingarinnar

**Traustur efnahagur — aukin velferð**

- Lækkum skatta á lífeyristekjur í 10%
- Fjárfestum í menntun
- Afnefum fyrningarfresti í kynferðisafbrotum gegn börnum
- Lækkum verð á matvællum

Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík 11. nóvember | www.agustolafur.is

**VEÐURSPÁ**

**um hádegi »**

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	11°C skúrir	London	11°C hálfskýjað
Þórshöfn	5°C alskýjað	Paris	11°C skúrir
Oslo	-4°C skýjað	Frankfurt	13°C skúrir
Stokkhólmur	2°C snjóél	Friedrichshafen	8°C skúrir
Gautaborg	7°C léttskýjað	Berlin	8°C rigning

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# ...að byrja strax að hætta

RÁÐSTEFNA UM LEIÐIR TIL AÐ STYTTA STARFSÆVINA  
OG TRYGGJA SÉR FJÁRHAGSLEGT FRELSI

**NORDICA HOTEL** MIÐVIKUDAGINN 1. NÓVEMBER, KL. 17.15-18.30.

KB banki efnir nú til ráðstefnu þar sem fjallað verður um möguleikann á fjárhagslegu frelsi samfara styttri starfsævi. Boðið verður upp á áhugaverð erindi og veitingar að þeim loknum.

Skráning í sínum 444 7704  
og 444 7712 eða á  
[www.kbbanki.is/radstefna](http://www.kbbanki.is/radstefna)

## DAGSKRÁ

Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri KB banka setur ráðstefnuna.

### The 'Life-Cycle' Model of Personal Finance

Fyrirlesari er hagfræðingurinn Dr. Keith Ambachtsheer en hann er meðal fremstu fræðimanna á sviði lífeyrismála í heiminum.

### Að fara fyrir á eftirlaun

Erindið flytur Dr. Tryggvi Þór Herbertsson forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og prófessor við viðskipta- og hagfræðideild skólans.

### Að byrja strax að hætta

Halldóra Guðmarsdóttir, sérfræðingur KB banka í fjárfestingum og sparnaði einstaklinga, kynnir nýjung sem fólk á öllum aldri getur nýtt sér til að skoða stöðu sína og setja sér markmið um starfslok og tekjur við starfslok.

Ráðstefnustjóri er Þórarinn Sveinsson, framkvæmdastjóri Eignastýringar KB banka.



## KJÖRKASSINN



Heldur þú að þingkonum fækki eftir næstu alþingiskosningar?

Já	71,8%
Nei	28,2%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Er eðlilegur munur á landsliðs-launum KSÍ eftir kyni?

Tuttugu og sex ára maður dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir líkamsárás:

## Barði mann í afbryðiskasti

**DÓMSMÁL** Tuttugu og sex ára gamall karlmaður var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í fjögurra mánaða fangelsi fyrir líkamsárás. Tveir mánuðir refsingar hans eru skilorðsbundnir til þriggja ára.

Árásin átti sér stað í maí á síðasta ári. Árásarmaðurinn og fórnarlamb hans störfuðu á þeim tíma saman á skemmtistað í Hafnarstræti. Kvöldið áður en árásin varð hafði unnusta árásarmannsins skýrt honum frá því að hún hefði um nóttina haldið framhjá honum með fórnarlambinu. Hann sagði fyrir dómi að hann hefði tekið tíðindin mjög nærri sér og

bar fyrir sig minnisleysi um árásina vegna taugaáfalls sem hann sagðist hafa fengið eftir fregnirnar um framhjáhaldið.

Samkvæmt framburði vitna voru átökin mjög einhliða enda árásarmaðurinn um tveir metrar á hæð og auk þess með brúnt belti í bardagaþróttinni jiu-jitsu. Hann barði höfði fórnarlambins við barborð, sló hann ítrekað með hnefahöggum og sparkaði bæði í andlit og líkama hans með þeim afleiðingum að hann hlaut fjölmarga og alvarlega áverka. Fórnarlambið sagðist fyrir dómi ekki enn búinn að ná sér eftir árásina, hvorki líkamlega né andlega.



**HAFNARSTRÆTI** Árásin átti sér stað á skemmtistað í götunni þar sem málsaðilar unnu saman. Tílfni hennar var framhjáhald annars þeirra með kærustu hins.

Auk fangelsisdómsins þarf árásarmaðurinn að greiða fórnarlambinu 553.777 krónur. - þsj

Héraðsdómur Austurlands:

## 2b ehf. greiði vangreidd laun

**VINNUMARKAÐUR** Starfsmannaleigan 2b ehf. hefur verið dæmd til að greiða tólf Pólverjum sem komu til starfa á Kárahnjúkum haustið 2005 vangreidd laun og flugfaraseðil til Póllands. Þá kveður dómurinn upp úr með að starfsmannaleigunni hafi verið óheimilt að draga frá útlagðan kostnað.

Dómarnir voru kveðnir upp í Héraðsdómi Austurlands í gær. Í dómnum kemur fram að starfsmannaleigan 2b skuli greiða um og yfir 250-300 þúsund krónur á mann ásamt dráttarvöxtum. Þá er starfsmannaleigan dæmd til að greiða málskostnað. - ghs



Fjársýsla ríkisins verður lokuð fimmtudaginn 2. nóvember vegna fræðsludags starfsmanna.

Sykurskert  
Hrísmjólk

Nýjung!



PIKTA HUBER / SIA

MÍLKURVÖRUR  
Í SERFLOKKI

# BOÐEIND.IS

Í 19 ár - Þar sem verð og gæði fara saman  
Fáðu faglega ráðgjöf og kaupðu vandaða fartölvu á góðu verði

Asus A6V-Q

Almennt verð kr. 109.900,-  
Staðgreiðsluverð

kr. 94.900,-

Ef vinnsluminnið í  
tölvunni er stækkað upp í  
1GB DDR 2 kostar hún

kr. 99.900,- stgr.

Skjár: 15.4" WXGA (Glare type)  
Örgjörvi: Intel Mobile Pentium 1.7GHz  
Skjákort: Nvidia Geforce Go 7300 256MB  
Vinnsluminni: 512MB DDR2 / mest 2GB  
Harður diskur: 100GB  
Netkort: LAN 10/100/1000  
Þráðlaust netkort: 802.11a/b/g  
Geisladrif: 8x dual layer DVD brennari  
Vefmyndavél: 1.3Mega Pixla m.hjóðnema  
Stýrikerfi: Windows XP Professional  
Rafhlaða: 8 Cells - Allt að 3,5 klst. ending  
Abyrgð: 2ja ára alþjóðleg abyrgð

Fartölvutaska & optical USB mús fylgir frítt  
með ásamt öflugum hugbúnaðarpakka.  
Allar fartölvur frá Boðeind koma með Microsoft  
XP Professional stýrikerfi og eru Microsoft Vista tilbúnar.

Boðeind ehf. - Márkin 6 - 108 RVK - S: 588 2061  
Opíð alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - sala@boðeind.is  
Boðeind býður upp á virðukennda verkstaðisþjónustu - thjonusta@boðeind.is



ÍSLENSK ERFÐAGREINING Forráðamenn fyrirtækisins segja aðferðafræði sína við skoðun á tölvupósti fyrirverandi starfsmanna standast lög og vera í samræmi við leiðbeiningar Persónuverndar.

## Ekki augljóst hvort ÍE hafi brotið lög

Ákvörðun Persónuverndar um skoðun ÍE á tölvupósti fyrirverandi starfsmanna mælist misjafnlega fyrir. Lögmanni ASÍ finnst ÍE hafa gengið nokkuð langt. Framkvæmdastjóri SA segir að ákvörðunin virðist hafa verið skynsamleg.

**PERSÓNUVERND** Ákvörðun Persónuverndar um að taka ekki upp að eigin frumkvæði skoðun Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) á tölvupósti hefur vakið blendin viðbrögð.

Magnús Norðdal, lögfræðingur ASÍ, telur ekki augljóst að ÍE hafi brotið á starfsmönnum sínum með því að skoða tölvupóst þeirra með þessum hætti. „Mér finnst þeir ganga nokkuð langt í því sem þeir eru að gera. Hvort það sé nákvæmlega brot á lögum þori ég ekki frekar en Persónuvernd að segja til um.“

Hann segir að ASÍ leggi mikla áherslu á að atvinnurekendur upplýsi starfsmenn sína mjög nákvæmlega um þær reglur sem gilda innan fyrirtækis varðandi tölvupóstsnotkun. Svo virðist hafa verið í þessu tilfelli. Hins vegar telji hann að fyrirtæki eigi að gera viðkomandi starfsmön-

um viðvart áður en svona könnun á tölvupóst þeirra fari fram. „Þeir fara í þessa innanhúsrannsókn án þess að láta starfsmennina vita. Það fer alltaf svolítið í taugarnar á okkur.“

Magnús segir fyrst og fremst tvennt ráða því að Persónuvernd telji sig ekki þurfa að taka málið upp að eigin frumkvæði. „Í fyrsta lagi er málið að hluta til hjá lögreglu í opinberum farvegi og í öðru lagi hefur enginn einstaklingur kært fyrirtækið fyrir innbrot í tölvupóst sinn.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að sér virðist sem ákvörðun Persónuverndar hafi verið skynsamleg. „Þetta er auðvitað mjög vandmeðfarið en það þarf náttúrulega að ríkja trúnaðarsamband milli fyrirtækis og starfsmanna. Fyrirtækin þurfa að hafa einhverja möguleika ef

starfsmennirnir rjúfa trúnað. En síðan er auðvitað spurning um hversu langt sé hægt að ganga. Starfsfólkið verður að hafa frið með sitt einkalíf. Leitaraðferðin snerist enda ekki um að leita að persónulegum gögnum heldur að leita að þáttum sem snúa beint að fyrirtækinu. Það er kannski það sem gerir það að verkum að Persónuvernd lætur kyrrt liggja.“

Vilhjálmur telur ákvörðunina geta orðið fordæmisgefandi. „Ég tel að minnsta kosti að þetta sé fordæmisgefandi þannig að ef það er vel rökstuddur grunur um að starfsmaður sé að brjóta trúnað eða taka eitthvað ófrjálsri hendi þá sé að minnsta kosti hægt að beita sér með einhverjum hætti gagnvart honum. Það sé þá hægt að ganga úr skugga um hvort raunveruleg ástæða sé fyrir grunsemdunum.“

thordur@frettabladid.is

Lögmaður ÍE segir að ákvörðun Persónuverndar staðfesti skoðun fyrirtækisins:

## Fullkomlega réttmætt aðferð

**PERSÓNUVERND** Þórir Haraldsson, lögmaður Íslenskrar erfðagreiningar, segir að ákvörðun Persónuverndar um að taka ekki upp að eigin frumkvæði skoðun fyrirtækisins á tölvupósti fyrirverandi starfsmanna sem grunaðir eru um iðnaðarþjónsnið staðfesti skoðun fyrirtækisins. „Niðurstaðan staðfestir þá skoðun fyrirtækisins að okkur hafi verið heimilt að standa að þessari rannsókn með þeim hætti sem við gerðum.“

Hann segir fyrirtækið hafa alltaf talið sig í fullum rétti við að beita þeim aðferðum við öflun sönnunargagna sem það

beitti og telur sjálfur að þær standist lög. „Okkar reglur, aðferðafræðin sem við beittum og framkvæmdin sjálf standast bæði lög og leiðbeiningar Persónuverndar, enda í samræmi við þær reglur sem gilda um þeirra eigin starfsemi.“

Þórir segir að starfsmönnum fyrirverandi hafi ekki verið tilkynnt um að til stæði að skoða tölvupóstinn enda hefði slíkt ekki verið eðlilegt undir þeim kringumstæðum sem þá voru. „Samkvæmt reglum er miðað við að það eigi að jafnaði að gefa þeim kost á því, en við töldum alfarið að



**TÖLVUPÓSTUR** Persónuvernd hefur ákveðið að taka ekki upp að eigin frumkvæði skoðun ÍE á tölvupósti fyrirverandi starfsmanna sinna. Viðbrögð aðila vinnumarkaðsins eru á ýmsan hátt.

kringumstæður í þessu máli krefðust þess ekki.“ - þsj

Í DAG 1. NÓVEMBER 2006, ERU TÍMAMÓT Í ÞRÓUN LYFJAVERÐS Á ÍSLANDI

***Meðalverð  
frumlyfja á Íslandi  
er orðið  
6,4% lægra en  
í Danmörku!***



Sá ánægjulegi árangur hefur náðst að meðalverð lyfja frá framleiðendum frumlyfja er nú orðið 6,4% lægra á Íslandi en verð sömu lyfja í Danmörku. Niðurstaðan er þeim mun eftirtektarverðari þar sem Danmörk er það land sem íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa helst valið sem samanburðarland í umræðu um lyfjaverð mörg undanfarin ár.







# BUBBI

tónleikaröð á NASA

BUBBI TEKUR FYRIR PLÖTUNA


## VON

TÓNLEIKAR  
FIMMTUDAGINN

2. NÓVEMBER

Miðasala fer fram í verslunum  
Vodafone í Rvk, á [www.nasa.is](http://www.nasa.is)  
og virka daga kl. 13 - 16 á Nasa.  
Tónleikarnir hefjast kl. 21, húsið  
opnar kl 20.

[www.nasa.is](http://www.nasa.is)



Á NASA



vodafone



## Kaupir þú þjónustu af ferðaskrifstofu?

– gefðu þá þessum merkjum gaum



**Ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum** er skylt að nota sérstakt auðkenni (sjá að ofan) Ferðamálastofu í hvers kyns auglýsingum um þjónustu sína sem beinast að neytendum og á heimasíðu sinni, svo neytendur geti gengið úr skugga um að tilskilin leyfi séu fyrir hendi.

Auðkenni þessi staðfesta að ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur sem selja þjónustu sína, innan lands jafnt sem utan, fullnægja kröfum laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála. **Gefðu þeim gaum!**

[ferdamalastofa.is](http://ferdamalastofa.is)

Ferðamálastofa | Lækjargötu 3 | 101 Reykjavík | 535 5500 | upplýsingar@icetourist.is



Exista hf., kt. 610601-2350, hefur birt lýsingar vegna skráningar skuldabréfa og víxla félagsins í Kauphöll Íslands og gert aðgengilegar almenningi frá og með 1. nóvember 2006. Eftirfarandi skuldabréfaflokkar hafa verið gefnir út:

- Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 5.690.000.000 var gefinn út þann 28. mars sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands EXISTA 06 1 og verða bréfin skráð í Kauphöll Íslands þann 1. nóvember 2006. Skuldabréfin eru óverðtryggð. Skuldabréfin skulu bera 3ja mánaða Reibor vexti að viðbættu álagi sem er 150 punktar og skal endurgreiðast á 4 gjalddögum vaxta, á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 28. júní 2006. Höfuðstóll skuldabréfanna skal greiðast allur í einu lagi þann 28. mars 2007.
- Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 5.310.000.000 var gefinn út þann 28. mars sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands EXISTA 06 2 og verða bréfin skráð í Kauphöll Íslands þann 1. nóvember 2006. Skuldabréfin eru óverðtryggð. Skuldabréfin skulu bera 3ja mánaða Reibor vexti að viðbættu álagi sem er 220 punktar og skulu endurgreiðast á 4 gjalddögum vaxta, þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 28. júní 2006. Höfuðstóll skuldabréfanna skal greiðast allur í einu lagi þann 28. mars 2007.
- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 10.260.000.000 var gefinn út þann 9. október sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands EXIS 07 1008 og verða þeir skráðir í Kauphöll Íslands þann 30. október 2006. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 8. október 2007.

Lýsingar er hægt að nálgast hjá útgefanda Exista hf., Ármúla 3, 108 Reykjavík og á vefsetri Kauphallar Íslands [news.icex.is](http://news.icex.is) og á vefsetri útgefanda Exista hf. [www.exista.com](http://www.exista.com).

Umsjónaraðili skráningarinnar í Kauphöll Íslands hf. er Kaupþing bank hf.

1. nóvember 2006



Norður-Kóreumenn fallast á að ræða kjarnorkuvopnaáform sín:

## Sex ríkja viðræður byrja á ný

**WASHINGTON, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti fagnaði því í gær að samkomulag hefði náðst um að Norður-Kóreumenn sneru aftur að samningaborði sex ríkja um takmörkun kjarnorkuvopna. Bush sagði Kínverja eiga stærstan þátt í því að samkomulag um þetta hefði tekist.


Christopher Hill, einn af aðstoðarutanríkisráðherrum Bandaríkjanna, sagði að viðræðurnar gætu hafist í nóvember eða desember.

Norður-Kóreumenn hafa neitað að mæta til viðræðanna frá því Bandaríkjamenn ákváðu síðasta haust að refsa þeim fyrir meinta hlutdeild þeirra í skjalafölsun og

peningabætti. Þessar refsiaðgerðir höfðu þau áhrif að Norður-Kórea einangraðist frá fjármálakerfi heimsins.

Bandaríkjastjórn lét loks undan kröfum Norður-Kóreumanna og samþykkti í það minnsta að ræða þessar refsiaðgerðir á fundunum, en Bush sagði í gær að Bandaríkin myndu krefjast þess að stjórn Norður-Kóreu féllist á að hætta við öll kjarnorkuvopnaáform og jafnframt að hægt yrði að sannreyna það.

Þátttakendur í viðræðunum eru fulltrúar frá Norður- og Suður-Kóreu, Bandaríkjunum, Rússlandi, Kína og Japan.



**FULLTRÚAR SEX RÍKJA** Myndin er tekin í september á síðasta ári þegar þeir Alexander Alexeev frá Rússlandi, Kenichiro Sasae frá Japan, Wu Dawei frá Kína, Christopher Hill frá Bandaríkjunum, Kim Kye Gwan frá Norður-Kóreu og Song Min-Soon frá Suður-Kóreu hittast í Beijing í Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Kvöldnámskeið í íslensku dýr og erfið

Útlendingar flykkjast á íslenskunámskeið en þó hefur aðeins hluti útlendinganna sem hafa komið til landsins á þessu ári sótt námskeið í íslensku. „Besta hvatningin er að lækka kostnaðinn,“ segir framkvæmdastjóri Alþjóðahúss.

**ÍSLENSKUKENNSLA** Gríðarleg aðsókn hefur verið á íslenskunámskeið fyrir útlendinga í haust og hefur hún aldrei verið meiri. Þó er langt í land með að allir útlendingar á Íslandi hafi tekið eða ætli að taka námskeið í íslensku. Ýmislegt kemur þar til.

Mímír símenntun er langumsvifastur í íslenskukennslu útlendinga. Samtals hafa um 1.500 útlendingar sótt íslenskukennslu þar á þessu ári. Í haust eru tæplega fimm hundruð útlendingar skráðir á þeim tæplega fjórutíu íslenskunámskeiðum sem boðið er upp á.

Tæplega 370 útlendingar hafa verið á íslenskunámskeiðum á vinnustöðum á þessu ári og hátt í 200 á almennum námskeiðum í Alþjóðahúsi. Í haust er boðið upp á tuttugu og fimm námskeið í þrettán fyrirtækjum og eru tvö námskeið í gangi í fjórum þessara fyrirtækja.

Yfir sjö þúsund útlendingar, fyrst og fremst fólk frá nýfrjáls-um ríkjum Evrópu, hafa komið inn á íslenskan vinnuarkað í ár og eru Pólverjar þar langflestir. Samkvæmt íslenskum lögum er skylda fyrir útlendinga sem koma utan Evrópusambandsins að taka 150 stundir í íslenskunámi, eða þrjú námskeið.

Fimmtíu stunda íslenskunámskeið kostar um 44 þúsund krónur. Sveitarfélögin niðurgreiða oft námskeiðin þannig að viðskiptavinurinn greiðir 22 þúsund krónur. Inni í þeirri niðurgreiðslu er niðurgreiðsla hins opinbera. Verkalýðsfélögin veita félagsmönnum sínum yfirleitt styrk sem nemur allt að 75 prósentum en það



**VIÐ ÍSLENSKUNÁM** Fimmtíu stunda íslenskunámskeið kostar um 44 þúsund krónur. Sveitarfélög og hið opinbera niðurgreiða oft gjaldið og verkalýðsfélög leggja einnig á áramnar. Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir að reynslan sýni að erfitt sé að sækja námskeið eftir langan vinnudag auk þess sem námskeiðin séu dýr. Þessar konur, sem eru á íslenskunámskeiði hjá Mími símenntun, láta slíkt ekkert á sig fá.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fer eftir því hvaða félag er um að ræða og hve lengi viðkomandi hefur starfað á Íslandi.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir að hugsa þurfi íslenskukennslu fyrir útlendinga upp á nýtt. Erfitt sé fyrir fólk sem vinni langan vinnudag að sækja kvöldnámskeið. Þá séu námskeiðin dýr. Vinnustaðanámskeið séu vinsæl.

„Samfélagið verður að setja í annan gir hvað íslenskukennslu varðar. Það þarf að auka þjónustu og koma til móts við þarfir innflytjenda. Íslenskukennslan er hluti af því. Það verður að vera hvatning og aftur hvatning að læra tungumálið og besta hvatningin er að lækka kostnaðinn,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerð afturreka með synjun á framkvæmdaleyfi:

## Vantaði rök fyrir að leyfa ekki bátalægi við Þingvallavatn

**ÚRSKURÐUR** Felld hefur verið úr gildi sú ákvörðun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar að synja sumarhúsa-eiganda við Þingvallavatn um leyfi til að gera bátalægi.

Þáverandi skipulagsfulltrúi uppsveita Árnes-sýslu, Arinbjörn Vilhjálmsson, stöðvaði í ágúst 2004 hafnargerð Péturs Jóhannssonar, sem reyndar er hafnarstjóri í Reykjanesbæ. Pétur, sem ekki hafði sótt um leyfi fyrir framkvæmdunum, sótti í kjölfarið um leyfið en fékk synjun frá sveitarstjórninni. Þá ákvörðun kærði Pétur til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem nú hefur sagt að Bláskógabyggð hafi ekki fært rök fyrir synjun sinni.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar stendur enn óhögguð stöðvun hafnarframkvæmda Péturs sem ekki kærði ákvörðun Bláskógabyggðar um stöðvunina heldur aðeins synjunina á framkvæmdaleyfinu.

Að sögn Péturs Inga Haraldssonar skipulagsfulltrúa er málið nú í raun því komið á sama punkt og



**FRAMKVÆMDIR VIÐ ÞINGVALLAVATN** Svona var umhofs þegar framkvæmdir voru stöðvaðar við sumarhús Péturs Jóhannssonar við Þingvallavatn.

það var eftir að framkvæmdir voru stöðvaðar. Hugsanlegt sé að sótt verði um leyfi að nýju. Hvernig sem fari þá sætti sveitarfélagið sig ekki við núverandi stöðu málsins því frá því framkvæmdir voru stöðvaðar hafi ekkert verið hreyft við gífurlegu raski sem orðið hafi á vatnsbakkanum.

- gar

Forval Vinstri grænna:

## Guðmundur í forvali VG

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Magnússon sækist eftir 1.-2. sæti í forvali VG á höfuðborgarsvæðinu. Guðmundur var með í stofnun VG og situr nú í stjórn flokksins á landsvísi. Þá sat Guðmundur sem varamaður á Alþingi í þrjár vikur árið 2005.



GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Guðmundur hefur barist fyrir aðgengismálum fatlaðra enda hefur hann sjálfur verið í hjólastól síðan 1976.

Guðmundur er lærður leikari en starfar nú sem ráðgjafi í aðgengismálum fatlaðra fyrir Aðgengi ehf. - hs

Vondur drykkur í Síberíu:

## 900 manns með áfengiseitrun

**RÚSSLAND** Neyðarástandi hefur verið lýst yfir í fjórtán borgum í Irkutsk-héraði í Síberíu vegna víðtækrar áfengiseitrunar. Nærri 900 manns hafa verið lagðir inn á sjúkrahús með lifrabilun eftir að hafa drukkið leysiefni sem markaðssett var sem vodka, segir á fréttavef BBC.

Rússnesk yfirvöld hafa lagt hald á hundruð tonna af hættulegum vökva, sem grunur leikur á að hafi verið seldur sem áfengi. Aðallega var um að ræða ísbræði, ryðvörn og glugga-hreinsiefni.

Heilbrigðisyfirvöld segja málið bera vitni um áfengisvanda Rússlands, en í hverjum mánuði deyja að meðaltali 3.500 Rússa eftir að hafa drukkið eitrefni. - smk

Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Guðbjartur leiðir listann

**STJÓRNMÁL** Guðbjartur Hannesson hlaut 477 atkvæði í 1. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi. Talningu atkvæða lauk seint á sunnudagskvöld. Karl Matthíasson fékk 552 atkvæði í 1. til 2. sætið, Anna Kristín Gunnarsdóttir fékk 582 atkvæði í 1. til 3. sætið og Sigurður Pétursson fékk 790 atkvæði í 1. til 4. sæti.

Alls greiddu 1.668 manns atkvæði og voru 69 sæðlar auðir eða ógildir. - sdg

### SEÐLABANKINN

#### Aðhaldsstigið mikið

Aðhaldsstigið á Íslandi var með mesta móti í OECD-rikkjunum undanfarin ár vegna góðs árangurs í fjármálastjórn ríkissjóðs, að sögn vefrits fjármálaráðuneytisins. Minnt er á tekjuafgang ríkissjóðs og tekjur af einkavæðingu sem hafi verið nýttar til að greiða niður skuldir eða breyta eignastöðu ríkissjóðs í Seðlabankanum.

**wolfcraft®**

Verkfæri fyrir smíði og aðra laghenta

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

**MÚRBÚÐIN**

Byggingavörusverulunin í Árbænum

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Norðurlandaráð ungliða samþykkti tillögu fulltrúa SUS eftir snarpar umræður í Kaupmannahöfn:

## Norrænir ungliðar styðja hvalveiðar

**KAUPMANNAHÖFN** Á þingi Norðurlandaráðs ungliða, sem að venju er haldið á undan Norðurlandaráðsþingi, var samþykkt ályktun þar sem lýst er yfir stuðningi við sjálfbærar hvalveiðar í Norðurlandshöfn.

Frumkvæðið að tillögunni átti Páll Heimisson, sem sat þingið sem fulltrúi Sambands ungra sjálfstæðismanna. Fulltrúar finnskra græningja lögðu fram móttillögu um að banna hvalveiðar, en tillaga Páls varð ofan á eftir snarpar umræður. Var tillagan samþykkt með 52 atkvæðum gegn 26.

Margir stóðu upp og mæltu

fyrir hvalveiðum þegar rætt var um tillöguna, að sögn Páls.

„Helstu rökin voru að sjálfbærar veiðar ættu fullkomlega rétt á sér ef þær byggðu á vísindalegum niðurstöðum og notaðar eru eins mannúðlegar aðferðir og hægt er. Eðlilegt væri að nýta þessa auðlind eins og hverja aðra auðlind. Óeðlilegt væri ef sumar auðlindir hafsin yrðu nýttar en sumar ekki sem gæti leitt af sér mikið ójafnvægi.“

Páll segir að það hafi virst fara í taugarnar á fólki að græningjarnir voru að kasta fram röngum upplýsingum á borð við að langreyðar væru í útrýmingarhættu.“ - aa/sdg



HVALUR 9 Á LEIÐ ÚR HÖFN Í ályktuninni kom fram að það ætti að vera eitt af markmiðum norrænnar æsku að stuðla að breiðum stuðningi við hvalveiðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SKODA AUTO

SIMPLY CLEVER

**Afl og hagkvæmni sameinast**

**TDI**

Tækniundrið TDI® dísilvélin eyðir aðeins **4,9** lítrum

**Skoda Octavia**

Skoda Octavia með 1,9 lítra TDI® dísilvél afsannar að afl og hagkvæmni fari ekki saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Svo er Octavia TDI® einnig fánleg fjór hjóladrífín og meira en tilbúin í átök vetrarins. Hvort sem hindrunin er háir snjóskafar eða hátt eldsneytisverð, þá ertu í toppmálum á Skoda Octavia TDI®.

Í ágúst 2006 tókst Stefáni Ásgrímssyni, ritstjóra FÍB blaðsins, að ná eyðslu bílsins í **3,63 lítra** þegar hann ók rúmlega hringveginn, alls 1.515 km, í áheita- akstri HEKLU fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

HEKLA

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 · HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000 · www.hekla.is, hekla@hekla.is



**KÚBVERSKUR BALLETT** Alþjóðleg ball-  
etthátíð fer nú fram á Kúbu og sýna  
þessir kúbversku dansarar Don Kíkóta  
þar af mikilli list.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherrar Íslands og Rússlands funduðu um tengsl ríkjanna:

## Ræddu komu Pútín til Íslands

**UTANRÍKISMÁL** Hugsanleg koma  
Vladímírs Pútín, forseta Rússlands,  
til Íslands og samningur þjóðanna  
um fiskveiðar í Smugunni var  
meðal þess sem Valgerður Sverris-  
dóttir utanríkisráðherra og Sergey  
Lavrov, utanríkisráðherra Rúss-  
lands, ræddu á fundi sínum í tengsl-  
um við utanríkisráðherra fund  
Norðurskautsráðsins í Rússlandi í  
seinustu viku.

Pútín hefur fengið boð um að  
koma í opinbera heimsókn til  
Íslands og skýrist fyrir árslok hvort  
og hvenær af heimsókninni verður  
að sögn Valgerðar. „Ég tel, miðað  
við það sem kom fram hjá Lavrov,  
að miklar líkur séu á því að af þessu



**VALGERÐUR OG SERGEY** Ráðherrarnir  
voru sammála um að auka samskipti  
þjóðanna á sviði jarðhita og mikilvægi  
þess að undirrita samkomulag um það.

geti orðið á næsta ári vegna þess að  
árið 2008 verða forsetakosningar í  
Rússlandi.“

Á fundi sínum ræddu ráðherr-  
arnir aðallega um viðskipti og við-

skiptatengd málefni og lagði Val-  
gerður áherslu á að Rússar  
uppfylltu samning á milli þjóðanna  
um fiskveiðar í Smugunni. Íslensk-  
um skipum hefur gengið erfiðlega  
að veiða þau 2.700 tonn sem þau  
eiga rétt á samkvæmt samningnum  
vegna tafa við útgáfu veiðheimilda  
af hálfu rússneskra yfirvalda.

Valgerður gat ekki sagt til um  
hver viðbrögð rússneska ráðherr-  
ans voru vegna þess máls annað en  
að því hefði verið vel tekið. „Þetta  
fer nú í vinnslu innan rússnesku  
stjórnsýslunnar og ég vonast til  
áður en langt um líður að við fáum  
fregnir af því hvernig meðferð  
þetta fær.“

Forval Vinstri grænna:

## Gefur kost á sér í annað sætið

**STJÓRNMÁL** Guðfríður Lilja  
Grétarsdóttir, forseti Skáksam-  
bands Íslands, gefur  
kost á sér í annað  
sætið í sameiginlegu  
forvali VG í Reykja-  
vík.



Guðfríður er með  
BA-próf í sagnfræði  
frá Harvard-háskóla  
og mastersgráðu í  
hugmyndasögu og  
heimspeki frá Cambridge-háskóla í  
Bretlandi. Hún hefur starfað sem  
alþjóðaritari á alþjóðasviði Alþingis  
frá árinu 2001. Hún er fyrsta konan  
sem gegnt hefur embætti forseta  
Skáksambands Íslands.

- hs



Exista hf., kt. 610601-2350, hefur birt lýsingu vegna skráningar  
skuldabréfa félagsins í Kauphöll Íslands og gert aðgengilega  
almenningi frá og með 1. nóvember 2006. Eftirfarandi  
skuldabréfaflokkur hefur verið gefinn út:

- Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 13.000.000.000 var gefinn  
út þann 14. október 2004. og er auðkenni flokksins í Kauphöll  
Íslands EXISTA 04 1 og verða bréfin skráð í Kauphöll  
Íslands þann 1. nóvember 2006. Skuldabréfin eru verðtryggð  
með grunnvísitölu neysliverðs. Skuldabréfin bera 5,90%  
nafnvexti og greiðast vextir einu sinni á ári, fyrst 14. október  
2005. Höfuðstóll skuldabréfanna greiðist allur í einu lagi  
þann 14. október 2011.

Lýsingu er hægt að nálgast hjá útgefanda Exista hf., Ármúla  
3, 108 Reykjavík og á vefsetri Kauphallar Íslands news.icex.is  
og á vefsetri útgefanda Exista hf. www.exista.com.

Umsjónaraðili skráningarinnar í Kauphöll Íslands hf. er MP  
Fjárfestingarbanki hf.

1. nóvember 2006

**LÉTT  
BYLGJAN**  
967

## Vafasöm fjársöfnun í nafni fátækra barna

Ekkert leyfi virðist vera fyrir fjársöfnun sem nú fer fram í nafni fátækra barna. Lúther Kristjánsson, sem hringt var í í síðustu viku, segir svívirðilegt að óprútt-  
nir aðilar nái í peninga með því að höfða til meðaumnar með börnum.

**LÖGREGLUMÁL** „Mér finnst þetta  
með því lægsta sem hægt er að  
komast í lággúru. Þetta skemmir  
fyrir öðrum sem eru að safna í  
góðum tilgangi,“ segir Lúther  
Kristjánsson, sem seint á þriðju-  
dagskvöldið í síðustu viku fékk  
upphringingu frá konu sem vildi  
fá hann til að styrkja fátæk börn.

„Það var kona í símanum sem  
sagði: Við erum að safna handa  
fátækum börnum. Viltu styrkja  
okkur? Ég sagði nei og það náði  
ekki lengra því konan sagði þá  
bara reiðilega að hún skildi vel að  
ég vildi ekki styðja þau og skellti  
á,“ segir Lúther, sem er 72 ára og  
býr í Reykjavík.

Eftir símtalið læddist sá grun-  
ur að Lúther að ekki væri allt með  
felldu.

„Hún var svo undarlega reiði-  
leg konan þegar ég sagði nei að  
mér datt í hug að grennslast fyrir  
um það hver stæði að þessu,“ segir  
Lúther, sem að eigin sögn fékk  
upplýst hjá lögreglunni að ekki  
væri heimild fyrir fjársöfnun  
fyrir fátæk börn.

„Það er alveg svívirðilegt að  
óprúttir aðilar fari þá leið að  
höfða til meðaumnar með börn-  
um sem eiga ágæt. Fólk ætti að  
hafa varann á,“ segir Lúther.



**HÖRÐUR JÓHANNESSON** Aðstoðar-  
yfirmann lögregluþjónninn í Reykjavík segir  
rangt að Félag fátækra barna starfi í  
heimildarleysi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÖGREGLUSTÖÐIN VIÐ HVERFISGÖTU** Kallað verður eftir reikningsfirliti frá félaginu  
Fátækum börnum á Íslandi. Frestur félagsins til að skila því er ekki runninn út.

Í Fréttablaðinu í ágúst og sept-  
ember síðastliðnum var tvívegis  
sagt frá fjársöfnun félagsins  
Fátækra barna á Íslandi. Fram  
kom að formleg kvörtun hefði bor-  
ist vegna starfseminnar frá SOS  
barnaporpum.

Ekki náðist í forsvarsmann  
Fátækra barna á Íslandi, Jón Egil  
Unndórsson, til að fá staðfest að  
það væri á vegum hans félags sem  
nú væri verið að safna peningum.  
Haft var eftir Jóni í Fréttablaðinu  
í ágúst að hann teldi félagið  
undanþegið reglum um fjársafn-  
anir þar sem í raun væri um sölu  
að ræða en ekki söfnun. „Þeir sem  
gefa félaginu peninga fá sendan  
penna sem þakklætisvott,“  
útskýrði Jón.

Hörður Jóhannesson, aðstoðar-  
yfirmann lögregluþjónninn í Reykjavík,  
segir það ekki rétt að Fátæk börn  
á Íslandi starfi í heimildarleysi.

Félagið hafi haft heimild til fjár-  
söfnunar frá því í ágúst 2005. Í  
fyrsta stöð félagið að því er virðist  
einmitt fyrir fjársöfnun.

Heiða Gestsdóttir, yfirmaður  
almenningar afgreiðslu lögreglunnar  
sem annast leyfisveitingar  
vegna fjársafnana, segir á hinn  
bóginn að sé um símasöfnun að  
ræða beri félögum að tilkynna  
hana til lögreglunnar. Fátæk börn  
á Íslandi hafi ekki sent tilkynn-  
ingu um slíka söfnun.

Innan við sex mánuðum eftir að  
söfnun ljúki verði að senda lög-  
reglunni reikningssskil vegna  
hennar. „Það hefur ekkert reik-  
ningsfirliti borist vegna söfnunar-  
innar í fyrri og það er verið að  
kalla eftir því,“ segir Heiða og  
upplýsir að frestur sem Fátækum  
börnum á Íslandi hafi verið gefinn  
til að svara sé enn ekki runninn út.

gar@frettabladid.is

Litlaland í Ölfusi:

## Vilja kaupa vatnsréttindin

**SVEITARSTJÓRNIR** Sveinn Steinars-  
son og Jenný Erlingsdóttir á  
jörðinni Litlalandi í vestanverðu  
Ölfusi hafa óskað eftir því við  
bæjarstjórnina að fá keypt til  
baka vatnsréttindi sem fyrri  
eigendur seldu sveitarfélaginu á  
sínu tíma. Sveinn segir í samtali  
við Fréttablaðið að fyrst og  
fremst sé um að ræða vatn í jörðu  
sem ekki hafi verið nýtt hingað  
til. Hann segir ekkert sérstakt  
standa til með nýtingu á vatninu á  
þessum tímamarki; fyrst og  
fremst sé ætlunin að sameina  
vatnsréttindin jörðinni að nýju.  
Bæjarstjórnin fól lögmanni  
sínunum að skoða málið.

- gar

## Réttu hjálparhönd

Félagspjónusta Kópavogs óskar eftir að ráða fólk í heimaþjónustu.  
Fjölbreitt og gefandi starf með sveigjanlegum vinnutíma.  
Heilsudags- og hlutastörf. **Kynntu þér kjörin, þau koma á óvart!**  
Nánari upplýsingar veita þjónustustjórar heimaþjónustunnar í síma **570 1400**.  
[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

Meginmarkmið Félagspjónustu Kópavogs er  
að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi  
Kópavogsbúa á öllum aldri svo þeir fái  
tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu.



Félagspjónusta  
Kópavogs

# Sprengitilboð

hagstæðustu heildarinnkaupin

45%  
afsláttur



**199** kr/pk

Verð áður 359 kr/pk

Salatrækja 500 gr.

FJÖRFISKUR



**799** kr/kg

Nýveidd smálúða



**399** kr/pk

Humar 500 gr.



43%  
afsláttur

**399** kr/kg

Verð áður 699 kr/kg

Línuveidd ýsa - roðlaus og beinlaus

FJÖRFISKUR

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími 1. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Orkukubbur

600g

98 KR.



Fjólkornabrauð

10 gæðakleinur



10 kleinur

98 KR.

Súkkulaðihringir Bónus

5+1

98 KR.



Sjáðu þetta!

33%

meira magn Sama verð!



Florida Ferskur appelsínusafi með aldinkjöti BONUS



Morgunkorn 365g

GÆÐAGRÍS brauðskinka

Sjáðu verðið!

1 lítri

98 KR.

365g

Morgunkorn 365g



669 KR. Merkt verð 1338 KR.

50% afsláttur við kassann



RÆKJU/TÚNFISK

BÓNUS

Túnfisk salat

BÓNUS

Rækju salat

98 KR.

boxið

1 KÍLÓ 26 sneiðar

Kílóbrauð

69 KR.



Kitchen towel • Keukukökenrulle  
4 eldhúsrúllur

**99** KR.

*Sjáðu verðið!*

4 rolls/st/stk

80 bómullarpúðar

**39** KR.

200 pinnar

**39** KR.

SEURO SHOPPER

35% afsláttur

KOFAREYKT SVEITABJÚGU

Sveitabjúgun vinsælu  
KÍLÓVERÐ NÚ:

**195** KR.

Merkt verð 299KR.

Sveitabjúgun kofareyktu

40% afsláttur

Avaxta Stangir

**159** KR.

Merkt verð 265KR.

2 lítrar

**159** KR.

Súkkgöngur Vanilla IS

BONUS

Jurtakryddað  
Bónus lambalæri

Góð tilboð í öllum  
Bónusverslunum!

Tómatsósa KÍLÓ

**59** KR.

EKKERT BRUÐ!

HEILT KÍLÓ!

**98** KR.

Sinnep 500 ml

**39** KR.

Tomatketchup

Senap • Mustard

500 g

Ugnsfarar

Ovnað

frities

frities

anperunoi

SEURO SHOPPER

BÓNUS LAMBALÆRI  
KÍLÓVERÐ NÚ:

**899** KR.

Merkt verð 1198KR.

TILBOÐ

350 gr

Kartöflu Salat

KF SALAT

**98** KR.

350g

TILBOÐ

350 gr

Hrá salat



## „ORÐRÉTT“

## Kvennahreyfingin

„Kvennahreyfingin hefur eiginlega verið það versta sem dunið hefur á þessari þjóð að undanförunu... Þú máttir ekki hafa neinar skoðanir án þess að vera kallaður karlremba og karlrembusvín.“

GUÐBERGUR BERGSSON UM KVENNAHREYFINGUNA.

Stúdentablaðið 31. október

## Bubbi í Eyjum

„Kannski skammast Eyjamenn sín svolitíð fyrir Árna og þess vegna má ekki tala um þetta.“

BUBBI MORTHENS UM ÞAU VÍÐBRÖGÐ SEM TAL HANS UM ÁRNA JOHNSEN FÉKK Á TÓNLEIKUM Í VESTMANNAEYJUM.

Fréttablaðið 31. október.

nær og fjær  
**tilveran**

**SJÓNARHÓLL**  
BROTTEKSTUR HJARTAR  
HOWSER

**Tekur ofan fyrir Hirti**

„Mér finnst þetta út í hött,“ segir Andri Freyr Viðarsson, annar umsjónarmanna Capone á XFM, en eins og kunnugt er rak dr. Sigrún Stefánsdóttir Hjört Howser af Rás 2 eftir „óviðeigandi ummæli“ um hljómsveitina Gus.



ANDRI FREYR VIÐARSSON  
Útvarpsmaður á XFM

„Ég tek ofan fyrir Hirti því hér talar greinilega maður af miklu viti. Það er virðingartekur þegar menn liggja ekki á skoðunum sínum. Ég veit ekki hvaða stælar þetta eru í þessum doktor. Og hver er þetta eiginlega? Hefur einhver séð þennan doktor? Ég held að við í Capone yrðum ekki lengi að fjúka. Annars þætti mér gaman ef Tvihöfði kæmi aftur, þó hann eigi reyndar ekki séns í okkur. Það má greinilega ekkert segja á Rás 2 og ef þetta er gamli góði Tvihöfðabátturinn verða þeir ekki lengi að flakka. Og svo fá menn eins og Ágúst Bogason að vaða þarna uppi á skitugum skónum, svikarinn sem hann er.“

**Fyrsti feðradagurinn framundan**

Félag ábyrgra feðra hefur starfað síðan 1997 og meðal annars barist fyrir því að börn alist sem mest upp hjá báðum foreldrum, hvort heldur sem þeir búa saman eða ekki. Ýmislegt er framundan hjá félaginu. Í kvöld heldur Jóhanna Guðrún Jónsdóttir opinn fyrirlestur þar sem hún ræðir ofbeldi kvenna á börnum og tilfinningalíf karla. Þá verður fyrsti feðradagurinn haldinn á Íslandi 12. nóvember næstkomandi.

„Ímyndin af ofbeldi gagnvart börnum – kynferðislegu ofbeldi jafnt sem öðru líkamlegu ofbeldi – er oftast sú að það sé vondi karlmaðurinn sem á í hlut,“ segir Jóhanna Guðrún Jónsdóttir fjölskylduráðgjafi. „Það sem ég er að benda á er að það eru oft konur sem eru gerendur í ofbeldismálum og því er umræðan ójöfn og hallast á aðra hliðina. Það eru mörg dæmi um þetta, þótt vissulega sé talað minna um ofbeldi kvenna en ofbeldi karla. Í einni könnun í Svíþjóð kom þó í ljós að 30% af gerendum í kynferðisofbeldismálum gagnvart börnum voru konur. Það virðist ekki falla að ímynd kvenna

að tala um þessa hlið og ekki hjálpar það börnunum. Þetta er svipað því að einu sinni var aldrei talað um að konur væru alkóhólistar. Kvenímyndin virðist eiga að vera eins konar helgilíkneski af móður með barn á brjósti.“

Auk þess að ræða um þessar leyndu skuggahlíðar ætla Jóhanna Guðrún að tala um tilfinningalíf karla. „Ég tala nú bara vítt og breytt um það, til dæmis þá staðreynd að karlmenn nálgast vandamál á annan hátt en konur. Sá reginmunur er á kynjunum að ef það koma upp vandamál vill karlinn gera eitthvað í þeim, en konan vill ræða þau. Konur virðast halda að vandamálin leystist eftir því sem meira er rætt um þau. Þá eiga karlar oft erfitt með að tala um tilfinningar af því það er ekki ætlast til að þeir hafi tilfinningar. Þeir eru ekki vanir því að sýna tilfinningar og eiga því erfitt með að gera það. Karlmenn eru líka ráðvilltir af því að þeir fá svo misvísandi skilaboð. Þeir eiga að vera mjúkir en samt sexí og sterkir og eiga alls ekki að gráta því það er veikleikamerki.“ Fyrirlestur Jóhönnu hefst kl. 20 í Árskógum 6 og eru allir velkomnir.

Hinn 12. nóvember næstkomandi, annan sunnudag í nóvember, verður fyrsti feðradagurinn haldinn á Íslandi. Að sögn Gísla Gíslasonar, formanns Félags ábyrgra feðra, hafði lengi verið reynt að koma feðradeginum í gegnum kerfið sem mótvægi við mæðradaginn, sem haldinn er annan sunnudag í maí. „Þegar Jón Kristjánsson var félagsmálaráðgjafi í vor komst loksins skriður á málið,“ segir Gísli. Ábyrgir feður munu standa fyrir ráðstefnu á feðradaginn á Hótel Nordica þar sem ætlinin er að fjalla á margvíslegan hátt um feður í samfélagi nútímans. En til hvers er svo ætlast á feðradaginn? Er þetta enn einn dagurinn sérhannaður fyrir blómaframleiðendur? „Feður slá örugglega ekki hendinni á móti



JÓHANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR FJÖLSKYLDURÁÐGJAFI Segir karlmenn ráðvillta og eiga erfitt með að tjá tilfinningar sínar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

blómum,“ segir Gísli, „en við hvetjum feður fyrst og fremst til að eyða deginum með börnunum sínum. Það eru jú börnin okkar sem gera okkur að feðrum.“

gunnarh@frettabladid.is

GÍSLI GÍSLASON, FORMANNS FÉLAGS ÁBYRGRA FEÐRA Hvetur feður til að eyða deginum með börnunum á feðradaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**Barbapabbavakning á Íslandi**

Nýverið var endurútgefin fyrsta Barbapabbabókin í næstum því tvo áratugi og hefur hún slegið í gegn. „Við vorum búin að reyna að fá útgáfuréttinn frá því JPV-forlagið hóf starfsemi, en lítið gekk,“ segir Egill Örn Jóhannsson framkvæmdastjóri. „Loks náðum við sambandi við annan höfundinn Talus Taylor í vor en hann var bara með skæting við okkur. Er greinilega mikill sérvitringur. Við gáfumst ekki upp og fengum á endanum grænt ljós. Það sem réði úrslitum er að hann mundi eftir velgengni Barbapabba á Íslandi og kveikti á þerunni þegar hann komst að því að Valdimar Jóhannsson hjá Iðunni er pabbi Jóhanns og afi minn. Hann setti þó tvö skilyrði, að bækurnar yrðu ódýrari en sambærilegar barnabækur og að fyrsta prentunin yrði stór. Vanalega hefðum við prentað 1500 eintök en nú urðum við að prenta 7000 eintök. Við tókum sénsinn og sjáum ekki eftir því.“ Egill segir að áfram verði haldið og að allar bækurnar komi út á íslensku á endanum.

Talus Taylor er Bandaríkjamaður sem kynntist Frakkanum Annette Tison í París á 8. áratugnum. Þau giftu sig og sköpuðu saman Barbapabba-fjölskylduna. Fyrirbærið sló í gegn í Frakklandi og á Norðurlöndum og virðist enn njóta hylli hér sé miðað við viðtökur bókarinnar. Verslunin Liggallá (áður Sipa) á



BARBAPABBI, BARBAMAMMA OG BARBABÖRNIN 7000 eintök af bók um fjölskylduna hafa verið prentuð, auk þess sem mesta úrval af Barbapabbadóti á Norðurlöndum er að finna í verslun á Laugaveginum.

Laugavegi hefur boðið upp á alls konar Barbapabbadót í tvö ár, „mesta úrval af Barbapabbadóti á Norðurlöndum,“ er þar fullrytt, og að sögn hefur það selst svo vel að hægt er að tala um „Barbapabbavakningu“.

**ENSKA:**

**PISSLISTAMAÐUR**

■ Á ensku er til slangyrðið „piss-artist“. Það er hvorki notað yfir þá sem sérhæfa sig í að pissa listaverk í snjó né yfir listnema áþekka þeim í leiklistardeild Listaháskólans sem leysti verkefni í námslínunni



„Fræði og framkvæmd“ með því að pissa yfir samnemanda sinn í sama kúrs. Nei: „Piss-artist“ er notað yfir fyllibyttur og/eða lettingja sem drolla dögum saman yfir engu.



Glæsilegar flauelsbuxur í átta litum.

**HERRAFATAVERSLUN BIRGIS**  
FÁKAFENI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170

Gæði, fagmennska og gott úrval



# Lífrænt ræktaðir Chiquita bananar

Næstu daga bjóðum  
við lífrænt ræktaða  
banana á

TILBOÐ

198 kr/kg

Verð áður 299,-



*Gríptu tækifærið!*

Innihald í 100 g er u.þ.b.:

Orka: 90 kkal  
Prótein: 1,2 g  
Kolvetni: 20,2 g  
Fita: 0,3 g  
Trefjar: 1,8 g

	%RDS*
C-vítamín 11 mg	18%
Fólasín: 29µg	15%

\*Hlutfall af ráðlögðum dagskammti

Gildir til 12. nóvember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





# NÝTTU VETRARFRÍÐ VEL!

Það er nóg um að vera  
um alla borg



Á morgun, fimmtudag og föstudag verður vetrarfrí í nánast öllum grunnskólum í Reykjavík, en það er engin ástæða til að örvaenta! ;-)

Það er t.d. alveg upplagt að skella sér á **skauta** eða **í sund** og skreppa síðan á **bókasafn** og ná sér í eitthvað skemmtilegt að lesa.

Svo bíða undraheimar **Fjölskyldu- og húsdýragarðsins** og **söfn borgarinnar** sem eru jafn fjölbreytileg og þau eru mörg!



**Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn** verður opinn frá 10–17 og frítt í boði **Eymundsson**



**Lesum saman - Full hús af bókum fyrir alla fjölskylduna**

Á fimmtudaginn verður bókaspjall fyrir 10 til 12 ára krakka og á föstudaginn geta 7 til 10 ára krakkar málað með Kristínu Arngrímsdóttur í Borgarbókasafninu, Grófarhúsi milli kl. 13 og 15.

Þeir sem búa nálægt Sólheimasafni geta farið þangað og séð leikritið Landið Vifra sem Möguleikhúsið sýnir fyrir alla fjölskylduna á fimmtudaginn kl. 18.

## HVERNIG VÆRI AÐ:

- Fara á söfn?
- Ganga um í Heiðmörk?
- Hjóla í Elliðaárdalnum?
- Fara á línuskauta í Nauthólsvík?
- Skoða Grasagarðinn í Laugardal?
- Leika sér með fjölskyldunni í sundlaugunum?
- Skauta í Skautahöllinni í Laugardal eða í Egilshöll?
- Ferðast með strætó?

Skautahöllin í Laugardal og Skautahöllin í Egilshöll verða opnar báða dagana. Í Laugardal verður opið á fimmtudag kl. 10.00–15.00 og 17.00–19.30 og föstudag 10.00–20.00 og í Egilshöll frá kl. 9.00–15.00 á fimmtudaginn og föstudag kl. 9.00–18.00

Ekki sitja auðum höndum og láta þér leiðast. Drífu þig út og nýttu tímann vel!





# Norðurlandaráðsþing í Kaupmannahöfn

## UMRÆÐAN

Norðurlandaráð

Ígær var 58. Norðurlandaráðsþing sett í Kaupmannahöfn. Norðurlandaráðsþing er langstærsti viðburður norræns samstarfs og taka að þessu sinni þátt í því á annað hundrað þingmenn og ráðherrar Norðurlanda og sjálfstjórnarsvæða þeirra.

Samstarf Norðurlanda hefur ávallt verið eitt mikilvægasta milliríkjasamstarf sem löndin hafa tekið þátt í, ekki síst eftir að Norðurlandaráð var stofnað fyrir rúmri hálfri öld. Mikil sátt er um samstarfið í aðildarlöndunum eins og skoðanakönnun sem birt var í mánuðinum staðfestir. Flestir Íslendingar, eða tæplega 70%, álíta mikilvægast að efla samstarf við Norðurlöndin og eru það mun fleiri en þeir sem telja mikilvægast að efla samstarfið við Evrópusambandið. Þýðingu og árangur samstarfsins þekkja allir og hefur raunar leitt til þess að Norðurlandabúar gera miklar kröfur um aðgengi að þjónustu og réttindum í öllum löndunum auk þess sem flestum þykir sjálfsgætt að auðvelt sé að flytjast milli landanna og stunda atvinnu í nágrennaríkjunum. Meðal þekktra dæma um árangur samstarfsins eru vegabréfasamkomulagið og samstarf á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Samstarf yfirvalda, samtaka og borgara landanna er þó auðvitað mun víótækara. Þannig er aðgengi að upplýsingum auðvelt milli landanna og ekki að undra að mikill hluti útrásar íslenskra fyrirtækja síðustu misserin hafi átt sér stað á Norðurlöndum. Samstaða landanna á ýmsum vettvangi er alrömuð og Norðurlöndin standa með okkur eins og klettur að framboðinu í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Það hefur jafnframt verið mikilvægt fyrir Ísland og Noreg að eiga nána bandamenn innan Evrópusambandsins, ekki síst þegar að því kemur að afla upplýsinga um það sem fram fer innan sambandsins.

**Mikilvæg málefni á dagskrá**  
Meðal þess sem að þessu sinni verður tekið fyrir á Norðurlandaráðsþinginu er efnahagsleg velgengi Norðurlanda á tímum alþjóðavæðingar, baráttan gegn mansali, áfengisstefna landanna, umönnun geðfatlaðra og loftslagsbreytingar. Að auki verður sam-

## AF NETINU

### Áfall fyrir Samfylkinguna

Egill Helgason skrifar um prófkjör.

Skrítið af Ingibjörgu Sólrúnu að taka það fram sérstaklega að hún sé ekki ánægð vegna lélegs gengis Önnu Kristínar Gunnarsdóttir í prófkjöri Samfylkingar á Norðvesturlandi. Þykir Sólrúnu þá vont að fá Kalla Valla prest aftur á þing? Eftir fjögur ár á þingi fékk Anna Kristín ekki nema 368 atkvæði í efstu sætin. Það ber ekki vott um miklar vinsældir. Hún hefur verið ein af ósýnilegu þingmönnum sem Pétur Gunnarsson lýsir eftir í pistli. Eitt sinn sátu miklir höfðingjar úr vestursýslum Norðurlands á þingi. Páll Pétursson, Björn Pálsson, Jón Pálmason, Pálmi Jónsson - en nú stefnir í að Húvetningar og Skagfirðingar eigi engan þingmann. Þetta hefur verið nokkuð erfitt hjá þeim um nokkurt skeið. Til skamms tíma sat Vilhjálmur Egilsson á þingi fyrir kjördæmið, bjó í Reykjavík - en var eiginlega réttnefndur frjálshyggjumaður í bændagislingu.

---

Úbbs. Halldór Ásgrímsson að verða framkvæmdastjóri ráðherranefndarinnar norrænu og á sama tíma leggur Dagens Nyheter, virtasta blað Norðurlandanna, til að Norðurlandaráð verði lagt niður. Ef þetta er ekki aðför þá veit ég ekki hvað.

**Silfur Egils er að finna á visir.is undir Skoðanir.**

þykkt ný norræn tungumálafyrirlesing, skrifað undir samstarfssamning við Vestnorræna ráðið og rætt um hvað gera megi til að bæta matarvenjur fólks. Umsókn frænda okkar Færeyinga um sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði verður tekin fyrir og má búast við spennandi umræðu um hana.

Íslendingar munu leggja áherslu á að efla samvinnu landanna í baráttunni gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi, sérstaklega baráttunni gegn eiturflyfjasölu og mansali þar sem



SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRDARÐÓTTIR

fórnarlömbin eru í mörgum tilvikum börn. Mikilvægt er að efla enn frekar samstarfið við Eystrasaltsríkin og Rússland í baráttunni gegn þessum ógeðfelli glæpum. Norðurlöndin eiga sér langa sögu farsæls pólitíks og menningarlegs samstarfs. Samstarfið byggist á sameiginlegri sögu landanna og menningu.

Á þinginu verður kynnt ný og spennandi áætlun með yfirskriftinni „Ný norræn matargerðarlist“. Ætlunin er að fara út í umfangsmiklar aðgerðir til að skapa nýja ímynd um norræna matarmenn-

ingu í því skyni að hún fái svipaða stöðu og Miðjarðarhafsmatarmenning eða franskur matur.

Norðurlönd eru eitt vinnu-, menntunar- og búsetusvæði. Norðurlandasamstarfið er ekki síður mikilvægt í dag en þegar til þess var stofnað fyrir rúmri hálfri öld. Heimurinn hefur vissulega

**Íslendingar munu leggja áherslu á að efla samvinnu landanna í baráttunni gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi, sérstaklega baráttunni gegn eiturflyfjasölu, eiturflyfjasölu og mansali.**

tekið breytingum á þessum tíma, sérstaklega eftir að járntjaldíð féll. Norðurlandasamstarfið hefur svo sannarlega haft burði til að aðlagast breyttum heimi. Af þeim málaflökum sem á dagskrá þingsins eru sést að ekki hefur dregið úr mikilvægi samstarfsins. Þvert á móti hefur mikilvægi náinnar samvinnu okkar við nánustu nágrenna okkar og vinabjóðir aukist. Íslenskir þátttakendur á þinginu munu nú sem hingað til vinna að því að efla samstarf landanna á þeim sviðum þar sem þau eiga sameiginlega hagsmuni.

*Höfundur er alþingismaður og formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.*



## BREYTTUR JEPPI BREYTT VERÐ!

Það hefur aldrei verið hagstæðara að kaupa sér alvöru jeppa. Nú geturðu fengið sjálfskiptan Nissan Pathfinder Se með 35" breytingu frá Artic Trucks\* á frábæru verði og fylgir Garmin Nuvi 310 leiðsögutæki frítt með.

Nissan Pathfinder hefur slegið eftirminnilega í gegn og blandar hann skemmtilega saman krafti fjallajappa eins og þeir gerast albestir og lipurð flottustu götubíla. Með 35" sérhönnuðum breytingum eru gæði þessa afburða jeppa einfaldlega orðin enn meiri: Hann er áfram jafn þægilegur í akstri, bara skemmtilegri!

Nissan Pathfinder SE

Verð nú **5.350.000 kr.**

Verð áður ~~5.660.000 kr.~~ **VERÐLÆKKUN!**

NISSAN PATHFINDER



Pathfinder, alvöru jeppi á almennilegu verði!

\*Kromgrind að framan ekki innifalinn í verði.

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíó: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akranesi 431 1376

Akureyri 464 7940

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 8808

Reykjavík 474 1453





**SNERTING SEM  
HJÁLPAR TIL**  
Hjálparhendur í skólum  
**BÖRN 4**



**SKREF Í RÉTTA ÁTT**  
Reynsluakstur Toyota Prius  
**BÍLAR 2**

# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS **BÖRN** NÁM FERÐIR MATUR **BÍLAR** TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. **FRÉTTABLAÐIÐ**

## ALLT HITT

[BÍLAR BÖRN FERÐIR NÁM]

Hjá Brimborg hefur fræðslu-efni verið tekið saman sem sýnir hvernig skipta eigi um dekk á bílum með loftþrýstingsnemum. Má það finna undir liðnum „Áhugavert efni“ á aðalsíðunni [www.brimborg.is](http://www.brimborg.is)

**Barnabókin** Amma fer í sumarfrí eftir Björk Bjarkadóttur er komin út hjá Máli og menningu. Þar er á ferð sannkallaður hvalreki fyrir unnendur vel skrifaðra ráðgátubóka. Sjá [www.edda.is](http://www.edda.is)

**Haustútsala** á tjöldum Íslenskra fjallaleiðsögumanna, þrjár gerðir í boði. Hægt er að skoða tjöldin í höfuðstöðvum ÍFLM að Vagnhöfða 7b eða fá upplýsingar í síma 587-9999. Sjá [www.utivera.is](http://www.utivera.is)

**Anna Karlsdóttir**, lektor við jarð- og landfræðiskor, heldur fyrirlesturinn Þöglar raddir kvenna um auðindanýtingu og þróun kl. 12.15 fimmtudaginn 2. nóvember í Norræna húsinu. Fyrirlesturinn byggir á eiginlegri athugun á áhrifum atvinnuháttabreytinga á Austurlandi á konur í sjávarútvegi. Sjá [www.hi.is](http://www.hi.is)

## GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn  
1. nóvember, 305. dagur  
ársins 2006.



	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.10	13.11	17.11
Akureyri	9.04	12.56	16.46

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
**550 5000**

Auglýsingasími Allt  
**550 5880**

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á [visir.is](http://visir.is)



Freyja er mjög ánægð með nútímafræðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

## Margar leiðir í boði

*Freyja Kristjánsdóttir er á öðru ári í nútímafræði í Háskólanum á Akureyri.*

Freyja byrjaði upphaflega í kennslufræði í Háskólanum á Akureyri en fann sig ekki alveg í henni. „Ég fór því að skoða hvað annað kæmi til greina og fann út að nútímafræði væri eitthvað sem ég hefði áhuga á.“

Nútímafræði er þverfaglegt nám og margt sem hægt er að læra innan hennar. „Núna erum við til dæmis að taka helförina fyrir og einbeitem okkur svolítið að henni. Á síðustu vorönn vorum við meira að skoða söguna almennt og lærðum um ýmsa fræðimenn eins og Weber og Durkheim. Kosturinn við nútímafræðina er að hún gefur manni svo breiðan grunn og hægt að byggja svo margt ofan á hana,“ segir Freyja.

Til að byrja með var nútímafræði einungis kennd sem aukagrein til þrjátíu ein-

inga en nú er hægt að taka hana sem aðalgrein til sextíu eða níutíu eininga. „Eftir fyrsta árið er gert ráð fyrir að fólk sé búð að marka sér einhverja ákveðna stefnu, sumir fara í áttina að fjölmiðlafræði og aðrir í áttina að sálfræði en það er hægt að fara í ýmsar áttir.“

Freyja segist ekki vera farin að hugleiða hvort hún vilji fara beint í masters-nám eftir að hún klárar nútímafræðina. „Það sem ég gerði var að ég bætti við mig sálfræði og hef skipulagt námið þannig að ég verð í skólanum í fjögur ár og lýk hundrað og tuttugu einingum á þeim tíma. Ég útskrifast því bæði úr nútímafræði og sálfræði en ég hef mestan hug á því að starfa sem sálfræðingur eða í þeim geira. Mér finnst vinnusálfræði og sálfræði fyrir eldri borgara til dæmis mjög spennandi viðfangsefni.“

[emilla@frettabladid.is](mailto:emilla@frettabladid.is)

Sendum frítt um land allt!

## Jeppadekk

Úrval af stærðum upp í 33"

**31" heilsársdekk**  
verð frá kr. **12.900**

Við míkroskerum og neglum!



Opið á laugardögum 9-13

**ALORKA**

[www.alorka.is](http://www.alorka.is)

Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080



**MAZDA CX-7**

Framúrstefnuleg hönnun og  
afbúða akstursegilneikar

Fjór hjóladrífinn bíll sem sameinar kosti alvöru jeppa og rúmgóðs fjölskyldubíls.



Kraftmikil 2.3 L. Turbo intercooled,  
16 ventla, 4 cyl. vél sem skilar 244 hestöflum,  
6 þrepa sjálfskipting o.fl.  
Staðalbúnaður m.a. spólvörn og  
stöðugleikakerfi.

**X4**  
ehf.

Opið virka daga kl. 10-18:30  
Laugardaga kl. 12-16

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.  
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: [x4@x4.is](mailto:x4@x4.is)

Komdu og reynsluaktu!

[www.x4.is](http://www.x4.is)

SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep

CHRYSLER



**BÍLJÖFUR**

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

# Skref í rétta átt

Toyota Prius er bæði með rafmótor og bensínvél sem gerir hann að svokölluðum hybrid-bíl. Tæknin ætti að gera hann að einum umhverfisvænasta bíl okkar kynslóðar.

Á útlitinu einu saman sést að Prius er enginn venjulegur bíll. Framúrstefnulegar, rennilegar og um leið fallegar línur gera Prius að vel útlítandi bíl. Það er eitthvað við hann sem segir að svona líti framtíðin út og að framtíðin sé björt. Þetta breytist allt þegar sest er inn í bílinn.

Stafrænt mælaborðið er eins og eitthvað sem hannað var árið 1987 með það í huga hvernig bílar ættu að líta út árið 2006. Fyrir ofan mælaborðið er langur vegur í framtíðina, vegur sem nýttist aðeins fyrir framtíðar-retró-digital mælaborðið sem í myrkri glampar óþægilega í framtíðinni.

Við hliðina á stýrinu er gírstöngin, en bíllinn er sjálfstjórnur. Stöngin er lítil og nett og tilfinningin sem fylgir því að nota hana er eins og maður sé með dýran og vandaðan tækjabúnað í höndunum.

Þegar bíllinn er gangsettur er ýtt er á takka og rafmagnsmótor-



Afturrúðan lítur vel út, en það er vonlaust að líta út um hana.

REYNSLUAKSTUR



Toyota Prius býr yfir fallegum línunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

inn fer í gang. Bíllinn er algjörlega hljóðlaus og þegar rennt er úr hlaði í rölegheitum finnst manni eins og maður sé að gera góðverk. Maður er að bjarga tegundum í útrýmingarhættu, forða hálendinu frá náttúruspjöllum, og kæla jörðina. Nema ef þú þarft að bakka út úr innkeyslunni því þá fer bíllinn að pípa. Ekki eitt eða tvö píp til að láta þig vita að þú sért í bakkgír heldur stöðugt píp þangað til skipt er um gír. Þegar maður lítur aftur fyrir sig er útsýnið mjög skert. Eins og tvískipta rúðan lítur vel út þá er vonlaust að líta út um hana og sjá hvert pípanði bíllinn er að bakka.

Þetta fyrirgefur maður Prius því hann er búinn Hybrid Synergy Drive sem ætti að gera bílinn að einum af sparneytnustu bílunum á götunni. Hybrid-kerfið virkar þannig að þegar bíllinn er settur í gang og hann keyrður hægt gengur hann fyrir 68 hestafla rafmagnsmótor. Þegar hraðinn eykst fer 1,5 lítra 77 hestafla bensínvél-in í gang og saman vinna vélarnar og skila ágætis krafti og snerpu.



Mælaborðið er helst til gamaldags.



Hybrid Synergy Drive-kerfið á að gera Prius að mjög sparneytnum bíl. En er hann svo sparneytinn?



Gírstöngin er ánægjulegasti hlutinn við innviði bílsins.

TOYOTA PRIUS

Vél: 1,5 l bensínvél 77 hö / 115 Nm  
Rafhreyfill 68 hö / 400 Nm  
Uppgefin eyðsla: 4,3 l/100 km  
Þyngd: 1.300 kg

MÍNUS:  
Innra útlit  
Lélegt afturútsýni  
Spurning um eyðslu

PLÚS:  
Spurning um eyðslu  
Ytra útlit  
Léttur í stýri

Aðrir umhverfisvænir bílar sem vert er að athuga:

Lexus RX 400  
VW Caddy BioFuel  
VW Touran BioFuel

Verð: 2.690.000

Það þarf aldrei að hlaða rafgeyminn í bílnum því bæði bensínvél-in og bremsurnar sjá um að hlaða hann. Samvinnan skilar sér í eyðslu upp á litla 4,3 lítra af bensíni á hverja 100 km. Þessa þrjá daga sem undirritaður var með bílinn eyddi hann hinsvegar 7,5 lítrum á hverja 100 km.

Prius er þægilegur í akstri, léttur í stýri og lætur ágætlega að stjórna. Vélin dælir ekki út krafti enda er það ekki það sem Prius snýst um. Hann snýst um hagkvæmni, bæði fyrir þig sem neytanda og umhverfið. Hann snýst um að taka fyrsta skrefið frá bensínleypandi olíuskrímslum. Hann snýst um það sem framtíðin ætti að snúast um.

Prius er skref í rétta átt, en ef sannfæra á bílaeigendur um ágæti hybrid-kerfisins þarf skrefið að vera miklu stærra.

tryggvi@frettabladid.is

## Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla  
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!  
Alltaf heitt á könnunni!



## Jeppadekkin frá



Ford dekkín 33x13,5R18  
Tilboðsverð 24,900,-

**Fjallasport**  
4x4 specialist

Viðarhöfða 6 - Sími 577 4444

## Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991  
rafstilling@rafstilling.is

allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga

## Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557





Það er sjaldgæft að börn deyja í umferðinni á Íslandi. Það sama er ekki hægt að segja um þróunarlöndin. FRÉTTABLAÐIÐ/TEIÐUR

## 500 börn deyja á dag

Á hverjum degi deyja 3.000 fullorðnir og 500 börn í umferðarslysnum. Þetta er óásættanlegt að mati FIA, Alþjóðaaksturssambandsins.

Árlega látast 1,2 milljónir manna í umferðinni og 50 til viðbótar slasast. Á þriggja mínútna fresti deyr barn og á 30 sekúndna fresti deyr einhver fullorðinn.

Umferðin er sem stendur í 10. sæti yfir fjölda banameina í heiminum. Malaria nær ekki að skáka henni og aðeins AIDS/HIV dregur fleiri unga menn til dauða en hún.

FIA, undir handleiðslu forseta síns, Max Mosley, vill breyta þessu og því hefur sambandið fengið fjölda fólks í lið með sér í átak fyrir bættu umferðaröryggi. Herferðin kallast Make Road Safe en meðal þeirra sem taka þátt er hljómsveitin Dirty Pretty Things og sigursælasti ökuþór allra tíma, Michael Schumacher.

Rétt eins og alþjóðasamfélagið hefur ráðist gegn hnattvæddri fátækt vonast Mosley eftir stuðningi þess og G8 ríkjanna í baráttu fyrir bættu umferðarmenningu. Markmið átakans er að kalla fram umræðu um þessi mál og opna augu stjórnmalamanna fyrir vandanum. Þar að auki er vonast eftir auknu fjármagni til handa umferðaröryggi og -fræðslu, sérstaklega í þróunarlöndunum. 85 prósent dauðaslysa í umferðinni eiga sér stað þar (og 96 prósent dauðaslysa á börnum) og áætlað er að tíðni umferðarslysa í fátækari löndum heims eigi eftir að aukast um 80 prósent fyrir 2020 verði ekkert að gert.

Hægt er að skoða átakið nánar á [www.makeroadssafe.org](http://www.makeroadssafe.org). -tg

AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

# Kuldakast ÁLFELGUR OG DEKK!

Samsettir gangar á dúndurverði  
**95.900 kr.** (fullt verð ~~128.990 kr.~~)

Toyota  
Land Crusier 90



16x7 álfelga fyrir Land Crusier 90 og Chaparral 32" dekk



16x8 Dick Cepek-álfelgur og Chaparral 32" dekk

Toyota Hilux  
og Toyota Hiace



16x7 Dick Cepek-álfelgur fyrir Hilux og Hiace og Chaparral 32" dekk



Jeppa- og vélsleðagalli  
kr. 18.600

Gallinn er úr **slitsterku** næloni og er allur fóðraður að innan með hlýju vatteruðu lagi og auk þess er rakalag. Allir saumar eru límdir.



Dick Cepek-álfelgur  
margar stærðir

TILBOÐSVERÐ frá  
kr. **13.700** stk.

Margar  
gerðir



Margar gerðir af **kuldahönskum** fyrir jeppa- og útivistarfólk. Verð frá **kr. 1.990**

TILBOÐ – 15%  
verðlækkun



**Loftdæla** er nauðsynlegur búnaður. Margar gerðir. Verð frá **kr. 4.165**

ARCTIC  
TRUCKS®

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | [arctictrucks.is](http://arctictrucks.is)



## Haustútsala 15-50% afsláttur.



Í Yamaha á Nýbýlaveginum stendur nú yfir haustútsala á fatnaði, skóm og hjálum fyrir mótorsportáhugamanninn.

Tilvalið í jólapakkann.

Gott úrval af vörum frá Nazran, Nolan, Rukka, IXS.

Komið og gerið góð kaup!

Nýbýlavegur 2 · 200 Kópavogur  
Sími: 570 5340 · Fax: 570 5341  
[yamaha@yamaha.is](mailto:yamaha@yamaha.is) · [www.yamaha.is](http://www.yamaha.is)



**YAMAHA**



**Pantaðu jólamyndatökuna tímanlega.**

**MYND**  
Hafnarfirði S: 565 4207  
www.ljosmynd.is

**Vorum að fá nýja sendingu af náttfötum og samfellum**

**DU PAREILI... au mème**  
Sendum einnig í póstkrofu!!! Laugavegur 17 og Kringlunni Sími 552-6744 og 588-6750

**NÝTT Á Íslandi!**

kammakarló

**ROBERT**  
(Róbert Bangsi)  
Hliðasmári 17 s. 555-6688



Nanna og Nói leika sér oft saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Gott að eiga hvort annað að

**Systkinin Nanna Francisca Collard og Nói Baldvin Collard, sem eru fimm og fjögurra ára gömul, eru farin að hlakka til jólnanna.**

Nanna er í sex ára bekk í Ísaksskóla og Nói er í leikskólanum Grænumborg. Áður en Nanna byrjaði í Ísaksskóla var hún líka á Grænumborg. „Ég er á Mánadeild en ég ætla líka að fara í Ísaksskóla,“ segir Nói.

Nanna segir að það sé mjög gaman í skólanum og Nói hlakkar því mikið til að byrja þar. „Ég er að læra að lesa í skólanum og ég kann það alveg,“ segir Nanna. „Ég lita í leikskólanum,“ segir Nói. Hann segist ekki vera farinn að læra stafina í leikskólanum en er samt búinn að læra þá alla heima hjá sér og býst við því að vera farinn að lesa líka eins og systir hans fljótlega.

Nanna og Nói eru mjög ánægð með að eiga hvort annað að og segjast vera dugleg að leika sér saman. Nanna segist samt ekki muna eftir því þegar Nói fæddist

því hún var svo lítil. „Þegar ég var lítill þá gat ég ekki talað,“ segir Nói þá. Hann lærði samt fljótt að tala. „Mamma kenndi mér að tala,“ segir hann.

Þegar systkinin eiga frí er margt sem þeim finnst skemmtilegt að gera. „Við förum stundum í Húsdýragarðinn,“ segi Nanna. „Og við höfum farið í dótíð og líka lest,“ bætir Nói við. Þegar þau eru heima finnst Nóa samt skemmtilegast að vera í tölvunni en Playmo er í mestu uppáhaldi hjá Nönnu.

Síðasta sumar fóru systkinin í sumarfrí til Parísar. „Við förum í Disney,“ segir Nói og er mikið niðri fyrir. „Það var gaman og ég keypti klukku,“ bætir hann við. „Við vorum líka alveg fram á kvöld,“ segir Nanna þá og er álíka mikið niðri fyrir svo það er greinilegt að þau hafa skemmt sér vel.

Nanna og Nói eiga einn gullfisk sem heitir Dóra. „Við gefum henni að borða en mamma þvær búið hennar. Þegar búið er þvegið setjum við hana ofan í háf og ofan í könnu,“ segir Nanna. „Stundum þarf að þvo það þegar það er skítugt,“ bætir Nói við.

Systkinin langar í fleiri dýr og ef þau mættu velja sér dýr myndi Nanna vilja kanínu en Nóa langar í aðeins stærra dýr. „Mig langar í Ljón,“ segir hann. Nói hefur sérstaklega mikinn áhuga á dýrum og ætlar að verða dýralæknir þegar hann stækkar en Nanna ætlar hins vegar að verða ballerína.

Nói og Nanna eru alveg sáttn við að það sé að koma vetur og hlakka mikið til að fá snjó. „Þegar er snjór þá förum við á sleða og búum til snjóköll,“ segir Nanna. „Ég hef búið til sjóköll í skólanum og við vorum ekki með neina gulrót svo við settum bara jafarber sem nef,“ bætir hún við og hlær.

Systkinin eru farin að hlakka til jólnanna og Nanna segist líka vera farin að hlakka til afmælis síns. „Ég á sko afmæli 19. desember,“ segir hún. Nanna fær samt alltaf bæði afmælisgjafir og jólagjafir þó að það sé stutt á milli hátíðanna hjá henni en hana langar í playmo jólagjöf núna. „Ég ætla að fá bíl, gulan bíl,“ segir Nói þá. „En það er sko dimmt alltaf á jólnum,“ bætir hann við.

emilia@frettabladid.is

## Snerting sem hjálpar til

**Upledger-stofnunin á Íslandi er að fara af stað með verkefnið Hjálparhendur í skólum en það á að kenna börnum að vera góð við hvert annað.**

Birgir Hilmarsson hjá Upledger-stofnuninni segir að verkefnið gangi út á það að skólabörnum sé kennt vinsamleg snerting. „Vinsamleg snerting getur hjálpað til ef einhver meidir sig eða er með verk í líkamanum. Við kennum börnunum að með því að setja hendurnar á meidda svæðið og hugsa fallegar hugsanir, minnkar verkurinn,“ segir hann.


Birgir og samstarfsfólk hans mun fara í skólana og byrja á því að halda stuttan fyrirlestur fyrir kennarana og kenna þeim vinsamlega snertingu. „Síðan förum við með kennurunum í hvern bekk fyrir sig og kennum börnunum að gera þetta við hvert annað. Kennarinn heldur verkefninu svo áfram

með því að spyrja krakkana á hverjum morgni hvernig hefur gengið.“

Birgir segir að börnin venjist því fljótt að snertingin sé eðlileg og vinsamleg. „Kosturinn við þetta er líka sá að mismunur á milli krakkanna minnkar, sá minnsti getur hjálpað þeim stærsta og sá sem verður fyrir stríðni getur hjálpað þeim sem stríðir honum. Þetta hefur því gríðarleg áhrif á hegðun barnanna.“

Bandarískar rannsóknir hafa sýnt fram á að með því að kenna börnunum vinsamlega snertingu er hægt að minnka andfélagslega hegðun eins og einelti og stríðni um sextíu til sjötíu prósent í bekkjum. „Óháður aðili fór yfir niðurstöður úr yfir þúsund skólum í Bandaríkjunum og sagði að þær hefðu allar verið á sama hátt,“ segir Birgir.

Stefnt er að því að fara af stað með verkefnið strax í næstu viku. „Við erum ekki ennþá búin að prufukeyra þetta en það eru margar skólar búnir að hafa samband



Bókin Hjálparhendur er um það hvernig vinsamleg snerting getur gert börnum gott.

við okkur og óska eftir að fá prógrammið.“

Bókin Hjálparhendur: Vinsamleg snerting fyrir börn, er síðan hugsuð sem stuðningsefni við verkefnið. „Bókin er til sölu hjá okkur og í bókabúðum en hún endurspeglar hvernig verkefnið fer fram þó að hún sé ekki kennslubók.“

emilia@frettabladid.is

**Maternity**

Fyrir verðandi og nýbakaðar mæður.

- Neðanþvottaklútar fyrir þrútin og viðkvæm svæði
- Oliugel, eykur teygjanleika húðarinnar og er tilvalið til að nudda uppúr
- Næringarkrem sem eykur teygjanleika húðarinnar
- Fótakrem sem léttir á þrútnum fótum

Fæst aðeins í verslunum Lyf og heilsu og Árbæjarapóteki



Hundrað fyrstu orðin er með fallegum myndum af ýmsu úr umhverfi barna.

Hundrað fyrstu dýrin er með ljósmyndum af dýrum alls staðar að úr heiminum.

## Fallegar og fræðandi bækur fyrir lítil börn

**Unga ástin mín er ný íslensk bókaútgáfa sem gefur út bækur með ljósmyndum fyrir börn. Framkvæmdastjóri barnabókaútgáfunnar er Sara Hlín Hálfánardóttir.**

Sara segir að bókaútgáfan hafi orðið til vegna þess að henni hafi fundist vanta fleiri bækur með ljósmyndum fyrir börn á Íslandi. „Ég fór að panta bækur frá Ameríku í gegnum amazon fyrir tveggja ára son minn og þær voru svo frábærar að ég ákvað bara að þýða þær og gefa þær út hérna sjálf,“ segir hún.

Fyrstu sex bækurnar frá bókaútgáfunni koma út núna á föstudaginn næsta. „Þessar bækur eru allar í bókaflokki sem heitir Klár kríli og eru fyrir börn frá sex

mánaða aldri til svona sex ára. Þetta eru allt harðspjaldabækur, mjög vandaðar og mikið lagt upp úr því að þær séu litríkar og fallegar með nýlegum og nýstárlegum myndum af öllu mögulegu úr umhverfi barna.“

Sara segir að bækurnar muni fást í flestum bókaúðum og ýmsum verslunum. „Allar verslanir sem ég hef talað við hafa óskað eftir að fá bækurnar og mér finnst vera mikill metnaður fyrir því að vera með góðar barnabækur til sölu. Ég býst svo við að ég eigi eftir að bæta við fleiri bókum í svipuðum dúr strax á næsta ári.“

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér bækurnar geta farið inn á heimasíðuna, <http://www.ungastinmin.is> og skoðað bækurnar sem eru í boði.

*emilia@frettabladid.is*



Bækurnar eru litríkar og myndirnar liflegar og eru hugsaðar fyrir börn frá sex mánaða aldri.

## Uppáhalds barnabókin

### Lína og Bob Moran

„Astrid Lindgren er og hún leggur sig,“ segir Ævar Örn Jósepsson rithöfundur að bragði, inntur eftir eftirminnilegustu barnabókunum. „Og þar stendur Lína upp úr. Hún var á allan hátt stórkostleg. Skemmtilegheitin, grallaragangurinn og auðvitað frelsið var heillandi. Mann dreymdi svo sem um að búa á sínum eigin sjónarhóli með apa, þó ég hafi ekkert verið æstur í að eiga hest,“ segir Ævar og telur að hann hafi verið um átta til tíu ára gamall á þeim tíma sem Lína Langsokkur var honum efst í huga. Síðar fór hann að lesa bækurnar um Bob Moran sem voru til á heimili hans. „Ég gleypiti þetta í mig af miklum móð og fannst þetta feikilega skemmtilegt. Svo var ég reyndar að glugga í þetta um daginn og annað eins rusl hef ég nú sjaldan séð,“ segir hann kíminn.



## Nýtt nafn og útlit

**Verslunin Sipa á Laugavegi er eins árs í dag og hefur af því tilefni fengið nýtt nafn.**

Verslunin heitir nú Ligga lá en auk nafnabreytinganna hafa orðið talsverðar breytingar á búðinni sjálfri. Búíð er að opna niður á neðri hæð þar sem komið er kaffihorn, skiptiaðstaða og leiklaug fyrir minnstu börnin. Öll fjölskyldan getur því fundið eitthvað við sitt hæfi í versluninni og foreldrarir geta skoðað sig um í rólegheitum á meðan börnin leika sér í lauginni. - eð



Verslunin Sipa hefur verið þekkt fyrir Barbapabba-vörurnar sem þar fást.

## KULDAGALLARNIR KOMNIR



**BabySam**  
Skeifunni 8 - s. 568 2200 - Smáralind - s. 534 2200  
[www.babysam.is](http://www.babysam.is)

**allt** heimili  
Alla fimmtudaga

## Tilvalið til jólagjafa

### NÝTT Baby Art Magic Box

Með Kraftaverkaboxinu frá Baby Art geturðu gert mót af litlu höndunum eða fótunum sem vilja stækka svolítið ört.

100 % öruggt fyrir viðkvæma húð. Taktu mót og gefðu ömmu og afa!



### Baby Art Belly Kit

gefur þér möguleika á að skapa á fljótan og auðveldan hátt gifsafsteypu af óléttumaganum þínum. Ofnæmisprófað og 100% öruggt fyrir barnið. Hægt er að mála eða skreyta gifið eftir á.

### NÝTT Baby Art Fyrsta árið

Það nýjasta frá Baby Art er þessi rammi en þú setur inn mynd af barninu á mánaðar fresti allt til eins árs aldurs og átt þannig vel varðveitta minningu í ramma ásamt fótspori litla krílisins. *Margverðlaunað..*



Hamraborg 7, 200 Kópavogur • Sími: 564 1451  
[www.modurast.is](http://www.modurast.is) • Netfang: [modurast@modurast.is](mailto:modurast@modurast.is)  
Opnunartímar: 10 - 18 virka daga, 12 - 16 laugardaga



## Rammvillt lamb, önd og áll

Hótel Klaustur á Kirkjubæjarklaustri verður með rómuðu villibráðaveislur sínar þrjá næstu laugardaga.

Framundan eru miklar matarveislur á Hótel Klaustri þar sem Sigurður Daði matreiðslumaður

töfrar fram hvern réttinn á fætur öðrum. Má þar nefna paté, bæði gæsa- og hreindýra, reykt bleikju og grafinn og kofareyktan sjóbirtning; grafna gæs, rammvillt lamb, önd, ál, hreindýr og fleira og fleira sem of langt yrði að telja upp. Ómótstæðilegir eftirréttir fylgja með. Dansleikir eru öll kvöldin og sérkjör eru á gistingu.



Hótel Klaustur er í rólegu og rómantísku umhverfi.



Jón Örn Kristleifsson er annar fararstjóranna.

### útbúnaður }

#### ferðalugt

Verslunin Ljósín í bænum selur skemmtilegar ferðalugtir. Lugtinni svipar til gömlu oliulampanna í hönnun en er heldur nútímalegri þar sem hún notar rafhlöður og henni fylgir einnig þráðlaus fjarstýring sem kveikir og slekkur á lugtinni. Ferðalugtina má nota bæði inni og úti og gefur hún frá sér nokkuð góðan bjarma. Við hana má lesa inni í tjaldi eða þá spila kana úti undir berum næturhimni.



### KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimagisting á besta stað í bænum. Býður alla Íslendinga velkomna. Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

**4th floor hotel**  
Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is

**Vetrartilboð 1. nóvember - 1. maí**

1 manns herbergi	kr. 5.900
2ja manna herbergi	kr. 7.900
Hópar 10+	kr. 5.000 á mann
Helgarferð	kr. 14.000, 2 nætur í hjónaherbergi

Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð

4th floor hotel  
Laugarvegur 101  
Reykjavík  
Sími 511 3030  
Fax 511 3033  
4thfloorhotel.is

## Á slóðum þúsund og einnar nætur

Fuglaskoðunarferð er fyrirhuguð í janúar til hins fríðsæla lands Óman á Arabíuskaganum.

Ferdaklubbur.is stendur fyrir fuglaskoðunarferð til Óman frá 9. til 24. janúar í samvinnu við Fuglavernd og sænska ferðaskrifstofu. Fararstjórn verður í höndum þeirra Jóns Arnar Kristmundssonar og Jóhanns Óla Hilmarssonar sem fróðir eru um fugla. Gist verður á hótelinu Crown Plaza sem er fimm stjörnu hótél við ströndina.

Fuglalífið í Óman er óvenju fjölskrúðugt. Þar mætast fuglar úr þremur heimsálfum, Evrópu, Asíu og Afríku og alls hafa sést þar tæplega fimm hundruð tegundir. Þar má finna sjófugla, fjallafugla, eyðimerkurfugla og votlendisfugla. Í Dhofar-héraði, syðsta héraði Óman, þar sem við munum dvelja lengst af, er gróður og búsvæði óvenju fjölbreytt og þar er að finna talsvert af afrískum tegundum, sem hvergi finnast annars staðar í Asíu.

Óman er fagurt land. Þar eru hæstu fjöll Arabíuskagans og náttúran er fjölbreytt, allt frá eyðimörkum til gróðursælla vinja og skóglendis. Lofthiti er 25-30 gráður á daginn á veturna og sjávarhiti um 26 gráður. Sólin skín yfirleitt allan daginn. Strendurnar eru með fínkorna hvítum sandi. Ferðamennska er varla búin að slíta



Margs konar fagrir fuglar finnast í Óman. Þessir heita mandarínendur.

MYND/VALDIMAR HREIDARSSON

barnsskónum í Óman og íbúar þar eru opnir, forvitnir og jákvæðir. Sölumenn eru kurteisari en gengur og gerist í arabalöndum og betl er óþekkt. Ferðin sem hér um ræðir kostar 129.900 fyrir félagi í Fuglavernd og 134.900 fyrir aðra. Innifalið í verði er flug frá Arlanda til Salalah, gisting með morgunverði á fimm stjörnu hóteli, ferðir til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og leiðsögn í fuglaskoðunarferðum. Ferðin hefst semsagt á Arlanda flugvelli við Stokkhólm. Flugleiðir fljúga til Stokkhólms um morguninn en í bakaleiðinni stendur þannig á ferðum að nauð-



Gist verður á Crown Plaza sem er fimm stjörnu hótél við ströndina í Óman.

AF WWW.FERDAKLUBBUR.IS

synlegt er að gista í Stokkhólmi. Frekari upplýsingar um ferðina er að finna á www.ferdaklubbur.is

exit.is

#### // Starfsþjálfun í Evrópu

Austurríki, Spánn, Frakkland, Ítalía, Malta, Þýskaland, Bretland og Írland. Ef þú ert á aldrinum 18 – 30 ára er starfsþjálfun góð leið til þess að læra tungumál, öðlast starfsreynslu og kynnast ólíkri menningu. Hægt er að sækja um Leonardo da Vinci styrk sem rennur til greiðslu á hluta kostnaðar.

allt  
bílar

Alla laugardaga



Einn tíundi hluti nemenda Flensborgarskólans er í kórnum. Hér syngur kórinn þegar ný bygging skólans var tekin í notkun í haust.

## Kór Flensborgarskólans hefur getið sér gott orð

Í Flensborgarskólanum er starfræktur myndarlegur kór. Hrafnhildur Blomsterberg veitir kórnum forstöðu.

„Ég tók fyrst við kórnum fyrir tutugu og tveimur árum, tók mér svo hlé og kom aftur til starfa fyrir tíu árum. Kórinn hefur auðvitað þroskast mikið á þessum árum og nú eru áttatíu nemendur í honum. Kórinn býr nú loksins við góða aðstöðu til æfinga og tónleikahalds eftir að nú viðbygging var tekin í notkun í haust við skólann með nýjum og glæsilegum tónleikasal.“

Hrafnhildur telur það ekki vafamál að það er meinhollt fyrir unglunga að vera í kór „Þau læra að njóta tónlistar og hlusta á annan hátt en áður, tileinka sér öguð vinnubrögð og læra að vinna í hóp. Þá er félags- og forvarnargildi mjög mikið. Margir eignast vini fyrir lífstíð og sumir velja sér tónlist að ævistarfi. Svo verða margir kórfélagar miklir og góðir vinir mínir.“

Kór Flensborgarskólans hefur komið víðar við en bara í Hafnarfirði. „Við höfum ferðast töluvert um Ísland og haldið tónleika, heimsótt aðra skólakóra og tekið þátt í kóramótum. Svo höfum við tekið þátt í mótum og kórakeppnum erlendis og ferðast til Kanada, Norðurlandanna, Þýskalands, Ítalíu, Spánu, Bandaríkjaanna og Eistlands. Nú síðast í vor fórum við til Svíþjóðar á menningarvöku á vegum íslenska sendiráðsins.“

Hrafnhildur segir Hafnfirðingarnar áhugasama um kórinn og yfirleitt uppselt á tónleika. „Hér er mikill áhugi á kórstarfinu og bærinn og hin ýmsu fyrirtæki styrkja kórinn til starfa. Skólafyrirvöld og kennarar við skólann veita líka ómetanlegan stuðning.“

Hrafnhildur segir það alltaf



Hrafnhildur Blomsterberg er stjórnandi Kórs Flensborgarskólans.

erfitt að kveðja kórfélaga sem útskriftast úr skólanum en nóg er af söngelskum ungmönnum í Hafnarfirði og maður kemur í tíu prósent af nemendum við skólann í kórnum og með stærri skóla væri hægt að taka fleiri inn. En við náum aldrei að taka inn nema fimmtíu til sextíu prósent af þeim sem sækja um, því miður.“

En hvað er nú framundan hjá þessum afkastamikla kór?

„Það er ýmislegt. Hið árlega

Vinakvöld á aðventu verður 16. desember. Þá bjóðum við til jólaveislu með kaffihlaðborði og tónlistarveislu. Núna fáum við í fyrsta sinn utanaðkomandi listamenn með okkur en það verða þau Páll Óskar og Mónica. Árið framundan verður síðan annasamt því þá heldur Flensborgarskólinn upp á 125. skólaár sitt.“

Tónelskandi Hafnfirðingar, og aðrir auðvitað líka, geta því farið að hlakka til.

brynhildur@frettabladid.is

## Aukinn áhugi á gull- og silfursmíði

Aðstaða til kennslu í gull- og silfursmíði í Iðnskólanum í Reykjavík hefur verið aukin og bætt.

„Nú geta nemendur byrjað í gullsmíði án þess að vera komnir á samning hjá meistara og það breytti mjög miklu,“ segir Harpa Kristjánsdóttir sem er brautarstjóri og lýsir fyrirkomulaginu nánar. „Nú eru fjöldatakmörkanir við lýði þannig að tólf nemendur mega byrja á hverju ári og sex af þeim sem fá hæstu einkunn halda áfram. Þessar reglur tóku gildi í fyrrahaust og því eru átján nemendur í brautinni í vetur. Kraftmiklir og duglegir.“ Harpa segir áhuga á faginu augljóslega mikinn.

„Mig minnr ég hafi verið að velja úr 48 manns síðastliðið vor inn í deildina og það var ekki auðvelt.“

Með aukinni aðsókn þurfti að stækka deildina til muna og segir Harpa um fjórföldun á stærð húsnæðis að ræða, auk þess sem tækjakostur hafi verið aukinn. „Við vorum með litla og ófullkomna aðstöðu sem verið er að bæta verulega. Núna er rými fyrir tólf nemendur í verklegri vinnu en var átta áður. Húsnæðið er tvíset þar sem nemendurnir eru átján.“

Gull- og silfursmíði er tveggja ára nám til að byrja með í Iðnskólanum. Síðan þarf fólk að komast á samning hjá meistara annað hvort héraðs eða erlendis og svo er fimmta önnin í lokin í Iðnskólanum.

- gun



Harpa Kristjánsdóttir gull- og silfursmiður er brautarstjóri í Iðnskólanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ímynd sköpuð með tölvupósti

Margrét Reynisdóttir markaðsfræðingur heldur stutt námskeið í tölvupóstsskrifum.

„Það er oft brestur á að vel sé að verki staðið þegar fólk er að senda tölvupóst en það skiptir miklu máli hvernig ímynd við sköpum með skrifum okkar, einkum ef við skrifum úr tölvu á vinnustað,“ segir Margrét. Hún bendir á að stór fyrirtæki eyði fúlgum fjárf í myndarsköpun en gleymi að leggja áherslu á að starfsfólki sé kurteist í tölvupóstsskrifum sínum. „Fólk heilsar hvorki né kveður og lætur frá sér fara fullt af stafsetningarvillum. Ég bendi á

tíu algengustu mistökin sem fólk gerir í tölvupóstssamskiptum og kenni ráð við þeim, allt á einum og hálfum tíma,“ tekur hún fram.

Mikil ásókn hefur verið í tölvupóstssamskiptanámskeiði Margrétar hjá Þekkingarmiðlun og Iðntæknistofnun er einnig með þjónustunámskeið sem hún heldur. Einnig er hægt að panta námskeið beint hjá henni á KAXMA@vortex.is.

„Það eru allir að senda tölvupóst og við höfum tækifæri til að vanda okkur betur,“ segir Margrét Reynisdóttir markaðs- og stjórnunarfræðingur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## Pau hafa lengt sinn sólarhring!

„Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning.“  
Inger, 24 ára Sjúkralíði og nemi.  
„...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuþrófinu í læknadeild í vor.“  
Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.  
„...hvergi áður náð jafn hárrí ávöxtun á tímasparnað ...“  
Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviþyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**TILBOÐ!! KB Námsmenn og Mastercard korthafar**

Nýtt!! 3. vikna hraðnámskeið 10. nóv.

Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin á [www.h.is](http://www.h.is) og í síma 586-9400



VR og fleiri stéttarfélag styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á [visir.is](http://visir.is) ]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000  
[smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA  
HELGAR

8-18  
11-16

Leitaðu ekki lengra. Erum með rétta bílinn fyrir þig!

BÍLASALAN

 DIESEL.is

# HÖFÐAHÖLLIN

Sími: 567-4840/660-0565

Opið virka daga frá kl. 10:00-19:00 og laugardaga frá kl. 12:00-17:00



M BENZ VITO 111 CDI Árgerð 2006. Ekinn 0 þ.km þúsund km. Áhvilandi kr. 2970 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 45 þúsund. Verð kr. 3750.000.



Audi A6 Quattro Árgerð 2004. Ekinn 60 þ.km. Áhvilandi kr. 4.500 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 71 þúsund. Verð kr. 6.290.000.



BMW 745 E65 árgerð 2002. Ekinn 101 þ. km. Áhvilandi kr. 5.100 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 80 þúsund. Verð kr. 6150.000.



Jeep Grand Cherokee Limited, árgerð 2006. Ekinn 0 þ.mílur. Verð kr. 4990.000.



Toyota Land Cruiser 100 Árgerð 1999. Ekinn 152 þ.km þúsund km. Verð kr. 3290.000.



VW Polo Highline, árgerð 2003. Ekinn 67 þ.km þúsund km. Áhvilandi kr. 900 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 15 þúsund. Verð kr. 1250.000.



MMC Pajero DID 33" Árgerð 2001. Ekinn 99 þús. km. Áhvilandi kr. 2.900 þús., mánaðarleg afborgun kr. 55 þús. Verð kr. 3.440.000.



BMW 530 Touring Diesel Árgerð 2001. Ekinn 148 þ. km. Áhvilandi kr. 2.000.000, mánaðarleg afborgun kr. 40 þúsund. Verð kr. 2990.000.



Ford Explorer Sport TRAC 4WD, árgerð 2001. Ekinn 69 þ. mílur. Áhvilandi kr. 1.000 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 27 þúsund. Verð kr. 1690.000.



Range Rover Vogue, árgerð 2005. Ekinn 35 þ.km. Áhvilandi kr. 6500 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 90 þúsund. Verð kr. 10500.000.



Volvo XC90 Árgerð 2004. Ekinn 65 þ.km þúsund km. Áhvilandi kr. 1841 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 35 þúsund. Verð kr. 3990.000.



BMW 523i Árgerð 2000. Ekinn 170 þ.km þúsund km. Áhvilandi kr. 1540 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 58 þúsund. Verð kr. 1880.000.



BMW 320DAT Diesel árgerð 2004. Ekinn 131 þ. km. Verð kr. 2990.000.



Chevrolet Silverado 2500 4X4, árgerð 2005. Ekinn 8 þ.km þúsund km. Áhvilandi kr. 3100 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 47 þúsund. Verð kr. 3900.000.



Jeep Grand Cherokee Árgerð 2001. Ekinn 92 þ. km. Verð kr. 2190.000.



Renault Laguna Break, árgerð 2002. Ekinn 90 þ. km. Verð kr. 1.390.000.



MMC L200 Dakar, árgerð 2006. Ekinn 1 þ.km. Verð kr. 3190.000.



Toyota Avensis S/D Terra, árgerð 2001. Ekinn 72 þ.km. Verð kr. 950.000.

Höfðahöllin  
Klettháls 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
[www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is)

Höfðahöllin  
Klettháls 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
[www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is)

Höfðahöllin  
Klettháls 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
[www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is)

Höfðahöllin  
Klettháls 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
[www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is)

Höfðahöllin  
Klettháls 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
[www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is)

Höfðahöllin  
Klettháls 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
[www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is)



CHRYSLER ASPEN  
Árgerð 2007. Ekinn 0 þ.km  
Verð kr. 5900.000.



M BENZ CLS  
320 CDI Árgerð 2006.  
Ekinn 2 þ.km þúsund km.  
Verð kr. 10.900.000.



DODGE NITRO  
Árgerð 2007. Ekinn 0 þ.km  
þúsund km. Verð kr. 4890.000.

Klettháls 2 [www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is) [www.diesel.is](http://www.diesel.is)

**GLITNIR**  
FJÁRMÖGNUN

– augljós kostur við bílakaup

Sími 440 4400 · [www.glitnirfjarmognun.is](http://www.glitnirfjarmognun.is)







# SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER, Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.



# GRAND VITARA



Hugbók Okt. 06

Verð frá 2.790 þús.

Grand Vitara er glæsilegur og vandaður jeppi framleiddur í Japan af Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda heims, framleiðanda sem hefur áratuga reynslu í hönnun og framleiðslu á notendavænum og sparneytnum fjórhjóladrifsbílum og jeppum.

Grand Vitara er fullbúinn jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur. Undir glæsilegri yfirbyggingunni leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi.

Öryggisbúnaðurinn er eins og best gerist. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftþúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnasólafestinga eru staðalbúnaður.

Síðast en ekki síst gera einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara aksturinn ánægjulegan hvort sem ekið er í borgarumferðinni eða upp á fjöllum.



**SUZUKI**  
...er lífsstíll!

Suzuki bílar hf. Skeifunni 17. Sími 568 51 00. [www.suzukibilar.is](http://www.suzukibilar.is)

## Ýsan sjaldan dýrari

Meðalverð á fiski hækkaði um 3 krónur á kíló á fiskimörkuðum landsins í síðustu viku. Á mörkuðum seldust 1.421 tonn af fiski og var meðalverðið 161,88 krónur á kíló. Í vikunni á undan var kílóverðið mjög hátt og því ljóst að verðið er í hæstu hæðum.

Ýsan var líkt og fyrri vikur mest selda tegundin. Í boði voru 507 tonn og fékkst 169,61 króna meðalverð fyrir slægða ýsu. Til



ÝSA Meðalverð á ýsu og þorski hækkaði talsvert á milli vikna á fiskmörkuðum í síðustu viku.

samanburðar fengust 167,54 krónur á kíló vikuna á undan.

Framboð af þorski var með alminnsta móti. Verðið var hins vegar mjög hátt. 321 tonn af þorski seldist á mörkuðunum og fékkst 257,92 króna meðalverð fyrir kíló af slægðum þorski sem er tæplega 6 króna hækkan á milli vikna. - jab

## Fasteignasalar og Bleika slaufan

Ásdís Ósk Valsdóttir, löggiltur fasteignasali, og Hafdís Rafnsdóttir, sölufulltrúi hjá fasteignasölu RE/MAX Mjódd, hafa ákveðið að taka þátt í árveknisátakinu Bleika slaufan, átaksverkefni Krabbameinsfélagsins og Samhjalpar kvenna, til að vekja athygli á baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Þátttakan felst í því að þær láta ákveðinn hluta af sölubókunum í október renna til málefnsins.

Með þessu vilja þær Ásdís og Hafdís vekja athygli á baráttunni gegn brjóstakrabbameini og afla fjár til þessa mikilvæga málefns því sjúkdómurinn snertir allar fjölskyldur. Ef vel gengur telja



STYÐJA BLEIKU SLAUFUNA Tveir starfsmenn hjá fasteignasölu RE/MAX Mjódd láta hluta af sölubókun sinni renna til Bleiku slaufunnar í október.

þær líkur á að fleiri sölumenn taki þátt í verkefninu á næsta ári. - jab

## Umfangsmesti viðskiptasamningurinn til þessa

Hoyvikssamningurinn milli Íslands og Færeyja, sem tekur gildi í dag, er umfangsmesti viðskiptasamningur sem við höfum gert við aðra þjóð.

„Samningurinn tekur til alls sem viðkemur Evrópska efnahagssvæðinu að viðbættu fullu frelsi varðandi landbúnaðarafurðir,“ segir Friðrik Jónsson, sendiráðunautur á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Færeyjar standa utan við tollabandalag Evrópusambandsins en Ísland er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu og hafa því ákveðnar hindranir staðið í vegi „fjórfrælsisins“ milli landanna, en í því felst frjáls flutningur á vöru, þjónustu, fjármagni og fólki. Með Hoyvikssamningnum kemst þar á fullt frelsi.



ÞÓRSHÖFN Í FÆREYJUM Með nýjum samningi við Færeyinga eru þeir skilgreindir sem Íslendingar með tilliti til atvinnulífs og öfugt.

Þá er ljóst að Færeyjar eru mikilvægt markaðssvæði fyrir Ísland og stærsti markaður okkar fyrir landbúnaðarafurðir utan landsteinana. Þannig er útflutningur það sem af er þessu ári til Færeyja um það bil þrefalt meiri en til Finnlands, samkvæmt tölum Hagstofunnar, heldur meiri en til Svíþjóðar. Þá er þess vænt að nýi samningurinn ýti enn frekar undir viðskipti milli landanna. - ók

## Áhætta fylgir frekari stóriðjuframkvæmdum

Talsverð áhætta fylgir því að fara í frekari stóriðjuframkvæmdir áður en hagkerfið hefur náð að jafna sig eftir yfirstandandi framkvæmdir, eins og bent er á í nýrri Haustskýrslu hagdeildar Alþýðusambands Íslands. „Það myndi vissulega leiða til hærri hagvaxtar tímabundið en fórnarkostnaðurinn gæti orðið mikill,“ segir þar. Ekki er þó útilokað að hægt sé að fara í frekari stóriðju í umfjöllun Alþýðusambandsins, heldur áréttað að skynsamlega þurfi að standa að tímasetningu þeirra og framkvæmd.

Í skýrslunni er borin saman grunnspá með svokölluðum jafn-



Á ÁRSFUNDI ASÍ Hagdeild Alþýðusambandsins segir að ef vandað sé til verka kunni frekari stóriðja að vera hagkerfinu lyftistöng, en baggi að öðrum kosti. MARKAÐURINN/GVA

vægishagvexti og svo aftur fráviksspá þar sem tekin eru inn í myndina áhrif af frekari stóriðjuframkvæmdum, svo sem stækkun Alcans í Straumsvík, báðum áföngum byggingu

álvers Norðuráls í Helguvík og mögulegu nýju álveri Alcoa við Húsavík.

Í grunnspánni gengur verðbólga hratt niður í lok núverandi þensluskeiðs og verður komin að 2,5 prósentu markmiði Seðlabankans á þarnaesta ári um leið og stýrivextir lækka hratt. Í fráviksdæminu er hins vegar ráð fyrir því gert að verðbólguþrýstingur vaxi árið 2008 og stýrivextir fari yfir fjórtán prósent ári síðar, en Seðlabankanum tækist þrátt fyrir það ekki að halda verðbólgu í skefjum sem verði um sex prósent undir lok fyrri fjárfestingarlotu árið 2010. - ók

## Álagning og framlegð hækkar hjá Högum

Félagið fer úr rekstrartapi í rekstrarhagnað. Framlegð í matvöru enn óviðunandi. Baugur hefur keypt hlut Stoða í Högum.

Eggert Aðalsteinsson  
skrifar

Grunnrekstur Haga, stærsta verslunarfyrtækis landsins, batnaði töluvert á fyrri hluta reikningsársins samanborið við sama tíma í fyrra. Félagið tapaði 121 milljón króna á tímabilinu 1. mars til loka ágúst á móti 708 milljóna króna tapi árið áður. Aftur á móti skilaði félagið rekstrarhagnað fyrir afskriftir (EBITDA) upp á rúman einn milljarð króna á móti 131 milljóna króna rekstrartapi fyrir afskriftir í fyrra.

Á síðasta ári hafði verðstríð á matvörumarkaði neikvæð áhrif á rekstur Haga en greina má þess merki að rekstur stórmarkaða fari batnandi þótt stjórnendur Haga telji framlegð af matvörurekstri enn vera óviðunandi.

Framlegð nam 5.639 milljónum króna og hækkaði um þriðjung á milli ára en hlutfall framlegðar af sölu hækkaði úr 21,2 prósentum í 25,4 prósent. Meðalálágning hækkaði um 7,2 prósentustig og nam 34 prósentum.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, er nokkuð sáttur með afkomu félagsins í heildina en bendir á að framlegð í hittifyrri hafi verið betri í en í ár. „Það er ljóst að enn er mikil samkeppni í gangi á matvörumarkaði og sumar mjólkurvörur eru seldar undir kostnaðarverði. Framlegð í matvörunni er til lengri tíma ekki viðunandi.“

Í sérvörunni lýtur reksturinn allt öðrum lög málum, þar sem varan er jafnan dýrari. Hagar fjárfestu grimmt í sérvöruverslunum í Kringlu

### FRAMLEGÐ OG ÁLAGNING HJÁ HÖGUM 2004-2006\*

	2006	2005	2004
Framlegð í hlutfalli af sölu	25,4%	21,2%	26,6%
Meðalálágning **	34,0%	26,8%	36,2%

\* Miðað við tímabilin 1. mars - 31. ágúst

\*\* Sala/Kostnaðarverð seldra vara



GRUNNREKSTUR HAGA, SEM REKA BÓNUS-KEÐJUNA, BATNAR VERULEGA Á MILLI ÁRA Afkoma af matvörumarkaði er enn óviðunandi að mati stjórnenda félagsins. MARKAÐURINN/SIGURÐUR JÓKULL ÓLAFSSON

og Smáralind fyrr árinu og gengur að sögn Finns ágætlega að samþætta rekstur þeirra við rekstur Haga. „Við teljum okkur vera með eitt besta safn vörumerkja í smásölurekstri sem við getum hugsað okkur.“

Velta Haga, sem samanstendur meðal annars af Bónusi, Hagkaupum, Debenhams, nam 22,2 milljörðum króna á fyrri hluta reikningsársins og jókst um ellefu prósent á milli ára.

Finnur telur ljóst að samkeppni muni aukast á öllum sviðum verslunar á næstu árum vegna þess mikla framboðs sem verður á verslunarrými á næstu misserum. Fyrirtækið Hagar tekur sjálft aðeins lítinn hlut í þessari aukningu en hugmyndir eru uppi um að færa og breyta Hagkaupsverslunum á Akureyri, í Garðabæ og á Seltjarnarnesi.

Baugur á stærstan hlut í Högum, um 73 prósent en félagið keypti um fjórðungshlut af Fasteignafélaginu Stoðum fyrr á árinu. Aðrir eigendur Haga eru félög í eigu Jóhannesar Kristinssonar og Pálma Haraldssonar.

# Sparnaður eftir þínum nótum

Ávöxtunarsafnið –23,90% ávöxtun

Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 01.01. 2006 til 01.10. 2006.

Skuldabréfasjóðir  
25%

Hlutabréfasjóðir  
75%

**SPRON**  
VERÐBRÉF

# LOEWE.

## Benzinn í sjónvörpunum.

Í nýjustu línunni frá LOEWE ná saman sjónvarpstækni framtíðarinnar og áratuga reynsla LOEWE af gæðum og vandvirkni. Þau eru framleidd í Þýskalandi eftir ströngustu gæðakröfum. Sígid hönnun, nýjasta tækni og þekktur áreiðanleiki LOEWE tækjanna tryggja þér bestu myndgæði og áralanga endingu.



LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands.



### LOEWE Concept

Concept línan tekur brot af því besta úr Xelos og býður hin einstöku LOEWE gæði á áður óþekktu verði.

Fáanleg silfurgrá eða steinsvört með fallegri háglans áferð.

HD-Ready tækni með stæfrænni HDMI tengingu og innbyggðum DVB-T/C stafrænum sjónvarpsmóttakara.

LOEWE Assist+ gerir tækið einfalt og þægilegt í notkun.

Sound+ hljóðkerfi með CRX surround hljómi.

**LOEWE Concept 32" SE**  
**Tilboðsverð: 199.900.-**

Listaverð: 239.900.-

### LOEWE Xelos

Vandaður frágangur og falleg hönnun – fáanlegt platinugrátt eða steinsvart. HD-Ready, tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækninnar.

Image+ tækni eykur skerpu, mýkir hreyfingar og gefur bestu myndgæði sem völ er á. HDMI tenging og innbyggður DVB-T/C stafrænn sjónvarpsmóttakari. Loewe Assist+ gerir tækið einfaldara og þægilegra í notkun. Kraftmikið Sound+ hljóðkerfi gefur frábær hljómgæði.

**LOEWE Xelos 32" SE**  
**Tilboðsverð: 259.900.-**  
Listaverð: 359.800.-

FYLGIR MED

### Loewe Centros 1202

Hágæða DVD upptökutæki – verðlaunað fyrir fallega hönnun, viðmót og notagildi. Tekur upp á og les allar gerðir DVD diska og tónlistardiska, styður öll kerfi, DivX, MP3, JPEG o.m.fl. Að auki innbyggður 9-inn minnikortalesari fyrir ljósmyndir og tónlist. Frábær viðbót við LOEWE sjónvarpstækið – á sömu fjarstýringu.

LOEWE sjónvörp eru margverðlaunuð fyrir afburða gæði og hönnun.

LOEWE leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun.



reddot design award  
winner 2006



EISA Awards – Virtustu fagverðlaun Evrópu.



### LOEWE Individual

Individual línan frá LOEWE tekur alla tæknilega kosti Xelos tækjanna og sameinar þá einstakri hönnun og nýrri hugsun. LOEWE Individual er hannað til að falla að þínum aðstæðum, þínum vilja og þínum lífsstíl.

Fallegur háglans árammi og glerhlíf yfir skjá. Fáanlegt í mörgum litasamsetningum, með útskiptanlegum hliðarrömmum. Fjölbreyttir upphengimöguleikar, s.s. gólfstandar, lofffesting, súlufesting og veggfesting.

Einnig til í mjög takmörkuðu upplagi með ekta Swarovski-kristölum í hliðum, innbyggðum hörðum disk til upptöku og rafdrifnum snúningsfæti.

**LOEWE Individual 32" SE**  
**Tilboðsverð: 314.900.-**

Listaverð: 349.900.-

LOEWE sjónvörp eru afar glæsileg, hvernig sem á þau er litið.

# ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | AKUREYRI | KEFLAVÍK  
SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 421 1535

## Falspeningar frá Norður-Kóreu

Niðurstöður nýlegrar skýrslu á vegum bandaríska fjármálaráðuneytisins benda til, að falsaðir peningaseðlar fyrir 70 milljónir bandaríkjadala, jafnvirði 4,8 milljarða íslenskra króna, séu í umferð í Bandaríkjunum. Seðlarnir eru flestir prentaðir í Kólumbíu og Norður-Kóreu en falsarar í Búlgaríu hafa tekið að falska evrur í meira mæli en áður.

Í skýrslunni segir að líklegt sé að ódýrari tækjabúnaður geri peningafölsurum auðveldara fyrir.

Þá segir ennfremur að bandaríska leyniþjónustan (CIA) hafi rakið slóð peningafalsara í flestum tilvikum til Norður-Kóreu og er talið, að fölsun dollaraseðla og dreifing þeirra fari fram með vitund stjórnvalda. - jab

**FALSAÐIR MILLJÓNDALA SEÐLAR** Flestir falsaðir dollaraseðlar koma frá Norður-Kóreu og Kólumbíu. MARKAÐURINN/LÖGREGLUSTJÓRAEMBÆTTIÐ



## Lítill hagnaður hjá Volkswagen

Hagnaður þýsku bílasmiðjunnar Volkswagen, eins stærsta bílaframleiðanda Evrópu, dróst saman um heil 92 prósent á milli ára á þriðja fjórðungi þessa árs. Ekki er um samdrátt í sölu að ræða heldur aukinn kostnað vegna hagræðingar í rekstri og lífeyrisskuldbindingar.

Volkswagen skilaði 23 milljóna evra hagnaði á tímabilinu. Það svarar til tveggja milljarða íslenskra króna. Á sama tíma fyrir ári var hagnaðurinn hins vegar 282 milljónir evra eða 24,3 milljarðar króna. Þrátt fyrir gríðarlegan samdrátt er afkom-

an fjórum milljónum evra eða rétt rúmlega 345 milljónum króna betri en greiningaraðilar höfðu búist við.

Sala á öllum gerðum bíla sem Volkswagen framleiðir jókst að meðaltali um sjö prósent á tímabilinu; um 10,3 prósent í Bandaríkjunum og Evrópu en um 28 prósent í Kína, sem er talsvert yfir væntingum greiningaraðila. Á meðal bíla Volkswagen eru Skoda, Audi, Bentley og

rándýru sportbíllarnir Lamborghini að ótöldum Volkswagenbílum.

Fyrirtækið hefur lagað mikið til í rekstri sínum líkt og kollegar þess í Bandaríkjunum en þegar hafa 20.000 starfsmenn bílasmiðjunnar samþykkt starfslokasamning og ákveðið að fara fyrir á eftirlaun en ella. - jab



**VOLKSWAGEN BJALLA** Hagnaður Volkswagen dróst saman um 92 prósent á þriðja fjórðungi ársins þrátt fyrir aukna sölu á bílum.



**ERMARSUNDSLESTIN** Rekstrarfélag ganganna undir Ermarsundi ætlar að stofna nýtt félag til að tryggja reksturinn. MARKAÐURINN/AFP

## Eurotunnel bjargar sér frá gjaldþroti

Rekstrarfélag Eurotunnel, ganganna á milli Bretlands og Frakklands undir Ermarsundi, hefur kynnt nýjar tillögur sem eiga að bæta skuldastöðu félagsins og koma í veg fyrir gjaldþrot. Skuldir rekstrarfélagsins nema 6,2 milljörðum punda, jafnvirði um 798 milljörðum íslenskra króna.

Skuldirnar eru að mestu tilkomnar vegna minni farþegafjölda í hraðlestinni á milli Bretlands og Frakklands en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Rekstrarfélagið, sem er tvítugt á árinu, var sett í greiðslustöðvun í Frakklandi vegna gríðarlegra skulda fyrir þremur mánuðum og eiga nýju tillögunar að koma í

veg fyrir gjaldþrot. Samkvæmt þeim verður nýtt félag, Groupe Eurotunnel, myndað um rekstur ganganna og munu núverandi hluthafar eiga þrettán prósent í því að lágmarki.

Hluthafar munu kjósa um tillöguna á hluthafafundi í lok þessa mánaðar.

Þá kveða hagræðingartillögunar ennfremur á um að nýja félagið taki sambankalán til langs tíma hjá meðal annars Goldmans Sachs, Deutsche Bank og Citigroup fyrir 2,84 milljarða punda eða 322,7 milljarða íslenskra króna með það fyrir augum að kaupa hluti í rekstrarfélagi Eurotunnel af hluthöfum og greiða útistandandi skuldir. - jab

## Indverska vísitalan slær met

Indverska hlutabréfavisitalan Sensex sló met í upphafi vikunnar þegar hún rauf 13.000 stiga múrinn, sem er sögulegt hámark.

Hlutabréfavisitalan féll snögglega um mitt ár í indversku kauphöllinni eftir viðvarandi hækkanir og fór niður fyrir 9.000 stiga markið. Gengið jafnaði sig síðan hægt og bíandi. Hún rauf 12.000 stiga múrinn við lok síðasta mánaðar og stefndi hraðbyri að 13.000 stigum. Virðist fátt benda til að hún sé á niðurleið á nýjan leik.

Greiningaraðilar telja þó líkur



**ÚR INDVERSKU KAUPHÖLLINI** Indverska hlutabréfavisitalan Sensex hefur hækkað talsvert frá því að hún fór niður fyrir 9.000 stig um mitt ár. MARKAÐURINN/AFP

á einhverri lækkingu því margt bendi til að fjárfestar innleysi hagnað þegar hlutabréfavisitalan stendur jafn hátt og nú. - jab

## Milljónamæringar borga vel fyrir hús

Fólki sem getur varið 130 milljónum til húsnæðisakaupa hefur fjölgað mikið í Bretlandi síðustu ár.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Húsnæðisverð í Bretlandi hefur hækkað mikið síðasta áratuginn, ekki síst þær fasteignir sem eru á eftirsóttum stað. Sérfræðingar búast við að það muni hækka enn frekar á næstu árum og segja húsnæðisakaup milljónamæringa í fjármálagæiranum helstu ástæðu fyrir mikilli hækkun í höfuðborginni.

Fasteignaverð hefur næstum þrefaldast í verði í landinu á síðustu tíu árum sem er langt umfram helstu hagtvölur en meðaltalshækkunin nemur 187 prósentum. Höfuðborgin hefur vinninginn í hækkanakeppninni en hún nemur 240 prósentum á þessu tíu ára tímabili.

Breska ríkisútvarpið hefur eftir fasteignasölum þar í borg að fasteignaverðið geti farið enn hærra og jafnvel tvöfaldast á næsta ári. Ástæðan fyrir hækkuninni er stórbættur hagur hóps fólks sem fái árangurs tengd laun og bónusgreiðslur hjá fjármálafyrirtækjum, sem sé tilbúið til að greiða hátt verð



**DÝRSTA HÚS LUNDÚNA** Húsnæðisverð hefur hækkað mikið í Bretlandi síðastliðinn áratug. Indverskættaði stálkóngurinn Lakshmi Mittal, einn ríkasti maður Bretlands, reiddi fram tæpa sautján milljarða króna fyrir þetta hús í vestrhluta Lundúna fyrir tveimur árum. Um metverð var að ræða. MARKAÐURINN/AFP

fyrir fasteign á góðum stað. Bónusgreiðslur og árangurstengd laun hafa aukist mikið í fjármálagæiranum síðustu árin. Greiðslurnar hækkuðu um 18,3 prósent á þessu ári og námu 8,8 milljörðum punda eða rúmum 1.100 milljörðum króna. Í könnun Viðskipta- og hagfræðimiðstöðvar Lundúna í Bretlandi var greint frá því á dögnum að um 4.200 manns hljóti milljón

pund, rúmar 130 milljónir króna eða meira, í greiðslur sem þessar um næstu jól.

Fasteignasalarnir segja fólkið nýta fjármuni sína í auknum mæli til húsnæðisakaupa í stað þess að leigja. Það horfi helst til fasteigna miðsvæðis í Lundúnum, en það hefur þær afleiðingar að framboð á leiguhúsnæði í miðborginni hefur minnkað mikið.

## Peugeot innkallar bíla í Danmörku

Frönsku bílaframleiðendurnir hjá Peugeot hafa ákveðið að innkalla 10.500 bíla af gerðinni Peugeot 307 í Danmörku vegna galla í bremsukerfi. Bílarnir, sem voru framleiddir á árunum 2003 til 2005, eru á meðal mest seldu bíla í Danaveldi.

Eigendum bílanna hefur verið greint frá gallanum og geta þeir farið með þá til umboðsaðila í Danmörku, sem mun kanna bremsukerfið, en það á að gera ökömunnum kleift að hafa góða stjórn á bílum sínum við slæmar aðstæður, svo sem í hálfu.

Að sögn Jens R. Andersen,



**PEUGEOT 307** Raki í Danmörku er talinn valda skammhlaupi í bremsukerfi Peugeot 307 bílanna.

talsmanns Peugeot í Danmörku, er bílunin rakin til raka í loftslagi, sem geti valdið skamm-

hlaupi í bremsukerfi bílanna með þeim afleiðingum að eldur getur komið upp í þeim.

Andersen vissi ekki til þess að bílarnir hefðu verið innkallaðir í öðrum löndum. „Vandamálið tengist dönsku veðurfari, raka og salti sem dreift er á danska vegi að yfurlagi,“ sagði hann.

Í júní í fyrra innkallaði Peugeot sextíu þúsund bíla á Norðurlöndunum í kjölfar þess að eldur kom upp í níu bílum. Fyrirtækið sagði ástæðuna fyrir bílun í bílunum vera kulda á Norðurlöndunum og salt sem sett sé á vegi til varnar hálfu. - jab

# Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is





Jói  
Fel

## Fundar- og veislupjónusta að hætti Jóa Fel

Ekta ítalskar snittur, skáskornar og grillaðar. Eingöngu hjá Jóa Fel!



- allt eftir óskum viðskiptarvinarins

Kleppsvegi 152  
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.  
Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.

Pantanir í síma:  
**588 8998**



**VIÐ KYNNINGU Á ÁRSFJÓRDUNGS-  
UPPGJÖRI STRAUMS-BURÐARÁSS**  
Nick Barton, einn stofnenda Stamford  
Partners sem Straumur-Burðarás keypti  
nýverið 51 prósent hlut í, kynnti starf-  
semi félagsins á fundinum.  
Nánar er fjallað um Stamford  
Partners á blaðsíðu 19.

## Straumur-Burðarás heldur sinni stefnu

Uppgjör Straums-Burðaráss fyrir þriðja ársfjórðung var vel undir væntingum greiningardeilda. Litið til fyrstu níu mánaða árs-  
ins er afkoman þó mjög góð og hefur margt áunnist í rekstri bankans á undanförunum mánuðum. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*  
hitti **Friðrik Jóhannsson** forstjóra og **Guðmund Þórðarson**, framkvæmdastjóra fyrirtækisviðs Straums-Burðaráss, og forvitn-  
aðist um framtíðarsýn félagsins og stemninguna undir stjórn þriggja af stærstu fjárfestum landsins.

Eftir mikil átök á öðrum fjórðungi þessa  
árs leið sá þriðji að því er virtist átaka-  
laust í Straumi-Burðarási. Félagið skilaði  
á dögnum ársfjórðungsuppgjöri sem var  
vel undir þeirri niðurstöðu sem grein-  
ingardeildir bankanna áttu von á að sjá.  
Hagnaðurinn var einn og hálfur milljarð-  
ur en gert hafði verið ráð fyrir hagnaði á  
bilinu 5 til 5,3 milljarða króna.

Friðrik Jóhannsson, forstjóri Straums-  
Burðaráss, segir afkomuna ekki valda  
sér neinu hugarangri. „Horft til þessa  
þriggja mánaða skýrist niðurstaðan að  
öllu leyti af sveiflum á mörkuðum þar  
sem við erum með stórar og strategískar  
stöður. Við erum með 20,9 milljarða króna  
í hagnað fyrir fyrstu níu mánuðina sem  
er mjög góður árangur. Það sem skiptir  
okkur mestu máli er þróunin í banka-  
starfsemi. Ef þú horfir á fyrstu níu  
mánuði þessa árs og fyrstu níu mánuðina í  
fyrra þá eru vaxtatekurnar í fyrra nánast  
engar en eru orðnar 3.100 milljónir fyrir  
fyrstu níu mánuðina í ár. Þóknunartekjur  
hafa aukist úr 960 milljónum í fyrra í 5.100  
milljónir núna.“

### AUKA SJÁLFSTÆÐIÐ GAGNVART BÖNK- UNUM

Stefna Straums-Burðaráss er að styrkja  
sig á erlendri grundu og verða leiðandi  
sérhæfður fjárfestingarbanki í Norður-  
Evrópu. Fyrsta skrefið í útrás bankans  
var tekið snemma þetta ár þegar útibú  
var stofnað í Danmörku. Í sumar tilkynnti  
félagið svo um kaup á breska ráðgjafar-  
fyrirtækinu Stamford Partners, auk þess  
sem í undirbúningi er að opna skrifstofu í  
London á næstu misserum.

Meðal þess sem markvisst hefur verið  
unnið að, í kjölfar sameiningar Straums  
og Burðaráss fyrir rúmu ári síðan, er  
að minnka hlutabréfastöðu félagsins á  
Íslandi. Nú eru aðeins þrjátíu prósent af  
bréfum félagsins skráð á Íslandi. „Við

viljum ekki reida okkur á íslenska mark-  
aðinn heldur hafa mjög dreift hlutabréfa-  
safn. Við höfum jafnframt sett okkur þá  
stefnu að auka sjálfstæði okkar gagnvart  
íslensku bönkunum og það hefur tekist  
mjög vel,“ segir Guðmundur Þórðarson,  
framkvæmdastjóri viðskiptaráðgjafar. Á  
einu ári hefur fjármögnun frá íslenskum  
bönkum og íslenskum aðilum breyst úr  
því að vera 84 prósent af heildarfjár-  
mögnun í 41,3 prósent. Aðeins um sjö til  
átta prósent af heildarfjármögnuninni hér  
á landi kemur frá íslenskum bönkum, en  
restin frá innlånnum og skuldabréfaútbóði  
sem var farið í fyrir tveimur til þremur  
árum.

Að sögn þeirra Friðriks og Guðmundar  
hefur fjármögnun bankans erlendis gengið  
vel. „Við erum búin að byggja upp tengsla-  
net við þrjú hundruð aðila, banka og fjár-  
festa í útlöndum og höfum meðal annars  
gert sambankalán og selt skuldabréf.“  
Þeir segja það ekki sérstakt áhyggjuefni  
að láns hæfismat bankans sé ekki jafn hátt  
og viðskiptabankanna þriggja. „Bankinn  
er mjög vel fjármagnaður og þegar litið  
er á líftíma eignanna passar fjármögnunin

mjög vel. Við höfum ekkert verið að flýta  
okkur í því að fara að taka meiri lán á  
þeim kjörum sem hafa boðist á undanförun-  
um mánuðum.“

### ENGAR ÁHERSLUBREYTINGAR

Engum, sem fylgst hefur með Straumi-  
Burðarási, hefur dulist þau miklu átök  
sem áttu sér stað á öðrum ársfjórðungi  
meðal stærstu eigenda bankans. Lyktuðu  
þau með því að forstjóra félagsins, Þórði  
Má Jóhannessyni var sagt upp og Friðrik  
Jóhannesson, sem gegnt hafði starfi for-  
stjóra Burðaráss fyrir sameininguna, ráð-  
inn í hans stað. Þeir Magnús Kristinsson,  
þáverandi varastjórnarformaður bankans,  
Kristinn Björnsson og tengdir aðilar,  
seldu FL Group 24,2 prósent hlut sinn  
í félaginu. Því er ekki úr vegi að spyrja  
hvernig stemningin er innan veggja  
félagsins og hvort nýi forstjórinn hafi  
hrundið einhverjum breytingum af stað  
í rekstrinum. „Átökin skiluðu sér aldrei  
inn í fyrirtækið, þau urðu heldur til að  
styrkja andann, ef þau höfðu þá einhver  
áhrif,“ segir Guðmundur. „Það er alveg  
ljóst að óánægjan var ekki með stefnu

fyrirtækisins og þá leið sem fyrirtækið  
var á.“ Friðrik segist keyra áfram eftir  
sömu stefnu og áður. „Mér líður vel með  
að gera þetta með svipuðum hætti áfram,  
þótt maður útiloki ekki neitt. Við skoðum  
út frá tækifærunum hverju sinni hvaða  
skref á á að taka næst.“

Friðrik gefur lítið fyrir hugmyndir um  
að hugsanlega verði Straumur-Burðaráss  
sameinaður öðru fjármálafyrirtæki eða  
félaginu skipt upp aftur. „Við höfum þvert  
á móti verið að vinna í því að vera minna  
tengd hinum bönkunum. Þetta er auðvitað  
skráð félag og allt getur gerst en það eru  
engar slíkar viðræður í gangi. Við höfum  
engan sérstakan áhuga á að fara í sam-  
starf með hinum bönkunum núna. Þeir eru  
bara í allt annarri starfsemi en við.“

### ÞRÍR STÆRSTU Í STJÓRN

Straumur-Burðarás er nú í eigu nokkurra  
af stærstu fjárfestingafélögum landsins og  
í stjórn félagsins sitja meðal annars þeir  
Hannes Smárason, Jón Ásgeir Jóhannesson  
og Björgólfur Thor Björgólfsson. Þykir  
sumum ólíklegt að það eignarhald muni  
vara til lengri tíma. „Maður veit aldrei  
með hluthafahópinum en eftir því sem komið  
hefur fram eru þeir að fjárfesta til lengri  
tíma og styðja þá stefnu félagsins sem  
hefur verið mörkuð. Saga bæði Straums og  
Burðaráss er hins vegar þannig að félögin  
hafa bæði tvö skipt oft um stóra eigendur  
og það er ekki ólíklegt að við munum  
örugglega sjá það gerast áfram svo lengi  
sem félagið er skráð. Í dag sjáum við þó  
engin merki um það,“ segir Guðmundur.  
Með þrjá af stærstu fjárfestum landsins  
í stjórn er sennilegast að engin lognmolla  
verði í kringum bankann á næstu misserum,  
enda ekki hefð fyrir því, hvorki þegar  
þremmingarnir eiga í hlut né heldur hjá  
Straumi-Burðarási sjálfum.

### FRÍÐRIK JÓHANNESSON FORSTJÓRI

„Bankinn er mjög vel fjármagnaður. Við  
höfum ekkert verið að flýta okkur í því  
að fara að taka meiri lán á þeim kjörum  
sem hafa boðist  
á undanförunum  
mánuðum.“



### GUÐMUNDUR ÞÓRÐARSON, FRAM- KVÆMDASTJÓRI FYRIRTÆKJARÁÐGJAFAR

„Það er alveg ljóst að óánægjan var ekki með  
stefnu fyrirtækisins og þá leið sem fyrirtækið  
var á.“



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS  
REYNSLUTÍMI  
á [www.mentis.is](http://www.mentis.is)

Microsoft  
CERTIFIED  
Partner

mentis HUGBÚNAÐUR

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

# Merkjavara á silfurfatí

MIKIÐ ÚRVAL AF ÍPRÓTTAVÖRUR  
FRÁ NIKE, ADIDAS OG PUMA



50% - 80% lækkun

**Vetrarfátnaður. Góðar jólagjafir.**

**Fótboltavörur: Nike - Adidas - Puma**  
- fótboltaskór - legghlífar - búningar  
- boltar - mesta úrval landsins

**Sundfatnaður: Nike, Adidas, Speedo og Triumph.** Sundbolir, bikini, sundskýlur, sundbuxur (boxer), barnasundföt.

## V E R ð D Æ M I

	Okkar verð	Fullt verð
Íþróttabuxur m/röndum, barna .....	1.700 kr.	3.990 kr.
Catmandoo snjóbuxur barna.....	2.500 kr.	5.990 kr.
Didrikson regngallar.....	2.000/ 2.200 kr.	4.000/ 24.000 kr.
Reebok erobik skór, leður .....	3.990 kr.	12.990 kr.
Fótboltaskór (Nike, Adidas, Puma) .....	2.000/ 12.000 kr.	4.000/ 24.000 kr.
Sundbolir barna (Nike, Arena, Speedo).....	1.000/ 2.000 kr.	2.990/ 4.990 kr.
Karlmannasokkar .....	300 kr.	600 kr.
Catmandoo úlpur barna .....	3.990 kr.	7.990 kr.
Vetrarfrakkar karlmannna.....	6.900 kr.	16.990 kr.
Bison T-bolir .....	1.000 kr.	1.990 kr.

Okkar takmark: **50% - 80% lækkun** frá fullu verði  
Visa/euro  
Sendum út á land

**KONUR Á FÆRIBANDI**

Nýverið voru birtar niðurstöður launakönnunar sem félagsmálaráðuneytið lét gera. Samskonar könnun var gerð árið 1994. Þótt jákvæð breyting sé sögð hafa orðið á starfsumhverfi, starfsháttum, vinnutíma og vinnuviðhorfi kynjanna er kynbundinn launamunur enn til staðar og ekki marktækar breytingar á honum. Munurinn er þó minni hjá hinu opinbera en á almennum markaði.

MARKAÐURINN/CVA

**SIF KONRÁÐSDÓTTIR LÖGMAÐUR**

Sif segir Jafnréttisstofu geta hvatt stærri fyrirtæki til að fara að ákvæðum jafnréttislaganna hvað varðar jafnréttisáætlanir, en það sé undanfari þess að slík mál geti endað á borði dómstóla.

MARKAÐURINN/HÁRI

## Jafnréttisstefnan hornreka í fyrirtækjum

Samkvæmt lögum er fyrirtækjum landsins skylt að stuðla að jafnrétti kynjanna í starfsemi sinni. Markmiðið er í rauninni pólitískt og eftir stendur spurningin um hagkvæmni þess fyrir fyrirtækin. Forsvarsmenn SPRON eru sannfærðir um hagkvæmni stefnunnar, en fyrirtækið hlaut á dögnum viðurkenningu Jafnréttisráðs. Óli Kristján Ármannsson kynnti sér kynjaumræðu og komst að því að Jafnréttisstofa undirbýr aðgerðir til að hreyfa við öðrum fyrirtækjum í von um að þau fari að jafnréttislögum.

Jafnréttisráð veitti fyrir helgi SPRON, fyrst fjármálafyrirtækja, viðurkenningu ráðsins þetta árið.

Ráðið segir að með starfsháttum sínum hafi sparissjóðurinn sýnt gott starf á sviði jafnréttismála og vill með viðurkenningunni hvetja önnur fyrirtæki til líkrar starfsemi. Sérfróðir á sviði kynjafræða segja gott og gilt að verðlauna það sem vel sé gert en telja um leið að meira þurfi að koma til því í raun sé kynbundin mismunun bönnuð með lögum og öll stærri fyrirtæki séu skyldug til að hafa og starfa eftir sérstakri jafnréttisáætlun. Þar er veruleg brotalóm á.

Sif Konráðsdóttir lögmaður hefur víðtæka reynslu af málum á sviði jafnréttislaganna og er jafnframt fyrsti formaður Félags kvenna í lögmennsku. Hún segir ótvírætt að skylt sé að vera með jafnréttisáætlun í öllum fyrirtækjum sem eru með yfir 25 manns í vinnu. „Frá árinu 2000 er sum sé ákvæði í lögum um að þetta sé skylt, en ég er ekki viss um að neitt eftirlit sé með því. Ég man eftir að hafa, í tengslum við annað þegar verið var að setja þessi lög, skrifað og bent á að í stærstu lögmennsstofum

yrði þetta skylda, en meðal lögmanna er hlutfall kvenna lágt og minnkar enn þegar farið er úr fulltrúum í eigendur. Ég benti á að lögmennsstofum yrði skylt að setja sér jafnréttisáætlun. Það er hins vegar gaman að því að verðlaun skuli veitt fyrir að gera þetta vel.“

**HÆGT AÐ KÆRA**

Sif segir hins vegar erfiðara um vik þegar að því komi að framfylgja jafnréttislögunum eða sækja bætur vegna ákvæða um jafnréttisáætlun. „Vinnuarkaðnum eru settar alveg skýrar markmiðsreglur og skylda þeirra er rík samkvæmt 13. grein laganna. Þeim er skylt að hafa jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti í starfsmannastefnu. Maður sér hins vegar ekki alveg hvernig ætti að reyna á það. Jafnréttisáætlun á náttúrliga að vera tæki til að vinna að þessu markmiði um jafna stöðu kynjanna á atvinnumarkaði, en það þarf náttúrliga að brjóta á einhverjum til að hann eigi aðild að dómsmáli þar sem mætti láta á málið reyna. Þegar starfsmaður telur að fram hjá sér sé gengið í stöðuveitingu, stöðuhækkun eða launum er náttúrliga vísað í þessa skyldu til atvinnurekenda til að jafna stöðu kynjanna á vinnuarkaði og innan síns fyrirtækis. Hitt er náttúrliga bara tæki og ég veit ekki hvort Jafnréttisstofa telur sig hafa heimildir til annars

en að benda mönnum á og hvetja til, hafi þeir ekki jafnréttisáætlun.“ Sif segir hins vegar ekki loku fyrir það skotið að kæra fyrirtæki fyrir að vera ekki með jafnréttisáætlun. „Samkvæmt 28. grein laganna er sá sem að ásettu ráði brýtur gegn lögnum skaðabótaskyldur. Svo er næsta ákvæði, 29. grein, þar sem kveðið er á um sektir. Nú er komið að því að Jafnréttisstofa svari fyrir það hvernig hún ætlar að framfylgja skyldunni til að gera jafnréttisáætlun séu starfsmenn fleiri en 25 og hvort verið sé að vinna í því. Fyrst þarf hún að hvetja fyrirtækin til að gera áætlun og síðan þarf að vera einhver frestur og síðan þarf að bregðast við brotum. Eitt er að veita viðurkenningar þeim fyrirtækjum sem vel gera, en í sjálfu sér held ég að þau séu bara að framfylgja lagaskyldu. Hitt er svo að refsá þeim sem brjóta ítrekað gegn lögum og bæta ekki úr.“

Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, segir að verið sé að undirbúa áskoranir til fyrirtækja um að standa rétt að málum varðandi jafnréttisstefnu og að búast megi við að send verði út bréf þar að lútandi innan tíðar. „Svo er jú í gangi endurskoðun laganna líka og dálítið beðið eftir niðurstöðu þar. En við erum að vinna að þessu núna,“ segir hún, en í bréfinu verður skylda fyrirtækjanna áréttuð og hvaða ábyrgð fylgi því að framfylgja henni ekki.



**LILJA MÓSESDÓTTIR** Lilja, sem er prófessor við Háskólann á Bifröst, segir ekki ólíklegt að fyrirtæki sem standi á milli opinbera geirans og einkafyrirtækja leiði þróun sem snýr að samfélagslegri ábyrgð og því komi ef til vill ekki á óvart að SPRON skyldi hafa fengið viðurkenningu Jafnréttisráðs fyrir helgi.

MARKAÐURINN/PIETUR

tengslum við annað þegar verið var að setja þessi lög, skrifað og bent á að í stærstu lögmennsstofum

### Landsbankinn

Jafnréttisstefna Landsbankans miðar að því að tryggja jafnrétti innan bankans og að hver starfsmaður sé metinn á eigin forsendum, samkvæmt upplýsingum frá bankanum. Starfsmannastefna bankans tekur á jafnréttismálum innan bankans, meðal annars hvað varðar ráðningar, vinnuáætlun, úthlutun verkefna, starfsþróun, fræðslu og starfskjör. Einelti, fordómar og kyn-

ferðislegt áreiti er ekki liðið.

Í bankanum hefur um árabíð verið til staðar virk jafnréttisáætlun. „Landsbankinn notar hin ýmsu mælitæki til að fá upplýsingar um stöðu mála á þeim sviðum sem um ræðir, svo sem árlega vinnustaðagreiningu auk tölfræðiupplýsinga. Með markvissum hætti eru þannig fengnar upplýsingar um hvernig stefnunni er framfylgt hverju sinni.“

### Kaupþing banki

Kaupþing banki starfar eftir þeirri stefnu að ráða alltaf hæfasta einstaklinginn að teknu tilliti til menntunar og reynslu. Reynt er að tryggja jafnrétti innan bankans með tilliti til ráðninga, vinnuáætlun, verkefna, fræðslu, starfsþróunar og kjara með því að fylgjast til dæmis með kynjahlutfalli í stjórnunarstöðum og með greiningum á launakerfi, segir bankinn.

Innan hans er starfandi jafnréttisnefnd sem á að tryggja að farið sé eftir jafnréttisáætlun bankans og eftir lögum þar að lútandi. „Stefna bankans með gerð jafnréttisáætlunar er að gætt skuli fyllsta jafnréttis á milli starfsfólks, að það skuli metið á eigin forsendum sem einstaklingar. Þannig verði tryggt að mannauður skipulagsheildarinnar nýstist sem best,“ segir bankinn.

### Síminn

Hjá Símanum er unnið eftir skilgreindu og faglegu ráðningarferli þegar aflað er nýrra starfsmanna, þar sem allir umsækjendur njóta jafnræðis og starfsmannaval er byggt á sanngjörnu mati tengdu hæfniskröfum hverju sinni. Síminn segir leitað eftir umsækjendum af báðum kynjum við ráðningar og skoðað sérstaklega hvernig hægt sé að stuðla að jafnari kynjaskiptingu í hinum ýmsu störfum.

Jafnréttisáætlun Símanum er fléttuð inn í starfsmannastefnu fyrirtækisins og á bæ hefur markvissur unnið að því að tryggja jafnrétti kvenna í stjórnun. „Mikið hefur áunnist tveimur árum. Núna eru 12 forstöðumenn af báðum kynjum og tæp 40 prósent. Þetta er einungis þriðja konustöðumannastöðum tækinu.“



## BORGAR JAFNRÉTTI SIG?

Eftir stendur spurningin um hagkvæmni þess að stuðla að jafnrétti á vinnustað og jöfnun kynjahlutfalla í stjórnunarstöðum. Þar eru ekki allir á sama máli. Hagfræðikenningar ganga út á að starfsfólkið færi sig annað og vilji fremur starfa þar sem ekki er til staðar misrétti. Sú kenning stendur því og fellur með því að starfsfólkið hafi í eitthvað betra að sækja. Bent hefur verið á að í umhverfi þar sem allir eru brotlegir, líkt og hér virðist vera raunin því kynbundinn launamunur er viðvarandi samkvæmt nýrri könnun félagsmálaráðuneytisins, kunni að „borga sig“ að halda launakostnaði niðri með kynbundnum launamunum. Fyrirtækin fái þá betri starfskraft fyrir minna fé.

Þá kemur fram í „Female FTSE index 2005“ sem Miðstöð til framdráttar kvenkynsstjórnenda við Háskólann í Cranfield stendur fyrir í Bretlandi að ekki sé hægt að finna fylgni milli fjölda kvenkyns stjórnarmanna og bættar fjárhagsafkomu fyrirtækjanna. Sú ályktun hafði þó verið dregin í sambærilegri könnun sem gerð var árið 2003, en í könnuninni er haldið utan um fjölda kvenkynsstjórnenda og stjórnarmanna í stærstu fyrirtækjum og mæld breytingin milli ára, Hins vegar kemur fram að þegar kemur að góðum stjórnunarháttum fá fyrirtæki með konur við stjórnvölinn töluvert hærrí einkunn en fyrirtæki þar sem stjórnin er bara skipuð körlum.

Lilja Mósesdóttir, prófessor í hagfræði við Háskólann á Bifröst, segir þau rök oftast notuð fyrir því að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði borgi sig vera að í þeim löndum þar sem kynjajafnrétti sé mest þar hafi hagvöxtur verið einna mestur.

„Þetta á þá náttúrlega fyrst og fremst við Norðurlöndin. Ef þetta er fært niður á fyrirtækjaplán, sé ástæðan fyrir því að hagvöxtur er mestur þar sem kynjajöfnuður er mestur, síðan sú að jöfnuður leiði til aukinnar framleiðni í fyrirtækjunum. Kynjamismunur kemur í veg fyrir að hæfni og geta kvenna nýtist fyrirtækjunum að fullu, það að konum sé mismunandi dregur náttúrlega úr vilja þeirra til að gera vel,“ segir hún og kveður rannsóknir meðal fyrirtækja hafa sýnt að kynjajöfnuður auki framleiðni. Hún segir þó tæpast hægt að draga af því of miklar ályktanir að hér hafi verið óhemjuþjáppgangur og framleiðni- aukning á sama tíma og kynbundinn launamunur hafi verið viðvarandi, enda hafi fleiri þættir áhrif á framleiðni, svo sem aukin menntun vinnuafis. „Svo held ég að kynjamisrétti geti orðið til þess að draga úr framleiðni kvenna eftir því sem þær eru lengur á vinnumarkaði og sé jafnvel orsök fyrir því að þær hverfi fyrr af vinnumarkaði. Ég held að ungar konur fari ekki að upplifa þetta fyrr en eftir einhvern tíma. Misrétti er náttúrlega bannað með lögum þannig að þetta er allt mjög ósýnilegt. Það er ekki fyrr en konur fara að reka sig upp undir glerþakið í einkageiranum og finna að þær komast ekki lengra, eða í opinbera geiranum þar sem til dæmis umönnunarstörf eru algjörlega vanmetin í samanburði við önnur jafnverðmæt störf.“

## Efast ekki um hagkvæmni stefnunnar

Aðalástæða fyrir því að SPRON fékk viðurkenningu Jafnréttisráðs er að þar innandyrta er lögð sérstök áhersla á skýra jafnlaunastefnu sem unnið hefur verið eftir allt frá árinu 1997 og afstaða starfsmanna til stöðu jafnréttis í fyrirtækinu er könnuð árlega. Hjá sparissjóðnum eru 40 stjórnendur og þar af 21 kona. Stjórnarformaður er Hildur Petersen og hefur verið það frá árinu 2004.

Þá er virk jafnlaunastefna innan fyrirtækisins, sem þýðir að laun karla og kvenna hjá fyrirtækinu eru árlega skoðuð sérstaklega í þeim tilgangi að gæta jafnréttis og koma í veg fyrir að mismunur eigi sér stað.

„Við höfum lagt okkur í líma við að fylgja eftir þessari stefnu,“ segir Guðmundur Hauksson, sparissjóðsstjóri SPRON. „Og segja má að hún sé rauði þráðurinn í stefnu okkar í starfsmannamálum. Við höfum gengið mjög langt í því, bæði í sambandi við ráðningar að fá sem hæfast fólk til starfa og síðan í því að þeir sem þegar eru starfandi hjá SPRON hafi sem greiðastan aðgang að námi og endurmenntun. Við höfum eytt verulegum fjármunum í að efla okkar starfsfólk eins mikið og við getum. Þetta er menning fyrirtækisins og ekkert sparilagg sem geymt er uppi í hillu.“

Guðmundur segir að sem dæmi megi nefna að í árlegum könnunum fyrirtækisins komi fram að ánægja starfsfólks SPRON sé með því besta sem gerist í fyrirtækjum hér á landi og þar með talið í fjármálafyrirtækjum. „Og samkvæmt öðrum skoðanakönnunum er ljóst að viðskiptavinir okkar mælask ánægðari en viðskiptavinir annarra fjármálafyrirtækja á okkar svæði. Þetta helst því í hendur ánægðir starfsmenn og viðskiptamenn,“ segir hann og kveður SPRON leggja mikið upp úr að rækta þau gildi sem stuðli að þessari ánægju. „Síðan er auðvitað þriðja gildið sem við höldum í heiðri og það er að skila góðum hagnaði. Þetta hefur allt haldist í heldur hjá okkur, en sem dæmi eyðum við mun meira til fræðslumála en almennt gerist meðal fyrirtækja hér,“ segir hann og bætir við að útgjöldin séu af þeirri stærðargráðu að taki töluvert í.

„En við teljum að við fáum það til baka í öflugra starfsfólki og betri þjónustu.“ Þá segist Hildur Petersen, stjórnarformaður SPRON, ekki vera í vafa um að stefna líkt og sú sem tekið hafi verið í sparissjóðnum sé fyrirtækjum til góða. „Ég rak auðvitað Hans Petersen í 20 ár og þar gerðist þetta eiginlega af sjálfu sér, eins og raunar hjá SPRON. Fyrst og fremst var hugað að því að ráða hæfasta og síðan allt í einu þegar litið var á hlutföllin þá var þetta eiginlega jafnt. Fyrir utan svo hvað þetta gefur mikið meiri dýpt í stjórnina að vera þar með bæði kynin, þau sjá misjöfn sjónarhorn og þar með koma upp mikið fleiri fletir á málum,“ segir hún, en telur um leið erfitt að fullyrða nokkuð um á hvern hátt sjónarhorn karla og kvenna er ólíkt í stjórn fyrirtækja. „Það eina sem ég held að sé nokkuð nærri lagi er að þegar konur stofna og reka sín eigin fyrirtæki upp á eigin reikning þá séu þær pinulítið



HILDUR PETERSEN STJÓRNARFORMAÐUR OG GUÐMUNDUR HAUKSSON SPARISSJÓÐSSTJÓRI Stjórnarformaðurinn og sparissjóðsstjórinn stilltu sér upp til myndatöku á aðalfundi SPRON fyrr á árinu. Bæði telja ótvírátt að stefna sparissjóðsins í starfsmannamálum skili sér í rekstri sjóðsins. Þau segja töluvert til kostað, en um leið sé ótvírátt að fólk sem líði vel í vinnunni skili starfi sínu betur um leið og góður andi skili sér til viðskiptavina. MARKAÐURINN/E.ÓL.

varkárari en karlmennirnir. Þær hafi ekki sömu tilhneygingu til að taka stór skref og miklar áhættur heldur fari þetta kannski í minni skrefum. Það er það eina sem ég hef tilfinningu fyrir að eitthvað sé til í um muninn á kynjunum,“ segir hún og telur að blandaðar stjórnir hafi fremur vinninginn út af því samspili sem innan þeirra myndast milli kynjanna. „Þá eru meiri líkur á að fleiri sjónarmið séu uppi á borðum heldur en í stjórnnum sem einvörðungu eru skipaðar körlum, eða konum.“

Hildur segir að í fyrirtækinu Kaffitári, þar sem hún er líka stjórnarformaður, vinni 90 prósent konur þannig að tæpast sé hægt að tala um jafnrétti þar. Hins vegar sé gaman að nefna að þegar teknir hafi verið inn stjórnarmenn hafi eigendurnir viljað jafna kynjahlutföllin þar og því séu þar þrjár konur og tvær konur í stjórn. „Það er ýmislegt gott að gerast svo sem með fæðingarorlof karla því þegar þeir þurfa og geta farið að taka fæðingarorlof eins og konur hljóta hlutirnir að jafnast svolítið og hætt verði að líta á það sem byrði að ráða konur í stjórnunarstöður. Vonandi er bara að karlarnir nýti þessa möguleika sem þeir hafa, þannig þarf það að vera til þess að þetta virki.“

Hildur segir það örugglega ekki vera rekstrarformið sem ráði því að sparissjóðurinn sé í fararbroddi í jafnréttismálum. „Sjóðurinn er þannig séð búinn í áraaðir að vinna í samkeppnisumhverfi með hagnaðarsjóðnum að leiðarljósi, alvg eins og bankarnir. Ég held þetta sé fremur að þakka þeim stjórnendum sem þarna hafa verið. Þeir hafa haft það að leiðarljósi að vera með nútímalega stjórnunarhætti,“ segir hún og bætir við að núverandi sparissjóðsstjóri hafi verið mjög opin gagnvart þessum málum. „Ég var auðvitað ráðin þarna inn fyrir 17 árum og þá var það náttúrlega að segja má pólitísk ráðning. Ég veit til þess Baldur Tryggvason sem þá var sparissjóðsstjóri þurfti að leita til meirihlutans í borgarstjórn og það sérstaklega um að þeir myndu konu fyrir sig. Þannig að það var kannski svolítið sérstakt á þeim tíma,“ segir Hildur og telur sparissjóðsstjóran hafa verið þannig hugsandi að hann hafi séð kosti þess að fá meiri dýpt og samspil inn í stjórn sjóðsins.

## VIÐURKENNINGAR JAFNRÉTTISRÁÐS 1992 TIL 2006

2006	SPRON
2005	Háskóli Íslands
2004	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
2003	Kvenréttindafélag Íslands
2002	Orkuveita Reykjavíkur
2001	Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
2000	Auður Eir Vilhjálmssdóttir
	Bjarnfríður Leósdóttir
	Helga Kress
	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
	Svava Jakobsdóttir
	Vigdís Finnbogadóttir
1999	Eimskip
1998	Reykjavíkurborg
1997	Hjallastefnan Hafnarfirði
	Margrét Pála Ólafsdóttir
1996	Íslenska álfélagið
1995	Stúdentaráð Háskóla Íslands
1994	Hans Petersen
1993	Íþróttasamband Íslands
1992	Akureyrarbær

## Vodafone

## Össur hf.

ímans er  
fsmanna-  
s, en þar  
ísst verið  
auka hlut  
arstöðum.  
á rúnum  
a eru t.d.  
32 konur  
Áður voru  
ur í for-  
há fyrir-

Vodafone segir jafnrétti haft að leiðarljósi í störfum fyrirtækisins, en kynjahlutfall fyrirtækisins er þannig að 54 prósent eru konur og 46 prósent konur. Hlutur kvenna hefur aukist verulega á síðustu mánuðum og ef þróunin verður áfram í sömu átt, má búast við að kynjahlutföllin innan fyrirtækisins verði orðin jöfn árið 2007, samkvæmt upplýs-

ingum frá fyrirtækinu. „Við erum einnig stolt af þeirri staðreynd að af 41 stjórnanda fyrirtækisins eru 20 konur,“ segir Vodafone og kveður leitast við að ráða starfsmenn af báðum kynjum í allar deildir til að búa til sterka hópa sem saman myndi öflugra liðsheild. Stefnit er að því að vinna við gerð jafnréttisáætlunar fari af stað strax eftir áramót.

Gervilima- og stoðtækjaframleiðandinn Össur hf. segir stjórnendur fyrirtækisins mjög meðvitaða um mikilvægi þess að jafnréttismál séu í lagi, þegar aflan er upplýsinga um hvernig jafnréttismál sé hagað í fyrirtækinu. Tekið sé á jafnréttismálum í starfsmannastefnu fyrirtækisins, en í henni komi í raun fram jafnréttisáætlun fyrirtækisins. Þá segir Össur hf. að reglulega

sé farið yfir launamál með það í huga að athuga hvort um kynbundinn launamun sé að ræða. Hins vegar er ekki horft til kynjahlutfalla þegar kemur að mannaáráðningum. „Nei, við veljum besta fólkið óháð kyni,“ segir Össur og áréttar um leið að lögð sé áhersla á að fara eftir starfsmannastefnu fyrirtækisins þar sem tekið sé á jafnréttismálum.



## Jafnréttislögin frá árinu 2000

## III. kafli Réttindi og skyldur

## 13. gr. Vinnumarkaður

Atvinnurekendur og stéttarfélag skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni. Skal sérstaklega kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 14.-17. gr. laga þessara.

## 14. gr. Launajafnrétti

Konur og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með launum í lögum þessum er átt við almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun feli ekki í sér kynjamismun.

Með kjörum í lögum þessum er, auk launa, átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár.

## 15. gr. Laus störf, starfsþjálfun og endurmenntun

Starf sem laust er skal standa opið jafnt konum og körlum.

Atvinnurekendur skulu tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings öðrum störfum.

## 16. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.

Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa atvinnulífs og fjölskylduaðstæðna starfsmanna, þar með talið að þeim sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna (force majeure).

## V. kafli Viðurlög

## 28. gr. Bætur fyrir fjártjón og miska

Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, bætur vegna miska.

## 29. gr. Sektir

Brot gegn lögum þessum geta varðað sektum sem renna í ríkissjóð.

## MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Danir eru í árásarham og engra varna að vænta þar í landi.

## Verðum að verjast lyginni sjálf

Hafliði Helgason

Íslenskt viðskiptalíf er undir danskri árás. Árás sem er byggð á svo fögrum kenndum sem óvild, öfund, fordómum og illkvittni. Markmiðið er augljóst. Það á að setja íslenska kaupþýslumenn undir þann hatt að þeir séu síðlausa peningavottavél og ærlegir Danir eigi ekki að koma nálægt þeim.

Eins og venjulega þegar lágur hvatir eru til grundvallar ofsóknum, er fiðlumum att á foraðið. Extra Bladet, undir stjórn fyrrverandi ráðherra Íhaldsflokksins danska, hefur tekið að sér hlutverkið. Aðferðin er kunnugleg. Ekki eru lagðar fram neinar staðreyndir en hlutaðeigandi gerðir tortryggilegir með óljósum hugrenningatengslum. Framsetningin er svo veik að allir sem þekkja til alþjóðlegs fjármálavafsturs gera sér grein fyrir að kenningin er þunn og ótrúverðug.

Þar liggur kannski verst glæpurinn. Þeir sem gengu harðast fram í gyðingaofsóknum á fyrri hluta síðustu aldar og óðu áfram í heimsku og fordómum gátu kannski lítið að heimsku sinni gert. Versti glæpurinn var framinn í þögn þeirra sem vissu betur.

Samliking við gyðingaofsóknir er hér dregin upp ekki vegna þess að sá hryllilegi glæpur sé á nokkurn hátt sambærilegur við steinkast danskra fjölmiðla nú. Heldur vegna þess að uppsprettan og málalíbúnaðurinn er sá sami. Hlutir án raunverulegs orsakasambands settir fram hlið við hlið og endurteknir nógu oft til að tilfinning skapist fyrir orsakasambandi.

Samlikingin nær líka til þess að upplýst millistétt Evrópu þagði meðan nastar byggðu upp málalíbúnaðinn gegn gyðingum, þótt þeir vissu betur. Réru jafnvel örlítið með.

Sama gerist nú. Það eru fjölmargir í dönsku fjármálalífi sem vita betur, en þeir hafa enga hagsmuni af því að rísa til varnar. Gefa jafnvel örlítið í skyn til að kynda enn frekar undir, eins og hagfræðingur greiningardeildar Danske Bank í bréfi til samstarfsmanna sinna.

Íslenskt viðskiptalíf þarf ekki að vænta neins stuðnings frá Dönum í áróðursherferðinni gegn sér. Það þýðir auðvitað bara eitt. Menn verða að verja sig sjálfir. Íslenskir kaupþýslumenn hljóta að hugleiða hvort grundvöllur sé til málsóknar og hvort slíkt sé einnar messu virði.

Hitt er svo annað að þegar til lengdar lætur er bara eitt sem getur talað, en það eru verkin. Þau þarf að vanda sérstaklega þegar umhverfið er svo fjandsamlegt sem raun ber vitni.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is

## IMG MANNAFL LIÐSAUKI VERÐUR CAPACENT



Capacent Ráðningar (áður IMG Mannafli Liðsauki) er stærsta ráðningarstofa landsins og leggur mikla áherslu á trúnað við umsækjendur og fyrirtæki.

Ráðgjafar Capacent Ráðninga beita faglegum vinnubrögðum og starfa eftir ákveðnum verkferlum sem tryggja gæði þjónustunnar.

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartún 27 105 Reykjavík Sími 540 1000 www.capacent.is

## Ogilvy um prentauglýsingar

ORD Í BELG

Guðmundur  
Arnar  
Guðmundsson  
Sölu- og  
markaðsstjóri  
Ícelandair í Bretlandi



eru notaðar í prentauglýsingu og voru í sjónvarpsauglýsingu eykst eftirtekt. Mikilvægt er einnig að halda auglýsingunum einföldum og halda fókus á einni persónu, hópmyndir eða kaótískar myndir virka ekki eins vel. Ef söguleg skírskotun er notuð í auglýsingu til að fanga athygli vinnur það yfirleitt gegn henni. Ogilvy lærði það einnig af biturri reynslu að forðast þá gryfju að halda að allir hafi áhuga á sömu hlutum og hann. Það verður að finna hvað viðskiptavinurinn hefur áhuga á, ekki auglýsingastofan. Myndir sem hafa reynst bestar hafa verið af börnum, dýrum og einhverju kynæsanði. Flestir taka frekar eftir myndum af einstaklingi af sama kyni í auglýsingum en af því gagnstæða. Þetta er vegna þess að lesandinn getur fundið samnefnara með sér og þeim á myndinni en ekki ef um andstæða kynið er að ræða.

Hvað eru margir sem gefa sér tíma til að lesa megintexta auglýsinga? Það fer eftir tvennu, fyrst eftir því hversu margir eru áhugasamir um vöruna/vöruflokkinn. Í öðru lagi eftir því hvað auglýsingin fangaði athygli margra með myndinni og fyrirsögninni. Mikill misskilningur er að halda að lítill texti sé betri en mikill, að jafnaði er mikill texti betri en lítill í prentauglýsingum. Það ber þó að varast ritgerðir en segja samt lesendum nákvæmlega frá því hvað varan gerir fyrir hann en söguformið virkar yfirleitt best við skrifin. Textinn verður ennfremur að vera vel skrifaður og fyrsta setningin að ná að grípa lesandann og halda.

Það virkar mjög vel að nota vitnisburði um ágæti vörunnar sem verið er að auglýsa. Að nota

**Hvað eru margir sem gefa sér tíma til að lesa megintexta auglýsinga? Það fer eftir tvennu, fyrst eftir því hversu margir eru áhugasamir um vöruna/vöruflokkinn. Í öðru lagi eftir því hvað auglýsingin fangaði athygli margra með myndinni og fyrirsögninni. Mikill misskilningur er að halda að lítill texti sé betri en mikill, að jafnaði er mikill texti betri en lítill í prentauglýsingum.**

UM VÍÐA VERÖLD

## Starfsmenn og stefnumótun

Robert S. Kaplan og David P. Norton benda á í bók sinni The Strategy-Focused Organization að mikill munur sé á gerð fjárhagsáætlunar og stefnumótunarárætlunar hjá fyrirtækjum. Fjárhagsáætlunir líti að mestu eins út, með sömu kennitölur en stefnumótunarárætlun sé aldrei eins og enginn líti á stefnumótun með sömu augum. Lykillinn að því að miðla stefnunni liggja í því að gera stefnuna að meginatriði í stjórnun. Stefnan þarf því að vera skýr og það þarf að vera hægt að lýsa henni.

Höfundarnir hafa greint starfshætti fyrirtækja sem hafa náð mestum árangri með stefnumiðað árangursmat eða Balanced Scorecard. Þessi fyrirtæki eiga það sameiginlegt að hafa ein-

blínt á auðlindir sínar, svo sem viðskiptadeildir, mannauðsdeildir, tæknideildir og fjárhagsauðlindir, með stefnumiðaða stjórnunarhætti að leiðarljósi. Að mati höfunda sköpuðu þessi fyrirtæki í raun nýja tegund fyrirtækja sem byggðu þarfr á stefnumiðaðri stjórnun fyrst og fremst. Þessi fyrirtæki höfðu þann hæfileika að þau gátu komið stefnu í verk og þau gátu lýst stefnunni.

Árangur þessara fyrirtækja er hvorki kominn til vegna nýrra vara, þjónustu, þróunar á nýjum þekkingarverðmætum né nýrra fjárfestinga heldur hafa fyrirtækin lært að blanda saman áþreifanlegum og óáþreifanlegum verðmætum á skipulagðan hátt. Höfundar benda á að virði óáþreifanlegra eigna sé að finna í keðjuverkandi samspili orsaka og afleiðinga, t.d. að fjárfesting í þjálfun starfsmanns leiði til aukinna gæða þjónustunnar; aukin gæði þjónustu leiði til meiri ánægju viðskiptavina; sem leiði

til reglulegru viðskipta/fastra viðskiptavina; sem leiðir til aukins hagnaðar.

Eitt dæmi um fyrirtæki sem náði árangri með áherslu á keðjuverkandi þætti áþreifanlegra og óáþreifanlegra eigna er samkvæmt höfundum verslunarkeðjan Sears í Bandaríkjunum. Fyrirtækið náði að auka hagnað um tvö hundruð milljónir dala á aðeins tveimur árum eftir innleiðingu stefnumiðaðs árangursmats. Þeirra aðgerðir byggðust á að auka ánægju viðskiptavina og leiddi ofangreind keðjuverkun, þjálfun starfsmanna og samspil ólíkra þátta, að lokum til hagnaðar.

Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun.



ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSími: 550 5000 SíMBREFF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds.

# Frystikistulagið

Ýmis tjón geta komið upp við notkun á frystikistum og þó að ljóðið í ofangreindu dægurlagi hafi lýst tjóni sem varð þegar „fjandans frystikistan var læst innan frá“ þá eru það sem betur fer ekki þau tjón sem alla jafna koma upp hjá fyrirtækjum á Íslandi.

Venjulegar heimilisfrystikistur duga skammt við rekstur fyrirtækja í matvælaframleiðslu eða hjá þeim fyrirtækjum sem selja matvæli í verslunum. Þessi fyrirtæki geyma oft hráefni eða fullunna vöru í sérstökum kæli- eða frystigámum. Gámar þessir eru þannig útbúnir að í þeim eru

sérstakar kæli- og frystipressur. Hitastigið er stillt sérstaklega m.t.t. þeirrar vöru sem geymd er í gámunum. Sérstökum hitanemum er komið fyrir í gámunum og lesa má hitastig af sérstökum mælum sem komið er fyrir utan á þeim. Einnig eru fyrirtæki að nota sérstaka kæli- og frystiklefa inni í sínu húsnæði.

Mörg dæmi eru um tjón þar sem hitastig í gámunum eða klefum hefur hækkað vegna bilunar í kæli- eða frystibúnaði. Við hækku á hitastigi getur orðið verulegt tjón á matvöru, sérstaklega þeirri sem er viðkvæm fyrir hitabreytingum. Til þess að koma

í veg fyrir tjón af þessu tagi er nauðsynlegt að hafa reglulegt eftirlit.

Rétt er að minna á að bilanir sem þessar geta orðið með þeim hætti að kælivifan gengur áfram þannig að í henni heyrir. Þrátt fyrir það getur búnaðurinn verið bilaður og hættur að virka sem skyldi og því hækkar hitastigið og tjón verður á vörunni. Það er því ekki nægilegt að einungis sé hlustað eftir því hvort vifan sé í gangi, en það er algengur miskilningur.

Gott eftirlit felst í því að lesa reglulega af hitamælum utan á gámunum eða klefum. Við mælum með aflestri a.m.k. tvisvar á sólarhring. Nauðsynlegt er að ákveðnir starfsmenn beri ábyrgð

á aflestri sem þessum og skrái niðurstöður. Þetta er tvímælalaust besta forvörnin.

Þegar um er að ræða kæli- eða frystiklefa sérstaklega, þá eru þeir margir þannig útbúnir að það er sérstakur viðvörðunarnemi á hurðum sem gefur til kynna hvort þeim hafi verið lokað nægilega vel. Það þarf að sjálfsgöðu að passa vel að slíkur búnaður sé í lagi. Þessu til viðbótar er hægt að kaupa sérstakt kerfi sem sett er upp við klefana í þeim tilgangi að láta vita ef hitastig hækkar umfram eðlileg mörk. Þetta er svokallaður upphringibúnaður sem hægt er að tengja við vakt-

## ÖRUGG FYRIRTÆKI



Átak Markaðarins og Sjóvá

kerfi þannig að ef hitastig hækkar þá hringir búnaðurinn í áður innstillt símanúmer, allt að fimm númer, ef ekki er svarað. Um er að ræða mjög einfaldan og ódýran búnað sem getur komið í veg

fyrir mikið tjón.

Góð váttryggingavernd getur að sjálfsgöðu bætt stöðuna m.t.t. þess fjárhagstjóns sem verður, en erfitt er að tryggja sölupláss í verslunum ef framleiðsla stoppar í ákveðinn tíma eða ef ekki næst að afhenda vörur nægilega fljótt. Góðar forvarnir borga sig alltaf!

Þóra Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri Tjónasviðs Sjóvá

## SPÁKAUPMAÐURINN

### Reikningurinn hinum megin

Danirnir eru greinilega að fara á límingunum. Þessar greinar í Extra Bladet eru svo myndar að það stóð í mér af hlátri.

Ég var næstum því dauður, því enginn á heimilinu kann neitt í skyndihjálpi.

Það er augljóst að þeir sem skrifa greinarnar vita ekki neitt um bisness og fjármál. Líklega eru þetta drykkfeldir miðaldra kallar sem búa í leiguíbúð með litlum svölum sem ekki er hægt að komast út á fyrir bjórkössum.

Jæja kannski eru þetta forðómar og maður á ekki að gera sig sekan um það sama og þeir. Ég þekki marga ágæta Dani. Þeir eru flestir áhættufælnir og uppburðarlitlir þegar kemur að fjárfestingum. Þeir vilja vinna stuttan vinnudag og njóta lífsins. Ég hef margoft útskýrt fyrir þeim að þeir geti verið heima hjá sér allan liðlangan daginn ef þeir nenni bara að taka áhættu og vinna eins og vitleysingar í smá tíma.

Ég sá í dönsku blaði um daginn að þeir ætla að gera söngleik eftir Matador-þáttunum. Til upprifjunar fyrir þá sem ekki hafa séð þættina, þá fjalla þeir um hnignun yfirstéttar í litlum bæ úti á landi. Einstæður faðir mætir á svæðið með aleiguna í ferðatösku og ungan son sinn sér við hlið. Honum tekst að opna litla verslun í samkeppni við verslun staðarins og þar sem hann er nútímalegri í hugsun og tilbúinn til að leggja á sig ómælt erfiði til að byggja upp fyrirtækið, þá sigrar hann auðvitað samkeppnina í versluninni.

Steininn tekur þó úr þegar hann hefur komið ár sinni betur fyrir borð. Þá stofnar hann banka sem keppir við bankann á staðnum. Yfirstéttin í bænum umgengst hann auðvitað eins og að hann sé holdsveikur og forðæmir allt hans brólt.

Duglausa yfirstéttin missir smátt og smátt völd sín, þar sem hún hefur glatað hæfileikanum til að taka á nokkrum hlut og stenst nýbúa bæjarins engan snúning.

Kannast einhver við svipaða sögu eða svipuð viðbrögð? Ég hef ákveðið og hvet aðra íslenska kaupslumenn til að gefa dönskum vinum sínum og viðskiptafélögum Matador-þáttaröðina í jólagjöf. Jólin eru góður tími til að skoða hjarta sitt og horfast í augu við sjálfan sig. Sjálfur hef ég unnið vel á árinu, grætt mikið og verið góður við samferðamenn mína. Þó að maður sé gallharður og snjall, þá gleymir maður ekki að borga inn á reikninginn hinum megin, enda er maður alinn upp í guðsotta og góðum síðum. Svo er auðvitað líka hægt að líta á þetta sem langtímafjárfestingu.

Spákaupmaðurinn á horninu



## Sex vikna jólaáttak

Sex vikna námskeið hjá Goran Kristófer, íþróttfræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

### Ef þú vilt:

- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrenslu, hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina, hvernig þú ferð á því að brenna meira og léttast.

### Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki

- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herð anudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7:30
- Konur kl. 6:30, 7:30, 10:00, 13:00, 16:30 og 18:30

### Námskeið hefst 13. október

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu.

N O R D I C A S P A



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

# Windows Vista krefst öflugri tölva

Mark Minasi, heimsþekktur sérfræðingur um upplýsingatækni, var hér á landi í síðustu viku. Hann segir nýjasta stýrikerfið frá hugbúnaðarríðinu, Windows Vista, sem kemur á markað í þessum mánuði, geysistört skref frá eldri stýrikerfum. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* ræddi við hann um stýrikerfið, mikilvægi öryggis í netumhverfi og kosti þess og galla.

Bandaríski metsöluhöfundurinn og fyrirlesarinn Mark Minasi kom hingað til lands í fimmta sinn á vegum Microsoft á Íslandi og EJS í síðustu viku. Tilgangur heimsóknar hans í þetta sinn var að kynna tæknimönnum flesta möguleika Windows Vista, nýjasta stýrikerfisins frá Microsoft, sem kemur út í mánuðinum. Áherslan var á öryggið í netheiminum, sem Minasi segir að Microsoft geri allt til að tryggja.

Minasi er ör. Talar hratt þegar hann gengur inn á Hótel Holt, tekur tvær töskur af öxlum sér og leggur á gólfíð án þess að gera hlé á máli sínu. Hann sest í leðurstól án þess að stoppa og heilsar. Windows Vista á hug hans og hjarta. Hann hefur nýlök við tvær bækur um stýrikerfið sem koma út fyrir árslok. Prófkalkas aðra þeirra í flugvélinni hingað til lands. Hún kemur út í desember.

Hann horfir á ljósmyndarann og spyr hvernig vél hann sé með.

Sjálfur segist hann eiga stafræna vél, frá Canon, og hann hlakki til að raða myndasafninu upp í nýja stýrikerfinu. „Það er frábært,“ segir Minasi að því er virðist án þess að anda og bendir á að myndaflokkunarkerfið í Windows Vista sé stórgott.

Hann hefur beðið lengi og hlakkar augljóslega eftir því að sjá viðbrögðin við Windows Vista sem hann segir að standi Windows XP langtum frammar.

#### BARNLAUS NÖRÐUR


Mark Minasi hefur skrifað 24 bækur á síðastliðnum 17 árum og yfir 300 greinar um tölvumál í bandarískum tímaritum. Margar hverjar fjalla bækurnar um hin ýmsu stýrikerfi, allt frá OS/2 1.1 til þess nýjasta frá Microsoft, Windows Vista. Hann viðurkennir fúslega að hann elski tækni, sé nörður sem vilji upplýsa aðra um það sem hann viti.

Minasi hefur ferðast til fjölda

landa, sumra nokkrum sinnum, til að kynna stjórnendum bækur sínar og tölvumál. Því liggur beinast við að spyrja: Hvernig kemur hann þessu í verk? Við því á Minasi einfalt svar: „Ég er barnlaus,“ segir hann og hlær.

#### MEIRA AFL ER NAUÐSYNLEGT

Margir hafa beðið í ofvæni eftir Windows Vista. Sumir uggandi en aðrir glaðir. Minasi segir kosti og galla á nýja stýrikerfinu. „Vista er stór hugbúnaður og mun ganga hægt á flestum tölvum. Keyptu nýja tölvu og málið er leyst. Þetta er auðvitað ekki alsæl hugmynd en fólk er tregt til að kaupa sér nýjar tölvur bara sisvona,“ segir hann en bætir við að kerfið muni ganga á nýlegum borðtölvum. Kannski ekki öllum fartölvum en nokkrum þó, að hans sögn. Hann hlær og segir betra að kaupa kröftugri tölvu en Microsoft segir að dugi. „Viðmiðið þeirra er of



MARK MINASI Windows Vista frá Microsoft á hug og hjarta Marks Minasi sem hefur komið hingað til lands fimm sinnum til þess að fjalla um hina ýmsu kima tölvumála. Markaðurinn/Valli

## Flex-T skrifstofuhúsgögn á tilboðsverði! 30% afsláttur



Flex-T vinnustöð (180x200 cm)

Verð áður 71.369 kr.

Tilboð 49.958 kr.

Flex-T skrifstofuhúsgögn fást í ýmsum stærðum og útfærslum. Þau eru hönnuð af Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur og Oddgeiri Þórðarsyni, húsgagna- og innanhússarkitektum FHI.



Flex-T með rafmagnsstillingu (180x80 cm)

Verð áður 110.531 kr.

Tilboð 88.425 kr.



Á. GUÐMUNDSSON

Bæjarlind 8-10 · Kópavogi · Sími 510 7300 · www.ag.is

STOFNAD 1956



lágt,“ segir hann og bendir á að öflugri örgjörvi sé nauðsynlegur og að vinnsluminnið þurfi að vera mikið.

#### ÖRUGGASTA STÝRIKERFIÐ

Góðu fréttirnar eru þær að þetta nýja stýrikerfi Microsoft er það öruggasta fram til þessa. „Njósnaforritin breyttu heiminum,“ segir Minasi. „Þegar Windows NT kom á markað undir lok síðustu aldar var netheimurinn frekar saklaus. Núna er hann grimmur og vondur,“ segir hann og leggur áherslu á að öryggi tölvu í netumhverfi sé mikilvægt. Microsoft hafi það í fyrirrúmi með Windows Vista enda sé þar bæði lögð áhersla á öryggi í netviðskiptum sem og öryggi í vörslu upplýsinga. „Þegar Blaster-ormurinn kom fram á sjónarsviðið sagði Microsoft að mál væri að linni. Ég óskaði þess reyndar að fyrirtækið tæki harðar á öryggismálum en þetta stýrikerfi er stærra skref en Microsoft hefur nokkru sinni stigið í öryggis-

málum,“ segir Minasi og bendir á margar nýjungar í nýjasta vafranum, Internet Explorer 7 (IE7), sem ýti frá ruslpósti og óværum auk margra annarra nytsamlegra hluta.

„Segjum sem svo að ég ætli að kaupa bók á netversluninni Amazon.com. Ég gef upp númerið á kreditkortinu mínu. Þeir hjá Amazon.com verða svo að vona að engin brögð séu í tafla og að óprúttinn aðili sé ekki að versla í mínu nafni. Í IE7 fara upplýsingarnar fyrst til bankans þar sem ég þarf að gera grein fyrir kortinu og eftir það ganga viðskiptin í gegn,“ segir Minasi. Þetta komi bæði viðskiptavinum og öllum netverslunum til góða, að hans sögn.

#### LÁGMARK FYRIR WINDOWS VISTA

##### Samkvæmt Microsoft:

Örgjörvi:	800 MHz -1 Ghz
Vinnsluminni:	512 MB-1 GB
Skjálkort:	128 MB
Harður diskur:	40 GB / 15 GB laust pláss
Drif:	DVD-ROM

##### Samkvæmt Minasi:

Örgjörvi:	2 Ghz
Vinnsluminni:	a.m.k. 1 Ghz
Skjálkort:	128 MB og ofar
Harður diskur:	Því meira því betra *
Drif:	DVD-ROM

\* snúningshraði 7.200 rpm.

## Skipaþjónusta

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Á góðum jámum



HÉÐINN

Stóras 6 · IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 · Fax: 569 2101 · www.hedinn.is



**FYLGST MEÐ AFHENDINGU VERÐLAUNANNA** Góð þátttaka var á verðlaunaafhendingunni sem haldin var í Apótekinu síðastliðinn föstudag.

## ÍMARK heiðrar Icelandair, Dísu og Björn

Icelandair stendur fremst íslenskra fyrirtækja í markaðssetningu og Björn Kr. Jónsson og Hafdís Jónsdóttir, betur þekkt sem Björn og Dísu í World Class, eru klárustu markaðsmenn landsins í dag að mati félagsmanna ÍMARK.

Ingólfur Guðmundsson, formaður fulltrúaráðs ÍMARK, hélt erindi á verðlaunaafhendingunni sem fór fram í Apótekinu síðastliðinn föstudag. Tilkynnti hann meðal annars um niðurstöðuna á vali á markaðsmanni ársins. Kom fram í máli hans að rekstur World Class sé til fyrirmyndar og að þau hjónin hafi náð ótvíræðu forystuhlutverki á sínu sviði.

Framkvæmdastjóri ÍMARK, Jóhannes Ingi Davíðsson, tilkynnti hvert þeirra þriggja fyrirtækja sem til greina komu, Icelandair, Glitnir eða Kaffitár, hefði hreppit hnossið. Sem fyrr sagði varð Icelandair fyrir valinu og sagði Jóhannes meðal annars markaðsaðgerðir félagsins markast af markvissum aðgerðum og hnitmiðaðri notkun miðla



**FORSETINN AFHENDIR ÍMARK-VERÐLAUNIN** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhendir Birni Kr. Jónssyni og Hafdís Jónsdóttur ÍMARK-verðlaunin 2006.

í bland við nútímatækni. Rekstur félagsins hafi tekið stakkaskiptum og yfirstandandi sölufurli sýni að félagið sé eftirsóttur fjárfestingarkostur og virði þess hátt metið.

Metþátttaka var á athöfnina og mætti stór hópur fólks úr atvinnulífinu. Þar var einnig mættur Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og kom það í hans hlut að afhenda sigurvegurinum verðlaunin. - hhs

## MÁLSTOFA UM ALÞJÓÐAVÆÐINGU ÍSLENSKA MARKAÐARINS

Þriðjudaginn 7. nóvember kl. 12 í Háskólanum í Reykjavík

### HVAÐ FELST Í SAMEINGU KAUPHALLAR ÍSLANDS OG OMX KAUPHALLANNA?

Félag um fjárfestatengsl í samvinnu við Kauphöll Íslands og Háskólanum í Reykjavík standa fyrir málstofu um áhrif sameingar Kauphallar Íslands við OMX á íslenska markaðinn.

Framsögumenn verða **Jukka Ruuska**, forstjóri OMX Nordic Marketplaces, og **Þórður Friðjónsson**, forstjóri Kauphallar Íslands. Málstofan fer fram í Háskólanum í Reykjavík, þriðjudaginn 7. nóvember kl. 12. Léttur hádegisverður verður í boði.

Þar sem sætafjöldi er takmarkaður eru áhugasamir vinsamlegast beðnir um að tilkynna þátttöku til Ingimundu Guðmundsdóttur, [inda@ru.is](mailto:inda@ru.is).



#### OMX og samruni Kauphallar Íslands við OMX

**Jukka Ruuska**, forstjóri OMX Nordic Marketplaces, fjallar um OMX Nordic Exchange, helstu atvinnugreinar á markaði OMX, skráð félög og fjárfesta á Norðurlöndum. Hann mun einnig ræða um samruna Kauphallar Íslands og Norrænu kauphallarinnar og hvaða tækifæri bjóðast fyrir íslenska markaðsaðila.



#### Kauphöllin og ávinningur af samrunanum við OMX

**Þórður Friðjónsson**, forstjóri Kauphallar Íslands, varpar frekara ljósi á hvaða þýðingu þátttaka Kauphallarinnar á stærri markaði hefur fyrir skráð félög og fjárfesta.

Fundarstjóri verður **Katrín Ólafsdóttir**, hagfræðingur og lektor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Málstofan fer fram í Háskólanum í Reykjavík og hefst stundvíslega kl. 12.

Frekari upplýsingar veitir **Vala Pálsdóttir**, formaður FFT, í síma 844 4989.



## Ert þú stjórnandi?

*Horfir þú fram á við og gerir það sem í þínu valdi stendur til að tryggja góðan rekstur?*

Inspector.is

Heiðarlegur, hógvæver og hreinskilinn.



**Inspector.is**  
Fyrir stór og smá fyrirtæki,  
sem vilja ná lengra.

# Tölvukælar

Fyrir tækni-  
og  
tölvurými



ís-húsið 566 6000



## TAPAS

gott allan daginn

komdu og smakkaðu!

Opið virka daga 10.00-19.00  
fimmtudaga 10.00-21.00  
laugardaga 10.00-18.00  
sunnudaga 11.30-18.00  
sími 544 2332  
www.adesso.is

**CAFÉADESSO**  
2. hæð í Smáralind v/Vetrargarðinn

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**



**SAMÍÐ UM LISTASKIPTI** Janus Petersen, bankastjóri Færejabanka, Eggert Pétursson listmálari, Kristján Davíðsson listmálari, Kjartan Gunnarsson, bankaráðsmaður Landsbankans, og Súni Schwartz Jacobsen, framkvæmdastjóri Færejabanka.

## Skiptast á list

Um helgina voru nokkuð óvenjulegar myndlistarsýningar opnaðar í Þórshöfn í Færeyjum og í Reykjavík. Um er að ræða skiptisýningar á verkum í Landsbanka Íslands og Færejabanka. Tílfnið að sýningunum er að bankarnir fagna báðir stórafmæli á þessu ári, Færejabanki aldarafmæli og Landsbankinn 120 ára afmæli.

Á sýningunni eru verk eftir þrjú listamenn frá hvoru landi sem allir eru verðugir fulltrúar síns lands og sinnar kynslóðar. Í Færejabanka eru verk í eigu

Landsbankans eftir íslensku listamennina Eggert Pétursson, Kristján Davíðsson og Jóhannes S. Kjarval. Í Landsbankanum eru til sýnis verk í eigu Færejabanka eftir færeysku listamennina Ingálf av Reyni, Sámal Joensen-Mikines og Zacharias Heinesen.

Myndlistarsýningarnar eru haldnar í húsakynnum bankanna sjálfra, í Færejabanka í Þórshöfn og í aðalbanka Landsbankans í Austurstræti. Þær standa yfir til 30. nóvember og verða öllum opnar á afgreiðslutíma bankanna. - hhs

## MP sækir fram í Austur-Evrópu

MP Fjárfestingarbanki hefur komið á samstarfi við austurríska bankann Raiffeisen Capital Management og hyggst bjóða verðbréfasjóði félagsins til sölu hér á landi. Um er að ræða tvo skuldabréfasjóði sem annars vegar fjárfesta í hlutabréfum á nýmörkuðum í Austur-Evrópu og hins vegar í hlutabréfum í Kína, Indlandi, Rússlandi og Tyrklandi. Að auki er um að ræða tvo skuldabréfasjóði sem fjárfesta í skuldabréfum í Austur-Evrópu.

MP Fjárfestingarbanki hefur starfað í Austur-Evrópu í nokkur ár og markað sér þá stefnu að auka starfsemi sína þar enn frekar. Stymir Þór Bragason, forstjóri MP Fjárfestingarbanka, segir mikil fjárfestingartækifæri á svæðinu. „Við höfum tekið eftir því í okkar eigin fjárfestingum á þessu svæði að viðskiptavinir okkar hafa haft mikinn áhuga á þeim. Með þessum samningi við RCM erum við að koma til móts við þeirra óskir og getum nú boðið þeim upp á framúrskarandi sjóði.“ - hhs

## Gæðaverðlaunin í áttunda sinn

Íslensku gæðaverðlaunin verða afhent í áttunda sinn við hátíðlega athöfn þriðjudaginn 7. nóvember á Nordica hóteli í Reykjavík. Geir H. Haarde forsætisráðherra afhendir verðlaunin.


Íslensku gæðaverðlaunin eru samstarfsverkefni Stjórnvís, forsætisráðuneytis, Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Plastprent, VKS, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi, Marel og Sjóvá hafa

hlotið gæðaverðlaunin en ÁTVR hlaut þau fyrir tveimur árum.

Í tilefni af afhendingunni mun Stjórnvís halda ráðstefnu í samstarfi við Capacent sem ber yfirskriftina Forysta í krafti þjónustu (Service Leadership) á Nordica hóteli áður en afhendingin fer fram milli klukkan 13 og 16.30.

**ÍSLENSKU GÆÐAVERÐLAUNIN** Stjórnvís afhendir íslensku gæðaverðlaunin á þriðjudag í næstu viku.



# Hyundai hefur gæðin

Hyundai er í 3. sæti í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.



### Top 5 Nameplates in 2006 Initial Quality Study Problems per 100 Vehicles

Lower score indicates higher initial quality

Rank	Nameplate	Score
1	Porsche	91
2	Lexus	93
3	Hyundai	102
4	Toyota	106
5	Jaguar	109
	Industry Average	124

Source: J.D. Power and Associates 2006 Initial Quality Study™ (IQS)



Frá kr. 1.390.000

**Getz**

- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsuþjöfnun
- 4 loftþúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar

Með mesta rýmið í sínum flokki



Frá kr. 2.290.000

**SONATA**

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsuþjöfnun
- 6 loftþúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.


Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur

**HYUNDAI** hefur gæðin



# STÓR OG GLÆSILEG

Bókin um 300 stærstu fyrirtækin hefur aldrei verið jafn stór og glæsileg - alls 232 blaðsíður.



**Viðamesta rit** sem út kemur á hverju ári um íslenskt atvinnulíf.

**Hvergi** er að finna á einum stað jafnmiklar upplýsingar um rekstur stærstu fyrirtækja landsins.

**Lifandi bók** allt árið. Lesendur fletta upp í henni aftur og aftur.

**Viðtöl** við forstjóra 35 fyrirtækja sem koma við sögu í bókinni.

**TÖFLURNAR ERU EINNIG FÁANLEGAR Á GEISLADISKI**

**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK – STRAX Í DAG**

**FRJÁLS VERSLUN**

Sími 512 7575 • [www.heimur.is](http://www.heimur.is)

# Leiðirnar liggja saman á marga vegu

Í sumar keypti Straumur-Burðarás 51 prósent hlut í breska ráðgjafarfirmakerinu Stamford Partners. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir hitti Nick Barton, einn stofnenda félagsins, og spurði hann út í samstarf fyrirtækjanna.

Síðastliðið sumar tilkynnti Straumur-Burðarás um kaup á 51 prósent hlut í breska fjármálaráðgjafarfirmakerinu Stamford Partners. Félagið, sem hefur starfsemi í London og Amsterdam, sérhæfir sig sérstaklega í ráðgjöf til evrópskra fyrirtækja í matvæla- og drykkjariðnaði og byggir starfsemi þess á sterkum tengslum við leiðandi fyrirtæki í greininni. Um miðjan október samþykkti breska samkeppniseftirlitið kaupin og er nú ekkert því til fyrirstöðu að félögin geti ráðist saman í verkefni.

Leiðir Straums-Burðarás og Stamford Partners geta legið saman á ýmsa vegu að sögn Nick Bartons, eins eigenda félagsins, sem staddur var hér á landi á dögunum þegar ársfjórðungsuppgjör Straums-Burðarás var kynnt.

„Hefðum við ekki tekið ákvörðun um að sameinast öðrum hefðum við sennilega ekki farið að auka við okkur á erlendri grundu, þar sem áhættan hefði verið of mikil fyrir okkur. Samstarfið við Straum-Burðarás gerir okkur kleift að komast inn á markaði eins og Þýskaland og Pólland, auk Skandinavíu. Þar eru möguleikarnir miklir í matvæla- og drykkjariðnaði, mörg fyrirtæki af minni stærðargráðu sem er einmitt sá markaður sem við höfum verið að einbeita okkur að.“

## ÝMSAR DYR GÆTU OPNAST

Straumur-Burðarás og Stamford stefna í sameiningu á að hafa náð styrkri stöðu innan tveggja til fjögurra ára í Norður-Evrópu. Gera þau ráð fyrir að á þeirri leið verði leitast við að samþætta rekstur fyrirtækjanna eins og hægt er, sem muni koma báðum fyrirtækjum til góða.



**NICK BARTON, EINN EIGENDA STAMFORD PARTNERS** Straumur-Burðarás keypti 51 prósent hlut í Stamford Partners í sumar og gerður hefur verið bindandi samningur um kaup á hinum 49 prósentunum sem eftir eru þegar fram líða stundir. Engar áætlanir eru þó uppi um að sameina félögin tvö, enda er Stamford Partners vel þekkt vörumerki í matvæla- og drykkjariðnaðinum.

Milli fyrirtækjanna hefur verið gerður bindandi samningur um að Straumur-Burðarás kaupi hin 49 prósentin sem eftir eru þegar fram líða stundir. Það eru þó engar áætlanir uppi um að sameina félögin tvö, enda er Stamford Partners

vel þekkt vörumerki í matvæla- og drykkjariðnaðinum.

Tengsl Stamford Partners við leiðandi fyrirtæki í matvæla- og drykkjariðnaði koma til með að opna ýmsar dyr fyrir Straumi-Burðarási ef að líkum lætur.

„Í starfi okkar komumst við oft á tíðum í kynni við frumkvöðla, ekki síst fólk sem starfar hjá stærri fyrirtækjum og hefur hug á að kaupa sitt eigið fyrirtæki. Þannig höfum við séð mörg tækifæri sem við höfum hingað til ekki haft möguleika á að nýta á annan hátt en þann að vinna sem ráðgjafar að kaupnum og fá fyrir það þóknun. Stærsta viðskiptatækifærið liggur nefnilega í því að hafa aðgang að fjármagni og hafa möguleikann á því að veita ekki bara ráðgjöf heldur að vinna að samningnum frá a til ö.“ Þarna kemur Straumur-Burðarás inn í dæmið því í sameiningu munu félögin geta boðið upp á ráðgjöf og fjármögnun á einum stað.

## FRUMKVÖÐLAANDINN MIKILVÆGUR

Barton segir fleiri stóra fjárfestingarbanka hafa komið til máls við Stamford Partners um kaup á félaginu en Straumur-Burðarás hafi orðið fyrir valinu vegna frumkvöðlaandans sem ríkir innan fyrirtækisins. „Fólkið sem vinnur hjá Straumi-Burðarási hefur frumkvæði, það er tilbúið að ráðast í hlutina og það er sveigjanlegt. Þetta eru þau gildi sem hafa alltaf verið okkur hjá Stamford Partners mikilvæg. Margir stærri fjárfestingarbankar byggja líka á viðskiptamódeli sem virkar ekki fyrir okkur – að gera mjög stóra samninga og sjá um allt sem að honum kemur. Það virkar ekki mjög vel í matar- og drykkjariðnaðinum vegna þess að mjög stórir samningar eru fáir í hlutfalli við þá smærri. Þessi minni fyrirtæki sem við erum að fókusa á krefjast meiri sveigjanleika og frumkvöðlaanda í samningavenjum, vegna þess að oftar en ekki eru það frumkvöðlar sem sitja hinum megin borðsins.“



LS EASY RETAIL

### Einfaldur rekstur - fjölbreyttir eiginleikar

LS Easy Retail er kjörið kerfi fyrir aðila í leit að heildarlausn sem fljótlegt er að koma í gagnið, einfalt að nota og er sniðin að framtíðarþörfum. **Með LS Easy Retail færð þú:**

- |                                |                           |
|--------------------------------|---------------------------|
| Fjárhagsbókhald                | Birgðir og forðabókhald   |
| Viðskiptamanna- og sölubókhald | Starfsmannahald           |
| Tengslastjórnarkerfi (CRM)     | LS Retail verslun         |
| Eignakerfi                     | LS Retail bakvinnslukerfi |
| Lánadrottna- og innkaupakerfi  | Þrjá samtímanotendur      |

LS Easy Retail er byggt á Microsoft hugbúnaði og fellur viðmótið inni kunnuglegt viðmót forrita eins og Outlook, Word og Excel.

## Lífið er einfalt með LS Easy Retail

Alvöru  
verslunar-  
og bókhaldskerfi  
**198.900 kr.**  
Tilboðið gildir  
til 16. des.

Nú býðst þér einstakt tækifæri á að koma rekstrinum þínum í enn betra horf á einfaldan hátt með LS Easy Retail frá Landsteinum Streng.

Við hönnun LS Easy Retail voru sérstaklega hafðar í huga þarfar verslana og veitingastaða með einn til tvo afgreiðslukassa. Kröfur sem gerðar eru til getu og virkni kerfis fyrir slíkar einingar eru þær sömu og í stærri verslunum en mælikvarðinn er annar. Í LS Easy Retail eru til staðar allir nauðsynlegir þættir fyrir þarfar verslunarreksturs eins og í viðameiri kerfum, en munurinn felst í einfaldari uppsetningu og ríkari áherslu á þarfar minni rekstraraðila.

Allt þetta og meira til býðst þér á aðeins 198.900 kr.\* Nýttu þér tækifærið og gerðu lífið einfaldara með LS Easy Retail. Hafðu samband við söludeild okkar í síma 550 9000. **Tilboðið stendur til 16. desember.**

Samstarfsaðilar okkar eru: *Nýherji, Opin kerfi, Tæknival og Þekking.*



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.landsteinarstrengur.is

Microsoft Business Solutions  
Global ISV Partner of the Year 2005

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum með yfir 28.000 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Boots stórmarkaðirnir, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, OL í Áþenu árið 2004).

Microsoft Dynamics  
**Microsoft**  
GOLD CERTIFIED  
Partner

\*Verð er án vsk. og veltúnaðar.



# X-FACTOR Á STÖÐ 2

HEFST 17. NÓVEMBER



## SAGA X-FACTOR

X-Factor er hæfileikakeppni hönnuð af Simon Cowell Idol-dómara. X-Factor sló öll áhorfsmet í Bretlandi og er meira að segja orðin vinsælli en Idol.



## X-FACTOR Á ÍSLANDI

X-Factor sem hefst 17. nóvember verður án efa stærsti sjónvarpsviðburður í tuttugu ára sögu Stöðvar 2 og verðugur arftaki Idol Stjörnuleitar.



## ÁHEYRNARPRÓFIN SKRAUTLEG

Áheyrnarprófin sem fóru fram 3. og 14. október voru skemmtilegri og skrautlegri en nokkru sinni áður. Fólk á öllum aldri var velkomið og einnig sönghópar.



## SLAGUR DÓMARANNA

Þegar 90 keppendur eru eftir er þeim skipt í þrjá hópa. Dómararnir taka að sér hver sinn hóp og keppast um að skapa næstu poppstjörnu Íslands.



## ÚRSLITIN Í BEINNI

Þeir 12 hæfileikarikustu keppa til úrslita í beinum útsendingum.



## NÚ NÆST STÖÐ2 Á ADSL OG BREIÐBANDSKERFI SÍMANS!

FRÁBÆRT KYNNINGARTILBOÐ FYRIR NOTENDUR ADSL OG BREIÐBANDSLYKLA SÍMANS

Þú greiðir nóvember á tilboðsverði 4.995 krónur og færð dagana fram til 5. nóvember frítt, Stöð 2 Bío fylgir með.

Sæktu tilboðið á [stod2.is](http://stod2.is).



Breiðband Símans





## BANKAHÓLFÍÐ

### Saman á ný

Eins og kunnugt er urðu litlir kærleikar með Magnúsi Kristinssyni og Björgólfi Thor Björgólfssyni í Straumi-Burðarási. Þeir eru því ekki líklegir til stórræðanna saman í nánustu framtíð, þótt þeir séu það auðvitað hvor í sínu lagi. Björgólfsfeðgar hafa verið að auka hlut sinn í Avion í gegnum Gretti og eru þar komnir í samstarf við sinn gamla félag Magnús Þorsteinsson. Hins vegar kemur í ljós þegar litið er á hluthafalistann að Magnús Kristinsson er þar á topp tuttugu. Það má því með góðum vilja halda því fram að Magnús og Björgólfur Thor séu þar sameinaðir á ný.

### Lánlausir blaðamenn

Skrif Extra Bladet hafa verið forvitnileg, ekki síst fyrir það að blaðamennirnir sem skrifa greinarnar virðast ekki bera neitt skynbragð á fjármagnsflutninga og viðskipti yfirleitt.

Meðal þess sem þeir segjast hafa komist að eftir að hafa grafið djúpt í skjöl í Lúxemborg er að Gaumur, eignarhaldsfélag Bónusfjölskyldunnar hafi þurft að veðsetja allt að 20 prósent af hlutabréfum sínum í Baugi fyrir láni. Þetta þykja þeim dönsku mikil tíðindi. Helst virðist vægið á þessu helgast af því að blaðamennirnir telja veðsetningu einhverja goðgá. Hér á landi eiga menn íbúðir vel veðsettar, en í Danmörku leigja margir og sennilega gildir það um blaðamenn Extrablaðsins. Þeir eru því væntanlega lánlausir í þeim skilningi.

### Frændþjóðir standa þéttar

Velta má því fyrir sér hvort ekki taki að fara um Dani þegar frændþjóðirnar Íslendingar og Færeyingar stilla sér jafnbétt upp og raun ber vitni í Hoyvikssamningnum sem tekur gildi í dag. Nokkur stór fyrirtæki héðan eru þegar með töluverð umsvif í Færeyjum og geta þau vart nema aukist eftir gildistöku samningsins sem kemur á fullu fjórfrelsi auk þess að verslun með landbúnaðarvörur verður frjálssari en um getur til þessa. Einhverjum gæti dottið í hug að næsta skref væri að innlima Færeyjar í íslenska ríkið, enda aðgangur Færeyinga að markaði hér trúlega orðinn auðveldari en í Danmörku, sem er í Evrópusambandinu.

**67,2** milljarða króna hagnaður Kaupþings á fyrstu níu mánuðum ársins sem er nærri tvöföldun frá fyrra ári.

**34** milljarða króna söluhagnaður Avion Group af XL Leisure Group og 51 prósent hluta í Avion Aircraft Trading.

**26,2** milljarða króna hagnaður Landsbankans á fyrstu níu mánuðum ársins sem var undir spám greiningardeilda bankanna.

## Heilsunudd þegar þér hentar



Með fullkominni tölvustýringu og hátækni nuddbúnaði framkallar M-CLASS nuddstóllinn áhrifaríkt nudd frá toppi til tótt. Með því að styðja á hnapp á meðfylgjandi fjarstýringu velur þú það nuddkerfi sem þér hentar hverju sinni. Stóllinn nuddar þig líkt og fagmaður þegar þú vilt og þar sem þú vilt. M-CLASS nuddstóllinn er hannaður með þig og þínar þarfir í huga. Við bjóðum þér að koma í nudd í verslun okkar að Skúlagötu 63 til að sannfærast.

**Kynnum 2007 módelið á sérstöku tilboðsverði!**

**M-CLASS**

ECC Skúlagötu 63 - Sími 511 1001

[www.ecc.is](http://www.ecc.is)

**ECC**

**E-TRADE**

„Auðveldara en ég hélt“

Með þátttöku á E-TRADE í gegnum Landsbankann býðst einstaklingum möguleiki á að nýta sér beint og milliliðalaust áhugaverð fjárfestingartækifæri.

Kynntu þér málið á [landsbanki.is](http://landsbanki.is) eða hringdu í síma 410 4000.

120  
1886  
2006

**Landsbankinn**

Banki allra landsmanna í 120 ár

**BÍLASALAN**  
**HÖFÐAHÖLLIN**  
567-4840 og 660-0565  
-Klettháls 3-  
www.hofdahollin.is

VW Touareg, árgærd 2004. Ekinn 25 þ.km þúsund km. Verð kr. 5290.000.



Chevrolet Trailblazer LS árgærd 2002. Ekinn 60 þ.mílu. Verð kr. 1890.000.

**Höfðahöllin**  
Klettháls 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
www.hofdahollin.is



**20% afsláttur**  
Af öllum motorhjólavörum út nóvember!



**20% afsláttur**  
Af öllum motorhjólavörum út nóvember!



**20% afsláttur**  
Af öllum motorhjólavörum út nóvember!

**Bilabúð Benna ehf.**  
Vagnhöfða 23,  
Sími: 590 2000  
www.benni.is

**BÍLAMÍÐSTÖÐIN**

Toyota Corolla Sol H/B, árgærd 2004, ekinn 44. þ. km. Sjálfskiptur. Verð 1550.- 100% lán.



Skoda Octavia 2001, ekinn 72þkm, sjálfskiptur. Verð 830þ. 100% lán.

**Bilamiðstöðin**  
Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.  
Sími: 540 5800  
www.bilasala.net

**BÍLAHORNID**

BMW 540, árg. 7/2002, ek. 178 km, leður, lúga, 19" M5 felgur, ofl. Ásett Verð 3.690 þ. Lækkað Verð 2.950 þ. Áhvílandi 2.700 þ. Upplýsingar í síma 567 2400 eða á www.bilahornid.is



Ford 250, árg. 2001, ek. 90 þ. km, Diesel. Verð 2.750 þ. Lækkað Verð 2.400 stgr. Upplýsingar í síma 567 2400 eða á www.bilahornid.is



Dodge Ram 1500, árg. 2002, ek. 130 þ. km, leður, 20" chromefelgur. Flottur bill. Ásett verð 2.690 þ. Lækkað Verð 2.450 þ. Upplýsingar í síma 567 2400 eða á www.bilahornid.is



Ford Econline, árg. 1996, ek. 130 þ. km, 12 manna. Ásett verð 1.490 þ. Verð Lækkun 750 þ. stgr! 50% afsláttur. Upplýsingar í síma 567 2400 eða á www.bilahornid.is



Mercedes Benz ML350 New, árg. 2006, ek. 30 þ. km, leður, lúga, ofl. Ásett verð 7.200 þ. Tilboð 5.950 þ. stgr. Upplýsingar í síma 567 2400 eða á www.bilahornid.is

**Bílahornið**  
Funahöfða 5, 110 Reykjavík  
Sími: 567 2400  
www.bilahornid.is

**bíla land B&L**  
road & bike  
www.bilaland.is  
**BÍLL DAGSINS**



Renault Scenic II Nýskr. 05/2005, 1600cc, 5 dyra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 16.960 þ. Verð 2.050.000.



Renault Scenic II Nýskr. 05/2005, 1600cc, 5 dyra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 16.960 þ. Verð 2.050.000.

**Bílaland, B & L**  
Grjótháls 1, 110 Rvk.  
Sími: 575 1230  
www.bilaland.is

**LITLA** www.litla.is  
bílalagan 5. 567 7777



Porsche Cayman S 2/2006, svartur, ek. 4 þ. km, (innfl. nýr) Verð 8.500 þús.




Dodge Dakota Slt 2006, ssk., ek. 9 þ. km, loka á palli, bílalan ca 3 millj. V. 3.300 þús.



Chrysler Pt Cruiser Ltd Turbo 7/2003, ssk. leður, bílalan ca 2 millj. Verð 2. millj.

**Litla bílasalan**  
Eirhöfða 11, 112 Rvk.  
Sími: 587 7777  
www.litla.is

**NÝJA**  
**BÍLAHÖLLIN**



Ssangyong Rexton RX-290 Diesel Nýskr. 8/2004, ekinn 41 þ.km Ssk. Verð 2.850.000 Skipti möguleg á ódyrari.



M-Benz E 320 CDI (Diesel) Nýskr. 7 / 2006, Ssk. Verð 6.590.000. Nýr bill, eyðsla 7.5 l á 100 km.



VW Passat Comfort Line, Nýskr. 6/2004 Ekinn 34 þ. km, Ssk. vetrardekk á felgum fylgja. Verð 2.250.000. Skipti möguleg á ódyrari.



Honda Accord 2,4 Executive, Nýskr. 7/2005, ekinn 15 þ. km, ssk. Verð 3.050.000. Lán áhv. Skipti möguleg á ódyrari.



VW Golf 1600 Comfortline, nýskr. 6/2005, ekinn 12 þ.km, ssk. Verð 2.180.000. Lán áhv.

**Nýja bílahöllin**  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
www.notadirbilar.is



Nýr Chrysler Grand Voyager Diesel. eyðsla 8,4 L í blönduðum akstri, 7 manna, leður, allt rafknúðið, sæti fellanleg niður í gólf, álfelgur, samlitur, full ábyrgð, þjónustaður af Raesi. Milljón kr. afsláttur frá listaverði. Okkar verð 4.490 þús.

**Sparibill ehf**  
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

**HEIMS BÍLAR**  
www.heimsbilar.is



Ford Escape XLT choice 4WD árg. 2003 ek. 49 þ.mílu. Ásett 2.390 þ. Tilboð 1.990 þ. Einn með öllu. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

**Heimsbilar**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 567 4000  
www.heimsbilar.is

**Atvinnubílar**  
Komdu og gerðu góð kaup



**CITROEN BERLINGO**  
Nýskr: 12/2003, 1400cc  
6 dyra, Fimmgíra, Ljósgrár, Ekinn  
64.000 þ. Verð: 990.000



**OPEL COMBO**  
Nýskr: 08/2005, 1700cc  
6 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn  
130.000 þ. Verð: 1.490.000



**RENAULT KANGOO**  
Nýskr: 02/2004, 0cc  
6 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn  
40.000 þ.  
Verð: 1.590.000



**RENAULT AT MASTER**  
Nýskr: 10/2003, 2500cc  
6 dyra, Fimmgíra, Blár, Ekinn  
130.000 þ.  
Verð: 2.050.000



**RENAULT AT TRAFIC**  
Nýskr: 11/2004, 0cc  
6 dyra, Beinskíptur, Gulur, Ekinn  
103.000 þ.  
Verð: 1.850.000



**TOYOTA HIACE**  
Nýskr: 06/2005, 2700cc  
5 dyra, Fimmgíra, Grænn, Ekinn  
18.000 þ.  
Verð: 2.380.000

**TILBOÐSHORN**  
Bílar á einstöku verði  
Allt að 100% fjáringvar og veistir frá 3.9%.



**HYUNDAI GETZ**  
Nýskr: 05/2005, 1300cc  
5 dyra, Fimmgíra, Dökkblár, Ekinn  
35.000 þ. Verð: 1.230.000 tilboð  
980,000,-



**HYUNDAI SANTA FE**  
Nýskr: 03/2004, 2700cc  
5 dyra, Sjálfskiptur, Brúnn / Grár,  
Ekinn 46.000 þ. Verð: 2.590.000  
tilboð 2.250,000,-



**HYUNDAI SONATA**  
Nýskr: 12/1999, 2000cc  
4 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn  
107.000 þ.  
Verð: 850.000 tilboð 570,000,-



**RENAULT MEGANE**  
Nýskr: 08/2002, 1600cc  
4 dyra, Fimmgíra, Rauður, Ekinn  
71.000 þ. Verð: 940.000 tilboð  
750,000,-



**SUZUKI JIMNY JLX**  
Nýskr: 06/2002, 1300cc  
3 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn  
98.000 þ. Verð: 790.000 tilboð  
560,000,-



**SUZUKI JIMNY JLX**  
Nýskr: 06/2002, 1300cc  
3 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn  
84.000 þ. Verð: 890.000 tilboð  
690,000,-

**TIL SÖLU**



Sætishitari í flestar gerðir bíla. Rafmagníð tengist í 12 volta tengið. Ómissandi þegar það fer að kólna. 4.900kr fyrir 1 sæti



Snilldar bön á felgurnar. Nú er rétti tíminn til að hugsa að umhíru felgnanna. Ef þú notar Weelwax þá skolar þú óhreinnindunum af. 1.990kr



Bluetooth fyrir flesta gerðir Bluetooth síma. Endist í 4 tíma í tali og 250 tíma í bið. Gott að losna við snúrufarganið sem fylgir oft handfrjálsum búnaði 4.900kr.




Loksins, loksins kominn aftur! Spennubreytir í bíla, tengist í 12 volta tengið. Gefur frá sér 230Volt, 50HZ og 300W við stöðuga notkun. 8.400kr



**Verslun & Varahlutir**  
Grjóthálsi 1 · Sími: 575-1240 · www.bl.is

**bíla land B&L**  
road & bike  
bilaland.is  
Grjóthálsi 1 Reykjavík  
Hrísmýri 2a Selfoss  
Reykjavík 575 1230  
Selfoss 575 1460



trukkur.is



**Scania**

R 500 8X4

Nýr bíll

Verð 11.600.000+vsk



**Scania**

R 420 8X4

Nýr bíll

Verð 11.350.000+vsk



**Scania**

R 420 8X4 á grind.

Nýr bíll

Verð 8.420.000+vsk



**MAN**

35 430 8X4

Nýr bíll

Verð 9.410.000+vsk



**Scania**

P 124 8X4

Nýr bíll

Verð 10.510.000+vsk

**Minnum  
á fjölda  
annara  
tækja á  
heimasiðu  
okkar**



trukkur.is

Sími 893-8327

### Bílar til sölu



Bílar og tæki til sölu. Það er hægt að skoða þá á heimasíðu okkar

www.velamidstod.is eða hafa samband í síma 840 5735.

islandus.com  
www.islandus.com - Sími 552 2000

**Síðustu Ford útsölu dagar**

Nýr F150 F350

Benzín/Dísell

Fra Kr. 1.990.000

islandus.com  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Ford útsölu dagar! Nýr frá verksmiðju Ford F150 frá Kr. 1.990.000. Ford F350 dísel frá Kr. 2.600.000. Einnig úrval notaðra bíla fleiri hundruð þúsund krónum undir markaðsverði. Lækkun dollar, útsölur bílaframleiðenda og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.

islandus.com  
www.islandus.com - Sími 552 2000

**Sæviðarsund - fráb. staðs.** Í einka- sölu góð vel skipul. ca 95 fm efri h. í mjög velstaðs. fjórþ. Stórar suðursv. Parket og flisar á gólfum. V. 22,3 m. 6977

**Grýtubakki - mikið endurn.** Í einka- sölu mikið endurn. ca 105 fm íb. á 3.h. í mjög velstaðs. húsi, suðursv., parket og flisar. Allt nýtt á baði. V.18,5m. 3283

## 3ja herb. íbúðir.



**Fífulind - glæsileg íb. á eftirsóttum stað.** Nýkomin í einkasölu glæsíl. 93 fm íb. á 2.hæð í góðu nýlegu fjölþýli. Sérínggangur af svalagangi, vandaðar innr., parket, sérþvottaherb. í íbúð, flisa- lagðar suðvestur svalir. Toppíbúð á mjög góðum stað. Örstatt í alla verslun, þjónustu, skóla, sund og fl. Verð 22,9 millj. 7209



**Möðrufell.** Góð ca 80 fm íbúð í vel staðsettri blokk, góðar svalir. Snyrtileg sameign bæði úti og inni. V. 14,9 m. 7194



**Núpalind - m. . staði í bílskýli.** Vorum að fá í sölu góða vel staðs. ca 100 fm 3ja herb. íb. á 4.h. í kl. fjölþ. Góðar suðv.svalir, glæsíl. útsýni. Innb. bílskýli möguleiki að kaupa annað staði. Öll sameign til fyrirm. bæði úti og inni. V. 26 m. 7206



**Berjarimi - bílskýli - mjög gott verð.** Í einkasölu falleg og einstakl. velskipul. 3ja herb. íb. á jarðh. ásamt bílskýli. Vand. innréttingar. Flisal. baðherb. Parket. Stór sérverönd. Séríngg. Laus í des.06. Gott verð 20,3 m. 7155



**Tröllaborgir - m. bílskúr.** Í einkasölu mjög góð íbþ á 2. h. í vel staðs. húsi. Góður innb. bílsk. Parket og flisar. Snyrtileg. sameign. V. 21,7m. 7081



**Austurberg - m. bílskúr** Falleg 81 fm íb. á 2. h. m. bílskúr. Nýtt fallegt eldh. Parket. Stórar suðursv. V.18,0 m. 6970

**Dynsalir - Kópav. Glæsileg íb. m. séríngg.** Nýl. glæsíl. 111 fm íb. á 3.h. í litlu fjölþ. Séríngg., vand. kirsuberjainnr., parket, stórar suðv.sv., þvottaherb.+ geymsla í íb. Getur losnað fljótt. V. 25,8 m. 3962

**Tröllaborgir - m. bílskýli** í einkasölu mjög góð efri hæð. Fráb. staðs. í ról. botnlanga. Stórar svalir. Parket. 2 svefnherb. og góð stofa. Mjög gott útsýni. V.18,9 m. 6973

**Krummahólar - klætt hús.** Góð 91 fm íb. á 2. h. í góðu fjölþ. sem er klætt að utan. 2 góð herb. Yfirb. svalir. Nýtt eldh. Bílskúr- splata. V. 16,8 m. 4652

**Eskihlíð - góð 3ja + auka- herb.** Í einkasölu rúmng. íb. á 3.h. ásamt aukaherb. í risi, alls 104 fm. Hús nýstánds. að utan ,nýtt þak. Fallegt útsýni. Áhv. ca 12 m. íb.lánasj. V. 18,9 m. Laus. 6813

**Austurbrún - mikið endurn. íb.** Vönduð mikið endurn. 96,5 fm íb. á jarðh. (0101) í fallegu fjórþ. á góðum stað í austurb. Nýl. eldhús, gólfefni, innihurðir ofnalagnir, skólp, gler og gluggar(að mestu) o.fl. Mögul. að yfirt. lán frá Kbbanka allt að 12,4 millj. Gott verð 19,6 m. 7197

**Engihjalli - glæsilegt útsýni.** Í einkasölu velskipul. 85 fm íb. á 4.h. í góðu lyftuh. íb. er m. stórum suðvest- ursv. Parket. V.16,2 m. 7154

**Lyngmóar - m. bílskúr** Glæsíl. 89 fm íb. á 3. h. ásamt bílsk. í glæsíl. fjölþ í Garðab. Nýl. baðherb. Hús klætt að utan. Yfirb. svalir. V. 20,9 m. 7118

**Dalsel - bílskýli.** Mjög glæsíl. 95 fm íb. á 3.h.m. st. í lok. bílsk. Hús klætt að utan á 3 hlíðar. Glæsíl. útsýni yfir borgina. Nýl. eldhús. V. 17,5 m. 7090

**Heiðargerði- Vatnsleysuströnd.** Í einkasölu ca 80 fm 3ja herb. íb. á efstu hæð í klæddri blokk að Vogum Vatns- leysuströnd. Séríngg. af svölum. Vandað parket og flisar á gólfum. Glæsíl. útsýni, stórar svalir. V. 15,6 m. 7033

**Æsufell - falleg íbúð -laus -nýl. klætt hús.** Mjög falleg 93 fm íb. á 7. h. í lyftuh. Hús nýl. klætt að utan m. nýjum gluggum. Allar framkv. greiddar. Nýl. parket, gott eldhús. Falleg íbúð m. glæsíl. útsýni. V. 15,9 m. 7015

**Gvendargeisli- stórglæsíl. íbúð.** Stórglæsíl. 130 fm íb. á 2.h. m. séríngg. St. í bílsk. Allt sér. Parket. Gott þvottah. Glæsíl. eldh. og baðherb. Stórar suðursv. V. 28,9 m. 6932

**Þórðarsveigur - lyftuhús.** Stór- glæsíl. endaíb. á 3 h. í nýju glæsíl. lyftuh. Sérþvottah. Staði í bílsk. Suður- svalir. V. 21,9 m. 6823

**Álfkonuhvarf. - Séríngg. - bílskýli.** Vönduð ca 100 fm íb. m. séríngg. af svölum. Suðursv. Gott staði í lok. bílsk. fylgir. V. 24,9 m. 4584

## 2ja herb. íbúðir.



**Sogavegur 1.hæð - glæsíl. uppg.** Mikið endurn. íbúð á jarðh. í góðu þrið. á mjög góðum stað við Sogavegin. Hús byggt 1983. Áhv. ca 12,5 m. (grb. ca 65 þ. pr. mán.) v. 15,9 millj. 6899



**Jöklafold - jarðh. m. sérgarði.** Í einkasölu góð ca 60 fm íb. á jarðh. m. sér garði. Góð velskipul. íb. á góðum stað. V. 14,9 m. 7178



**Álfaskeið - m. bílskúr.** Falleg velskipul. 57,3 fm íb. á 3. h. í fallegu velstaðs. fjölþ. ásamt 23,7 fm bílsk. Góðar innrétt. V. 15,8 m. 6948

**Hverfisgata - laus** Litil 36 fm ósamþykkt íbúð í kjallara. Íbúðin er í þökkalegu standi. V. 6,5 m. 7243

**Skípholt - 2ja herb.** Snyrtileg 46 fm íb. í kj. á fráb. stað. Nýl. eldhús og plastparket. V. 12,9 m. 6875

**Smiðjuvegur Nýtt á skrá** Til sölu 577 fm. Húsnæðið skiptist í jarðhæð ca 439,3 fm. og skrifstofur á milli loftum ca 137 fm. Góðar innkeyrsludyr, góð lofthæð. Húsnæðið hentar undir hverslags iðnað og eða lager. Aðkoma er nokkuð góð. Verð tilboð. 7071

## SJÓNARHORN



Surtshellir er í Hallmundarhrauni um 14 km frá Húsafelli. Hann er talinn einn þekktasti og lengsti hellir landsins. Landnáma telur Surtshelli kenndan við jötuninn Surt og getur þess að skáld hafi ort kvæði um Surt og flutt honum það í hellismunnum. Í Landnámu og Harðarsögu er talað um flokk illvirkja, sem sátu heima í hellinum og rændu fé ofan af heiðum og úr byggðinni. Það var ómögulegt að ráðast á þá í hellinum, því að vígi er þar svo gott, en loks heppnaðist að koma þeim að övörum þar sem þeir sváfu í lág einni þegar þeir komu úr smalamennsku ofan af heiði. Upp úr þessum sögnum hefur Hellismannasaga orðið til, sú sem er fest á bók í þjóðsögum Jóns Árnasonar.

FRÉTTAFLAÐIÐ/VILHELM

## TOPP 5: JEAN CLAUDE VAN DAMME

Jean Claude Van Damme, oft kallaður „the muscles from Brussels“ heitir í raun Jean-Claude Camille François Van Varenberg. Hann hefur síst vakið athygli fyrir góðan leik þrátt fyrir að vera nokkuð farsæll leikari á tímabili. Hann vel vöðvaði Belgi var sem vinsælastur á tíunda áratugnum fyrir harðhausamyndir þar sem hann lék oftast mis-skilda hetju sem átti harma að hefna. Segja má að leikhæfileikarnir séu skör neðar en hjá Schwarzenegger en aðeins ofar en hjá Dolph Lundgren sem fengu svipuð hlutverk á þessum tíma.

**1. Monaco Forever (1984).** Myndin er aðeins 48 mínútna löng og eingöngu merkileg fyrir þá staðreynd að þar birtist Van Damme fyrst á hvíta tjaldinu sem samkynhneigður karatemaður.

**2. Lionheart (1990).** Hér leikur Van Damme Lyon Gaultier sem er í frönsku útlendingahersveitinni. Hann gerist liðhlaupi til að hjálpa fjölskyldu bróður síns sem var myrtur í Bandaríkjunum. Til að fjármagna ferð sína tekur hann þátt í bardagakeppnum þar sem hann berst með berum hnefum.



**3. Double Impact (1991).** Van Damme leikur tvíburabræðurnar Alex og Chad sem voru aðskildir sem litlir drengir þegar foreldrar þeirra voru drepnir. Nú hittast þeir á ný 25 árum síðar og hafa þroskast mjög misjafnlega. Annar er finni með sig meðan hinn er hrotti. En í ljós kemur að þeir eru líkari en þeir halda og þeir taka höndum saman til að hefna dauða foreldra sinna.

**4. Universal Soldiers (1992).** Í þessum framtíðartrylli leika þeir saman harðhausarnir Van Damme og Dolph Lundgren. Þeir eru hermenn sem drepa hvor annan í Víetnam en eru endurlífgaðir til að starfa fyrir leyniher.

**5. Timecop (1994).** Myndin gerist í framtíðinni þar sem tímaflakk er orðið að veruleika. Van Damme er lögreglumaður sem hefur umsjón með tímaflakksglæpum. Hann velkist í vafa um hvað er rétt og rangt þar sem hann gæti komið í veg fyrir morð á eiginkonu sinni með því að misnota aðstöðu sína. Í þessari mynd reis stjarna Van Damme hæst enda halaði myndin inn talsverða peninga. Hins vegar hefur ferill leikarans aldrei náð sér á strik eftir þetta.

Upplýsingar, viðburðir,  
afþreying og fréttir

**REYKJAVIK.COM**  
**REYKJAVIKMAG**

Allar nýjustu **upplýsingar**  
og fréttir **á ensku** á  
vefnum **reykjavik.com** og  
í blaðinu **Reykjavikmag**.



6 af hverjum 7 konum vita hvað virkar.

Ég er **Nº7**

Fáanlegt hjá:  
Öllum betri **apótekum landsins**

**BM** **HAGKAUP**



**Boots**  
Merkið tryggir gæðin!

**FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR**  
**FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR**



**enginn í heimi selur fleiri fasteignir...**

**www.remax.is**

**allt**  
auglýsingasími  
**550 5880**

**ATVINNUTÆKIFÆRI**  
Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu.  
Góð álagning. Falleg, hrifandi og auðseljanleg vara.  
Verð ca. 12 m.  
Svar merkt: „Uppgrip“ sendist á netfangið: galle@isl.is

**Mest**  
lesna tímaritið\*

**birta**  
\*Gallup Október 2005

**allt**  
atvinna  
Alla sunnudaga

**Auglýsing um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frístundabyggð í Sléttuhlíð, Hafnarfirði.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 19. sept 2006, að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frístundabyggð í Sléttuhlíð, Hafnarfirði í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingartillagan felst í að svæði fyrir frístundabyggð í Sléttuhlíð er stækkuð úr 8,7 ha í 24,9 ha þanning að það taki til allra frístundahúsa sem nú er í Sléttuhlíð og Klifsholti. Mörk Reykjanesfólksvangs eru færð til samræmis við nágildandi mörk hans. Tillagan er í samræmi við áður auglýsta tillögu að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025.

Aðalskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 1. nóvember - 29. nóvember 2006. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 13. desember 2006. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytinguna teljast samþykkir henni.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

VÆLKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!  
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

**Smiðir**  
**Kraftafl ehf auglýsir**  
**Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu**  
**Upplýsingar í síma 840 1616**

**Reykjavíkurborg**  
Skipulags- og byggingarsvið

**Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík**

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi og tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

**Reitur 1.182.0 Klapparstígsreitur.**  
Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit 1.182.0, Klapparstígsreit sem afmarkast af Klapparstíg, Skólavörðustíg, Vegamótastíg og Grettisgötu. Í deiliskipulaginu er m.a. gefin heimild til nýbyggingar á lóðinni að Klapparstíg 40 og viðbygginga við núverandi hús að Klapparstíg 40 og á sameinaðri lóð Skólavörðustígs 13 og 13A. Einnig að heimilt verði að gera minniháttar breytingar á húsum, s.s. gera skyggni, svalir og minni kvisti án þess að breyta þurfi deiliskipulagi.  
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Traðarland 1, Víkingsvæði.**  
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Traðarland 1 vegna íþróttasvæðis Víkings.  
Tillagan gerir ráð fyrir nýjum upplýstum gervi-grasvelli á suðurhluta svæðisins og að núverandi malarvelli verði breytt í grasæfingarsvæði. Þrjú möstur verða á hvorri langhlíð og er lýsing beint inn á völinn og leitast við að lágmarka glýju með því að velja lampa með tilliti til þess og setja sérstaka glýjuvörn á þá. Enn fremur verður gert ráð fyrir 85 nýjum álagstæðum á opnu svæði norðaustan við núverandi íþróttahús.  
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Úlfarsárdalur, hverfi 4.**  
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal, hverfi 4, austurhluti.  
Tillagan gerir ráð að á austasta hluta 1. áfanga Úlfarsárdals er lóðum fyrir einbýlis- og parhús fjölgað og fjölbýlishúsum fækkað að sama skapi, leikskóli fluttur til vesturs á lóð sem áður var afmörkuð fyrir stofnun, leiksvæði við Sifjarbraut verður flutt norður fyrir Sjafnarbraut og lóðarmörkum grunnskóla er lítillega breytt.  
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 1. nóv. til og með 13. desember 2006. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, [www.skipbygg.is](http://www.skipbygg.is).  
Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið [skipulag@rvk.is](mailto:skipulag@rvk.is), til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 13. desember 2006.  
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 1. nóv. 2006  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

**RE/MAX MJÓDD**



**Reynimelur 60**  
Vesturbær  
Opíð hús í dag kl. 18:00 - 19:00

Verð: 63.000.000  
Stærð: 248,2  
Fjöldi herbergja: 7  
Byggingarár: 1969  
Brunabótamat: 30.170.000  
Bílskúr: Já

Jónas Órn Jónsson hdl. lógg. fasteignasali 520 9550  
Pétur Sölufulltrúi 8978776 petur@remax.is

Til sölu er glæsilegt þriggja hæða parhús ásamt bílskúr í vesturbænum í Reykjavík. Í dag er húsinu skipt í tvær eignir, annars vegar rúmgóða íbúð á jarðhæð og hins vegar íbúð á fyrstu og annari hæð. Allt viðhald eignarinnar er til mikillar fyrirmyndar. Íbúðin á jarðhæð er í dag leigð út fyrir um 95.000 krónur á mánuði, en hún er rúmgóð og smekklega innrétuð. Eigninni fylgir söluvernd VÍS sem gildir til næstu fimm ára. Frekari upplýsingar veitir Pétur Hilmarsson s: 897-8776 - petur@remax.is

**Snyrtistofa • Tekjumöguleikar**  
Hringdu núna í síma 866 9512

Svana Sölufulltrúi 866 9512 www.svana.is  
Sigurður Guðmundsson hdl. lógg. fasteignasali



Þekkt, smart og vel staðsett snyrtistofa til sölu. Vel búin tækjum og tólum s.s allt til alls. Frábært atvinnutækifæri fyrir hugmyndaríkt hæfileikafólk. Mjög góð aðstaða og þægilegt umhverfi fyrir viðskiptavininn. Heimasíða, símanúmer og velvildin fylgja með. Húsnæðið er í öruggri leigu.

**RE/MAX BÚÍ**  
www.remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

**COSTA BLANCA STRÖNDIN: YFIR 300 SÓLARDAGAR Á ÁRI!**

**Fasteignir til sölu á Spáni**

Verð frá 8.900.000 kr. – Allt að 90% lán – [www.gloriacasa.is](http://www.gloriacasa.is)

Íslensk þjónusta á Spáni  
Skipulagðar skoðunarferðir

**gloria casa**  
Fasteigna- og leigumíðun Íslendinga á Spáni  
[www.gloriacasa.is](http://www.gloriacasa.is) - S: 517 5280

Verðdæmi er með fyrirvara um gengisbreytingar



Elskulegur eigenmaður minn, faðir,  
tengdafaðir og afi,

**Gylfi Gröndal**  
ríthöfundur,

lést á heimili sínu, Hlíðarvegi 40, sunnudaginn  
29. október.

Pórunna Tómasdóttir Gröndal  
Gerður Gröndal Pórður Þórðarson  
Sigríður Gröndal Ingólfur Bender  
Gylfi Freyr Gröndal  
Jóhann Gröndal  
og barnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Andrés Ásmundsson**  
læknir, Sjafnargötu 14, Reykjavík,

lést á Borgarspítalanum í Fossvogi mánudaginn  
30. október.

Þorbjörg Pálsdóttir Stefán Andrésón Pórunn Andrésdóttir  
Katrín Andrésdóttir Gunnar Kristjánsson  
Þóra Andrésdóttir Gunnar H. Roach  
Andrés Narfi Andrésón Ása Sjöfn Lórens dóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



JÓN SIGURBJÖRNSSON LEIKARI ER  
84 ÁRA Í DAG

Ég er dús við sjálfan mig og  
finnst stundum að mér  
takist vel það sem ég geri.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,

**Þórey Kristín  
Guðmundsdóttir (Dóða)**

Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Garðabæ,

andaðist mánudaginn 23. október. Útför verður gerð frá  
Fossvogskirkju föstudaginn 3. nóvember næstkomandi  
kl. 13.00.

Sveinn Haukur Björnsson Elín M. Sigurðardóttir  
Hugi Ingibjartsson  
Björn Valdimar Sveinsson  
Margrét Birna Sveinsdóttir  
Linda Kristín Sveinsdóttir  
Jón Guðni Ómarsson  
Kristófer Snær Hugason  
Ísak Tandri Hugason  
og barnabarnabörn.



Ástkær systir okkar,

**Sigríður Gizurardóttir**

lífeindafræðingur, Kvisthaga 29, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans sunnudaginn  
29. október. Útför hennar verður auglýst síðar.

Lúðvík Gizurarson  
Bergsteinn Gizurarson  
Sigurður Gizurarson



SÖNGUGLAR Í SALNUM Þessa á afmælistónleikum Samkórs Kópavogs er tónlistarbærinn Kópavogur, en hann stefnir svo á tónleikaferð til Kanada á næsta ári.

SAMKÓR KÓPAVOGS: FJÖRUTÍU ÁRA AFMÆLI

## Pungamiðja kór

Samkór Kópavogs heldur upp á fjörutíu ára afmæli sitt með þrennum tónleikum í Salnum. Fyrstu tónleikarnir verða í kvöld, en hinir tveir eru á morgun og 5. nóvember. Kórinn var stofnaður í október 1966 af fjórum framtakssömum Kópavogsbúum og hefur starfað nánast óslitið síðan. „Mér finnst stofnun kórsins bera vott um framsýni og kraft. Kópavogur var ekki nema ellefu ára bær þegar þetta var, og svo var allt í einu kominn þarna öflugur kór,“ sagði Sólveig



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Njáll Friðrik Bergsson**

Sundabúð 3, Vopnafirði,

lést 29. október. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju,  
Akureyri, þriðjudaginn 7. nóvember kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningargjafabók Sundabúðar í Landsbankanum á Vopnafirði.

Guðmundur Örn Njálsson Guðrún Birna Jóhannsdóttir  
Hafðís Njálsdóttir  
Guðný Sif Njálsdóttir Jóhannes Steingrímsson  
Haukur Njálsson Ása Björk Finnsdóttir  
Hulda Marín Njálsdóttir Stefán Garðar Nielsson  
Bergþóra Njálsdóttir Fróði Ólafsson  
afa- og langafabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Guðmundsdóttir**

áður húsfreyja að Höfða, Dýrafirði,

andaðist á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Tjörn föstudaginn 27. október. Útför hennar fer fram frá Mýrakirkju laugardaginn 4. nóvember kl. 12.00.

Fríður Guðmundsdóttir Trausti Þorleifsson  
Gísli Rúnar Guðmundsson Hrafnhildur Hilmarsdóttir  
Jóna Guðmundsdóttir Sigurður R. Guðmundsson  
Vilborg Guðmundsdóttir Gísli Óskarsson  
Sighvatur Dýri Guðmundsson  
barnabörn og langömmubörn.



Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur,  
dóttursonur og frændi,

**Ólafur Þór Ólafsson**

lést fimmtudaginn 26. október. Hann verður jarðsöngurinn frá Selfoskirkju föstudaginn 3. nóvember klukkan 13.30.

Sigrún Gyða Sveinbjörnsdóttir Ólafur Th. Ólafsson  
Elín Vigdís Ólafsdóttir  
Hrund Ólafsdóttir  
Bragi Ólafsson Sólveig Guðmundsdóttir  
Sigrún Sól Ólafsdóttir Pálmi J. Sigurhjártarson  
Guðrún Sigurðardóttir og systkinabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Óli Pálmi Halldór Þorbergsson**


Dunhaga 13, Reykjavík,

lést á Landspítala, Fossvogi, sunnudaginn 29. október. Jarðarförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 7. nóvember kl. 15.00.

Hildur Kjartansdóttir Kjartan Ólason Konráð Eyjólfsson  
Helga Óladóttir Pétur H. Jónsson  
Oddný Þóra Óladóttir og afabörn.



SÓLVEIG KARVELSDÓTTIR Hefur sungið með kórnum í þrettán ár, en býr þó ekki í Kópavogi.



Þegar andlát ber að

Allhliða útfararþjónusta í 16 ár

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.ulfaric.is · ulfaric@ulfaric.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

**Legsteinar**  
Kynningarafsláttur af völdum tegundum Fjölbreytt úrval Hagstæð verð Stuttur afgreiðslufrestur

**Steinsmiðjan Rein**  
Viðarhöfða 1 · 110 RVK.  
sími 566 7878 · www.rein.is



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Hjalti Auðunsson**

Öldugötu 15, Hafnarfirði,

varð bráðkvaddur laugardaginn 28. október. Útförin verður auglýst síðar.

Ólöf Erla Þórarinsdóttir börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

**PETTA GERÐIST: 1. NÓVEMBER 1512**

# Sixtínska kapellan opnuð almenningi

Á þessum degi árið 1512 var loftið í sixtínsku kapellunni í Róm eftir listamanninn Michelangelo sýnt almenningi í fyrsta sinn.

Michelangelo Buonarroti fæddist í þorpinu Caprese árið 1475 en ólst upp í Flórens. Hann fór í læri hjá listamanni þrettán ára gamall enda sýndi hann mikla hæfileika á því sviði og síðar tók stjórnandi Flórens Lorenzo de Medici hann undir sinn verndarvæng. Eftir að hafa sannað hæfileika sína sem myndhöggvari í verkum eins og Pieta og Davíð var hann kallaður til Róm



árið 1508 til að mála loftið í sixtínsku kapellunni í Vatikaninu. Michelangelo vann í nokkur ár að verkinu en listskreytingar hans þykja einna eftirminnilegastar af verkum hans. Þær mynda flókið kerfi en níu þeirra eru biblíusögumyndir. Frægust þeirra er án efa Sköpun Adams, þar sem guð og Adam teygja hendi mót hvor öðrum. Michelangelo lauk verkinu árið 1512.

Hann starfaði sem arkitekt í Flórens til ársins 1534 þegar hann sneri aftur til Róm þar sem hann bjó og vann til æviloka árið 1564.

**MERKISATBURÐIR**

- 1604 Leikritið Óþelló er frumflutt í London.
- 1845 Veðurathuganir hefjast í Stykkishólmi. Það er elsta veðurathugunarstöðin hér á landi.
- 1928 Brúin yfir Hvítá í Borgarfirði, hjá Ferjukoti, er vígð.
- 1952 Bandaríkjamenn sprengja fyrstu vetrissprengju heims í Kyrrahafi.
- 1967 Almannagjá er lokuð fyrir bílaumferð.
- 1972 Bandaríska skáldið Ezra Pound ber beinin.
- 1983 Þýska skipið Kampen sekkur suður af landinu. Sjó lást.



**SAMEINÆÐIR STÖNDUM VÉR**  
Loftfímleikamenn leika listir sínar á Alþjóðlega loftfímleikamótinu sem fer fram í Kína þessa dagana.

NORDIC PHOTOS/GETTYIMAGES



**STÓNLEIKAR Í SALNUM**

# starfs

Karvelsdóttir í samtali við Fréttablaðið, en hún hefur sungið með kórnum í þrettán ár.

„Við erum með tónleika á hverju vori og oft með jólatónleika. Svo förum við alltaf á eilíheimili í kringum jólin líka og syngjum fyrir gamla fólkið,“ sagði Sólveig, en kórinn hefur gerst nokkuð víðföruð á starfsferli sínum. „Við höfum farið í ótal utanlandsferðir og haldið einkatónleika og sungið í kirkjum. Svo höfum við ferðast vítt og breitt um Ísland líka,“ sagði Sólveig.

Kórfélagar eru í dag 58, en margir hafa verið með í allt að þrjátíu ár. „Erla Axelsdóttir er ein þeirra, hún byrjaði í kórnum með mömmu sinni þegar hún var sextán. Það var fyrir 1970 og hún er enn að,“ sagði Sólveig, sem vill þó gjarnan fá fleira ungt fólk til liðs við söngfélagana í Samkórnum. „Það er erfitt að fá ungt fólk til að sinna svona félagsskap, það hefur í svo mörgu öðru að snúast. Ætli það sé ekki bara fylgifiskur nútímans,“ sagði hún.

Sólveig segir kórinn hafa gegnt merku menningarlegu hlutverki um árin. „Hann hefur verið fastur liður í menningarlífi bæjarins frá stofnun. Það hafa bæst við margir nýir kórar, en þessi er alltaf þungamiðjan. Þegar einhverjir menningarathurðir eru í bænnum er kallað til okkar,“ sagði hún. Sólveigu þykir Kópavogur vera sérlega músíkalskur bæ. „Tónskáldin Þorkell Sigurbjörnsson, Sigfús Halldórsson og Fjölfnir Stefánsson eru öll úr þessum litla bæ. Hér hefur líka verið hlúð vel að tónlistarstarfseminni og það starf metið mikils. Það skiptir miklu máli ef tónlistarstarf á að vera blómlegt,“ sagði Sólveig.

sunna@frettabladid.is

## KÓPAL Glitra

# Þekur betur




**Óli Jón Kristinsson máleri:**  
„Einfaldlega besta málingin sem ég hef notað.“

**Kópal** Glitra þekur betur, ýrist sama og ekkert og er svo til lyktarlaus. Spurðu um **KÓPAL**.



**Útsöluastaðir Málningar:** Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegí • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi Byko Akranesi • Axel Þórarinnsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík Núpur byggingarvöruslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík

**málning**  
-það segir sig sjálf-



# gæðahúsgögn

Ítalskir hornsófar og sófasett  
á verulega góðum verðum  
í takmarkaðan tíma

Nautsleður í hæsta gæðaflokki.  
Fáanlegt í antíkbrúnu & ljósu.



3+1+1 verð 249.000,-  
TILBOÐ 189.000,- stgr

3+2+1 verð 269.000,-  
TILBOÐ 198.000,- stgr



Horn 2+H+2 verð 229.000,-  
TILBOÐ 169.000,- stgr  
(auka sæti 29.000,-)



GP  
gæðahúsgögn

Dalshrauni 1 Hafnarfirði  
Opið mán-fös 10-18 og lau 11-16 s: 565 1234

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Faraldursótti

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR FERÐAST UM FISCHERSUND



Ég var eitt þeirra barna sem tók kvöldfréttirnar of mikið inn á sig. Ég var alltaf sannfærð um að nýjasta hættan eða faraldurinn myndi koma til Íslands, og það gagnert til þess að plaga mig. Ég missti úr svefn yfir krabbameini, almæmi og ebólu. Í fyrra gjóði ég meira að segja augunum á gæsirnar fyrir utan háskólann í leit að grunsamlegu athæfi sem gæti bent til þess að fuglaflensufaraldurinn væri kominn til að stúta mér.

Undanfarna daga hefur verið talað um nauðgunarfaraldur í Reykjavík, saklausar stúlkur hafa verið dregnar inn í húsasund og sviptar fleiru en sakleysinu. Í blöð-

unum svara vegfarendur því hvort konur séu óhultar í Reykjavík, og nokkrum finnst konur eiga að vera varar um sig og forðast húsasund eftir fremsta megni.

Ég hef löngum verið óákveðin, en ég gerði upp hug minn um nauðganir fyrir löngu síðan. Þær eru andstyggilegasti glæpur sem ég get ímyndað mér. Og ég get ekki verið sáttt við það að konum sé gert að forðast dimm húsasund. Ég þoli hreinlega ekki að það sé fjallað um það fyrir dómi hvers kyns nærfötum fórnarlambið klæddist, hvort hún hafi verið drukkin, eða hvort hún hafi „gefið til kynna“ á einhverju augnabliki að hún vildi stunda kynlíf með nauðgaranum. Verður það næst þannig að fórnar-

lambið getur kennt sjálfu sér um af því það labbaði framhá MR um nótt? Verður það notað gegn stúlkunni fyrir dómi? Hvenær ætlar fólk að átta sig á því, fyrir fullt og allt, að nauðgun er ekki fórnarlambinu að kenna? Ég vil ekki þurfa að breyta lífi mínu til að koma mér hjá nauðgun. Ég vil geta gengið í gegnum húsasund á leið heim úr miðbænum, eins og allir karlkyns meðlimir þjóðfélagsins.

Sumir vilja kannski halda því fram að ég sé veruleikafirrt. En ef þetta er veruleikinn, að ég megi ekki lengur gefa mig á tal við ókunna stráka eða ganga Fischersundið á leiðinni heim, þarf bara að breyta veruleikanum. Ekki mér, það er ekkert að mér.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**LATI  
BAER™**

# Ný og endurbætt framleiðsla



**Nýtt "Dobby"  
vætns- og vindhelt  
efni sem unnið  
hefur til verðlauna.**

**YKK rennilásar,  
sem eru víður-  
kenndir um allan  
heim fyrir há gæði.**

**Stórir og góðir  
endurskinsborðar.**

**Kúldagalli  
bleikur og blár  
st. 80 - 130**

**7.999 kr.**

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



### Kl. 20.00

Landnámssetrið í Borgarnesi verður með opið hús og kynnr vetrarstarfið. Sérstakir gestir eru eigendur verslananna Kristý og Handavinnuhússins í Borgarnesi sem kynna vörur sínar. Einnig verður sýning á fatnaði eftir Rögnu Fróðadóttur sem verður á staðnum, borgfirskar konur sýna fatnaðinn undir stjórn Elísabetar Guðmundsdóttur. Freyjukórinn syngur og lesið verður í rúnaspil.

## menning

menning@frettabladid.is

## Þriðja táknið í Evrópu

Þriðja táknið eftir Yrsu Sigurðardóttur kemur í dag út í Þýskalandi og hefur þegar verið dreift í nærri 30 þúsund eintökum í verslanir, en fyrsta prentun var 40 þúsund eintök og önnur prentun, 15 þúsund til, er væntanleg fljótlega. Yrsa er stödd í Þýskalandi um þessar mundir að fylgja eftir útgáfunni eftir. Hún mætir á Mord am Hellweg en það er stærsta glæpasagnahátíð Evrópu og les upp í sendiráði Íslands í Berlín. Fischer Verlag, sem gefur söguna út, festi kaup á næstu bók Yrsu sem nefnist Sér grefur gröf. Þriðja táknið er nú komið á markað í átta Evrópulöndum; grísk útgáfa væntanleg nú í byrjun nóvember, sömuleiðis www.crimezone.nl í Hollandi.



svo tékknesk og slóvensk. Alls hefur Veröld samið um útgáfu á 25 tungumálum um allan heim. Næsta bók Yrsu, Sér grefur gröf, sem kemur út nú í nóvember, hefur meðal annars verið seld til Bandaríkjanna, Bretlands, Spánar, Ítalíu, auk Þýskalands. Viðtökur erlendis við Þriðja táknið hafa verið góðar. Sænska vikuritið Allas segir að þetta sé „skemmtileg morðsaga eftir nýja glæpasagnadrottningu“. Gagnrýnandi Politiken sagði Þriðja táknið heillandi íslenska glæpasögu og að hann biði spenntur eftir næstu bók Yrsu. Spænski netmiðillinn www.livra.com gaf Þriðja táknið fjórar stjörnur, sölumuleiðis www.crimezone.nl í Hollandi.



### > Dustaðu rykið af...

leikritum Guðmundar Steinssonar. Þekktasta verk Guðmundar, **Stundarfríður**, var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu árið 1978 og vakti strax töluvert umtal. Alls skrifaði höfundurinn 22 leikrit sem öll má finna í heildarsafni verka hans sem út kom hjá forlaginu Ormstungu árið 2003. Leikarar **Borgarleikhússins** sýna eigin uppfærslu á verkinu **Sólarferð** eftir Guðmund næstkomandi laugardag.

## Kvöld söngvaskálda


Efnt verður til söngvaskáldakvölds á veitingastaðnum Domo í Þinghóltsstræti í kvöld. Þar munu tónskáld, textahöfundar og flytjendur ólíkra kynslóða skiptast á að prufukeyra nýtt frumsamið efni og síðan verður efnt til spuna tíðar þar sem Eyþór Gunnarsson, Einar Scheving, Óskar Guðjónsson og Róbert Þórhallsson annast undir- eða meðleik.

Skipuleggjendur og bakhjarlar söngvaskáldakvöldanna eru Félag



HEYÞÓR GUNNARSSON Stýrir spuna tíð á söngvaskáldakvöldi.

tónskálda og textahöfunda, Félag íslenskra hljómlistarmanna og eigendur Domo. Dagskráin hefst kl. 21, aðgangur er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.



ÁSTRÍÐUPRUNGÍÐ VERK Nicolette Morrison og Matthew Hugget í hlutverkum sínum í Danny and the Deep Blue Sea.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### MEÐ Á NÓTUNUM

Árni Heimir Ingólfsson

## Að njóta tónlistar

Stór hluti íslensku þjóðarinnar hefur einhvern tímann stundað tónlistarnám eða tekið þátt í skipulögðu tónlistarstarfi. Í dag eru yfir 12.000 tónlistarnemar á grunn-, mið- og framhaldsstigi á landinu og þúsundir Íslendinga syngja í kórum af ýmsu tagi. Þrátt fyrir þetta virðist meðalaldur þeirra sem sækja klassíska tónlistarviðburði fara hækkanði með hverju árinu. Hvers vegna skilar þessi mikli fjöldi tónlistarnema sér ekki í aukinni aðsókn á tónleika? Hefur gleymst að kenna þeim sem læra á hljóðfæri að hafa gaman af að hlusta á aðra spila eða syngja? Höfum við einblínt um of á færni sem er mæld í stigum og prófum, en gleymt að rækta það sem tónlistarnám í víðasta skilningi getur skilið eftir sig? Það er nefnilega hægt að læra að njóta tónlistar, alveg eins og maður getur lært að njóta þess að lesa góða bók, fara í leikhús, drekka rauðvín, eða hvaðeina sem gerir lífið ánægjulegra og gefur því aukna dýpt.

Eitt verkefni hefur algjöra sérstöðu þegar kemur að því að kynna tónlist fyrir ungu fólki. „Tónlist fyrir alla“ nefnist samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga sem hefur staðið fyrir reglubundnu tónleikahaldi í grunnskólum landsins um árabil. Sem dæmi má nefna að í Kópavogi fer hvert einasta barn á grunnskólastigi 3-4 sinnum á tónleika í Salnum á hverju ári, sem þýðir að 16 ára unglingur í Kópavogi hefur sótt yfir 30 tónleika á vegum skólans. Þetta er dýrmæt fjárfesting þótt „árangurinn“ komi aldrei til með að verða augljós eða mælanlegur. Það kæmi mér ekki á óvart að svona verkefni skilaði sér í skörpum og víðsýnum einstaklingum sem kunna að njóta þess sem er fallegt og gott í lífinu. Og þá er til mikils unnið.

### Yndishlustun?

Það er ekki síður nauðsynlegt að sinna nemendum á framhaldsstiginu hvað þetta varðar. Menntaskólanemar eru upp til hópa forvitnir og hafa löngun til að tileinka sér margvíslega kunnáttu á hinum ýmsu sviðum. Kórar eru starfandi í mörgum framhaldsskólum og í gegnum þá kynnast nemendur tónlistarflutningi, læra grundvallaratriði í raddeitingu og kynnast tónsmíðum frá ýmsum tímum. Starfið sem þar er unnið verður seint fullmetið. En hvað með þá sem langar bara til að læra um tónlist, en hafa ekki áhuga eða tíma til þess að syngja í kór?

Í enskumælandi löndum er til hugtakið „music appreciation“, en með því er átt við fag í framhalds- eða háskóla þar sem nemendur læra að hlusta og njóta klassískrar tónlistar. Slíkir áfangar hafa aldrei náð föttestu í íslenska skólakerfinu og mér vitanlega bjóða aðeins tveir framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu upp á tónlistarsögu sem valáfanga. Hins vegar eru víðast hvar í boði áfangar í „yndislestri“, þar sem nemendur lesa fræg bókmenntaverk og gera grein fyrir þeim munnlega eða með verkefnum. Auðvitað er mikilvægt að ungt fólk á Íslandi kynnist heimsbókmenntum, en af hverju að láta staðar numið þar? Hvers vegna er mikilvæga fyrir ungt fólk að lesa Voltaire, Dostojevski og Hemingway en að hlusta á Bach, Beethoven og Stravinski?

### Það er ekki nóg að slá heimsmet

Það er herna sem við stöndum frammi fyrir okkar stærsta vanda hvað varðar tónlistaruppeldi þjóðarinnar. Það er nefnilega ekki nóg að slá heimsmet í fjölda tónleika miðað við höfðatölu. Eftirspurnin þarf líka að vera til staðar. Kannski er það hin meðfædda framkvæmdaglegi Íslendinga sem kemur okkur í koll. Við erum kraftmikil og skapandi þjóð og okkur finnst fátt skemmtilegra en að spila í hljómsveit, syngja í kór, eða semja lög og texta. En það hefur gleymst að kenna okkur að sitja, hlusta og njóta tónlistarinnar án þess að vera sjálf í sviðsljósinu. Við erum á góðri leið með að verða landið þar sem allir syngja í kórum en enginn fer á tónleika.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að íslenskir tónlistarmenn eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að bæta ástandið. En málið er ekki alfarið á þeirra konnu. Það þarf samstillt átak menntamálayfirvalda, skólastjórnenda, kennara, tónlistarmanna og almennings til að snúa þróuninni við. Hvernig væri að byggja upp á Íslandi þjóðfélag þar sem fólk hefur jafn gaman af yndishlustun og yndislestri, jafn gaman af að tala um nýja tónlist og nýtt leikhús? Hverjir eiga annars að fylla 1.800 manna salinn í nýja tónlistarhúsinu?

## Pönkuð ástarsaga í Austurbæ

**Tvær einmana sálir hittast á bar. Þær hata allt og alla en komast ekki hjá því að falla hvor fyrir annarri. Það er ekki að spyrgja að ástinni. Leikritið Danny and the deep Blue Sea ferðast frá Lundúnum yfir í Norðurmýri Reykjavíkur og verður frumsýnt annað kvöld.**

Leikstjórinn Jón Gunnar Þórðarson lauk nýlega námi í leikstjórn frá Drama Center-skólanum í London en fyrrgreint verk var fyrsta atvinnuverkefni hans þar í borg. Leikendurnir tveir, Nicolette Morrison og Matthew Hugget, komu að máli við Jón Gunnar og fengu hann til að stýra þeim í uppfærslu á uppáhalds leikverki þeirra.

Leikritið Danny and the Deep Blue Sea er eftir bandaríska leikskáldið John Patrick Shanley og var frumsýnt árið 1984. Shanley er einnig þekktur fyrir hlut sinn í gerð myndarinnar Moonstruck en hann hlaut Óskarsverðlaun fyrir handrit sitt að myndinni. „Þetta verk er samt grófara en sú mynd en það fjallar meðal annars um slagsmál, eiturlyf, ofbeldi og misnotkun“, segir Jón Gunnar og áreitar að viðhorfið verksins sé nokkuð svart. „Þetta er saga fólks sem mann grunar ekki að geti elskað en elskar svo heitt vegna þess að það hefur farið á mis við foreldraást, væntumþykju og forljú í lífinu“, útskýrir leikstjórinn.

### Brútal en fallet

Jón Gunnar segist ekki hafa þekkt verkið þá. „Nicolette sló þessu framan í mig, hún sagði að þetta væri verkið, ég ætí að leikstýra því og hún og maðurinn hennar ættu að leika það“, segir hann kímunn. „Ég þekkti aðeins til hennar því hún var í sama skóla og ég og síðan vissi ég líka af honum, var reyndar hálf hræddur við hann því ég hélt að hann væri dálítið brjálaður. Síðan fór ég á barinn, las handritið og sá strax að þetta er þeirra saga. Þetta er falleg ástarsaga, pönkuð í stíl við Frankie og Johnny. Þetta er brútal en samt er svo mikil fegurð í því.“

Nicolette og Hugget eru hjón og Jón Gunnar útskýrir að bakgrunnur þeirra sé hliðstæður við aðalpersónur verksins sem koma úr verkamannastétt og líkt og skálduðu persónurnar feldu Nicolette

og Matthew hugi saman og giftu sig innan mánaðar frá sínum fyrstu kynnum. „Það er alveg einstakt að vinna með hjónunum, þessi hlutverk eru eins og valin fyrir þau og því var engin leið fyrir mig að klúðra þessu“, útskýrir Jón Gunnar hlæjandi. „Þau þekkja þennan heim sem er svo langt frá okkur – þetta er trúverðugt leikhús og ég myndi gjarnan vilja vinna meira í þessum dúr og fá tækifæri til að kafa svona djúpt á æfingaferlinu.“

Leikritið var sýnt í Etcetera Theatre í Camden í London við feikigóðar undirtektir og því var ákveðið að leggja í leikferðalag með það hingað til lands og verða settar upp fimm sýningar í Austurbæ, sú fyrsta annað kvöld en sú síðasta á laugardag. Verkið er sýnt í Silfurtunglinu, nýuppggerðu rými á efri hæð hússins.

kristrun@frettabladid.is



JÓN GUNNAR ÞÓRÐARSON LEIKSTJÓRI Getur vel hugsað sér að vinna með hjónum aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



ÓMÓTSTÆÐILEGT  
ÁSKRIFTARTILBOÐ  
650 KR. Á MÁNUÐI\*

Fyrsta tölublaðið fritt og  
tappatogari fylgir með!

1.tbl. 2006, verð 950 kr. m. vsk.

# bístró

*tímarit um mat & vín*

*Leikið að litum  
Músikalskur matur  
Til á tíu*



*Sæta blaðið*

Bragðgóðar minningar & Blindsmakk á vínunum  
Exótískir eftirréttir & Hunang, ostur



Allt er gott sem endar á súkkulátti

**NÝTT TÍMARIT UM MAT OG VÍN!**  
Bístró - kemur út á morgun!

Áskrift á [www.bistro.is](http://www.bistro.is)  
eða í síma: 550 5060

**danny and the deep blue sea**

**“pönkuð ástarsaga”**

**Frumssýning:**  
fim 2. nóv kl. 20:00

**Sýningar**  
fös 3. nóv kl. 20:00 **upselt**  
fös 3. nóv kl. 22:00 **upselt**  
lau 4. nóv kl. 20:00  
lau 4. nóv kl. 22:00

**Aðeins þessar sýningar**  
**Miðaverð kr. 2000**  
Sýningin fer fram á ensku

**Hafið bláa**  
Sun 12. nóv kl. 13:30  
Sun 19. nóv kl. 13:30  
**síðasta sýning fyrir jól**  
Fékk afhjálpaðaverðlaun  
gímunnar 2006

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00**

**STÓRFENGLIÐ** eftir Peter Quilter  
4. sýn. lau. 4/11 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 5/11 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 11/11 örfá sæti laus, 7. sýn. sun. 12/11 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 18/11 örfá sæti laus.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrínu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.  
Sun. 5/11 kl. 14:00 **upselt**, lau. 11/11 kl. 14:00 **upselt**, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 18/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 **upselt**, fös. 29/12 kl. 20:00, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.  
Fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11 örfá sæti laus, fim. 9/11 **upselt**, fös. 10/11 örfá sæti laus, fim 16/11, fös. 17.11.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ** aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.  
Lau. 4/11 örfá sæti laus, fös. 10/11 örfá sæti laus.

**KÚLAN** Lindargötu 7, kl. 20:00

**UMBREYTING** – brúðsýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.  
Lau. 4/11 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 17:00, sun. 12/11 kl. 17:00.

**LEIKHÚSLOFTIÐ** aðalbyggingu, kl. 11:00 og 12:15

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.  
Lau. 4/11 kl. 11:00 **upselt** og kl. 12:15 **upselt**, aukasýning kl. 14:00 **upselt**, sun. 5/11 kl. 11:00 **upselt** og kl. 12:15 **upselt**, lau. 11/11 kl. 11:00 **upselt** og kl. 12:15 **upselt**, sun. 12/11 kl. 11:00 **upselt** og kl. 12:15 **upselt**.

**Gjafakort í Þjóðleikhúsið opnar ævintýraheim!**

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is  
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

**„UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG.“**  
AMADEUS

<b>RONJA RÆNINGJADÓTTIR</b> Sun 5/11 kl. 14 Sun 19/11 kl. 14	<b>MEIN KAMPF</b> Lau 4/11 kl. 20 Sun 11/11 kl. 20
<b>VILTU FINNA MILLJÓN?</b> Fös 3/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20	<b>REGÍNA ÓSK ÚTGÁFUTÓNLEIKAR</b> Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20
<b>FOOTLOOSE</b> Sun 5/11 kl. 20 Fös 17/11 kl. 20	<b>AMADEUS</b> Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort. Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort Sun 19/11 kl. 20 6.sýning
<b>BRILLJANT SKILNAÐUR</b> Fim 2/11 kl. 20 Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20 Fim 23/11 kl. 20 AUKASÝNING Sun 3/12 kl. 20 AUKASÝNING Fös 8/12 kl. 20 AUKASÝNING Aðeins þessar sýningar.	<b>DOGMA LEIKARANS</b> Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson Sýnt á 3ju hæðinni
<b>MANNTAFL</b> Fös 3/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20 Aðeins þessar sýningar	<b>FJÖLSKYLDUSÝNING ÍD</b> Lau 4/11 kl. 17 Lau 11/11 kl. 17 Miðaverð 1.000
	<b>DOGMA LEIKARANS</b> Lau 11/11 kl. 14 Frums. Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 14

Fritt fyrir 12 ára og yngri

Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhusid.is

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

# Ævisaga Guðmundar Finnbogasonar er komin út

Frá sál til sálar er heiti bókar sem komin er út hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi eftir Jörgen Pind sálfræðing. Ritið fjallar um ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings, en það er nýlunda að hann sé kenndur við það starfsheiti, lengst af var hann þekktur í íslensku menningarlífi sem landsbókavörður. Færri vita að Guðmundur var frumkvöðull í íslensku sálfræði og vann sem slíkur gríðarlega merkilegt starf, bæði með fræðistörfum sínum og sem höfundur og hugmyndasmíður fræðslulaganna sem sett voru 1907 og löngu grunninn að skólaskyldu hér á landi.



**GUÐMUNDUR FINNBOGASON SÁLFRÆÐINGUR, MENNTA- FRÓMUÐUR OG LANDSBÓKAVÖRÐUR** Ný ævisaga um hann bætir úr verulegum skorti á hlutdeild hans í norrænum sálfræðikenningum og almennri umræðu

Guðmundur var fæddur árið fyrir þjóðhátíðarárið, 1873, og lést lýðveldishátíðarárið 1944. Hann samdi verkið Den sympatíske forstaaelse sem er þekkt sem sígilt rit í norrænni sálfræði en mætti litlum skilningi landsinni sem löngum hafa titið sálfræðina hornauga.

Í ævisögunni gerir Jörgen sérstaka grein fyrir kenningu Guðmundar um samúðarskilninginn sem telja verður hans frumlegasta framlag til íslenskra

hugvísinda og landar hans hafa ekki sýnt mikinn sóma.

Bókin er 474 bls. að stærð og er ríkulega myndskreytt. Höfundurinn staðnæmist við kenningasmíði Guðmundar en rekur jafnframt margvíslega opinber afskipti hans en Guðmundur var gríðarlega áhrifamikill maður í opinberri umræðu hér á landi á sinni tíð og hafði áhrif víða, Jörgen Pind hefur unnið að riti sínu um nokkurra ára skeið og er prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands. -pbb

## Glögggt er gests augað

[LEIKHÚS]

UMFJÖLLUN

**Best í heimi**

Leikhópurinn **Rauði Þráðurinn** sýnir í lönd

**Höfundur** Hávar Sigurjónsson, María Reyndal og leikhópurinn / **Leikarar** Caroline Dalton, Tuna Metya, Pierre-Alain Giraud og Dimitra Drakopoulou / **Leikmynd- og ljóshönnun** Egill Ingbergsson og Móeiður Helgadóttir / **Búningar** Dýrleif Ýr Örylgadóttir og Margrét Einarsdóttir / **Tónlist og hljóðmynd** Þorkell Heiðarsson / **Leikgervi** Jóna Sólbjört Ágústsdóttir og Sigríður Rósa Bjarnadóttir / **Danshöfundur** Lára Stefánsdóttir / **Leikstjóri** María Reyndal

Við Íslendingar höfum óendanlegan áhuga á okkur sjálfum og þar með á viðhorfi annarra til okkar. Viðfangsefni sýningarinnar Best í heimi eru samskipti Íslendinga við útlendinga þar sem flett er ofan af ýmiss konar fordómum, látalátum og heimóttarskap. Þarna er á ferðinni meinfyndið verk sem samanstendur af stuttum þáttum eða frásögnum af fólki sem fléttast saman. Fjórði hefst og endar í flugvél en persónurnar eru allra landa farþegar og auðvitað séríslensk áhöfn sem kallar fram ófáar brosviprur hjá þurrlyndustu þjóðernissinnum.

Leikhópurinn er hreint út sagt fráþær. Verkið er leikið á íslensku en leikhópurinn skipa Caroline Dalton frá Englandi, Dimitra Drakopoulou frá Grikklandi, Pierre-Alain Giraud frá Frakklandi og Tuna Metya frá Tyrklandi. Öll bregða þau sér í fjölmörg gervi og er frammistaða þeirra alveg glimrandi góð. Þau mynda sterkan og samstilltan hóp og hafa öll mikla útgeislun á sviðinu. Mismikið reyndi á hádrámatíska tilbúðri í verkinu en vert er að minnast á leik Dimitru Drakopoulou sem túlkar móðurina ungu, Kim, sem missir forræði yfir barni sínu. Leikur hennar snart mig mjög og áhrifamikil lokaræða hennar fylgir leikhúsgestum út í



**Niðurstæða:** Meinfyndið sprell og eftirminnileg ádeila í frábærri sýningu.

nóttina, minnug þess að þarna var ekki aðeins dugmikið sprell á ferðinni heldur líka eftirminnileg ádeila á núverandi ástand.

Leikritið er á íslensku en enskum texta er varpað á sviðsmýndina svo þeir sem ekki skilja hið ástæðu yhlýra geta einnig notið sýningarinnar. Reyndar er mikið spaugað með tungumálið í verkinu, líkt og með hinar klassísku forhugmyndir fólks um Ísland, vegsömun náttúruverlanna og ofuráherslu á sérstöðu íslensku þjóðarinnar. Grínið er oftar en ekki tengt vandráðlegum uppákomum sem útlendingar lenda í þegar þeir mæta velmeindandi eða óþolinmóðum Íslendingum, til dæmis þegar kemur að starfsþjálfun ræstitækna á heilbrigðisstofnunum.

Heildarmynd sýningarinnar fannst mér faglega unnin, búningar og gervin nutu sín vel í einfaldleika sínum, leikmyndin var stórsniðug og dansnúmerin lifguðu mikið upp á sýninguna. Það er fáa annmarka að finna á þessu framtaki Rauða þráðarinnar, helst væri þó að grínið var full einsleitt en þó ekki svo að maður hætti nokkurn tíma að skemmta sér á sýningunni.

Leiksýningin Best í heimi er verðug áminning um að við erum ekki aðeins íbúar lands eða mislyndir gestgjafar heldur tökum við þátt í títtnefndu fjölmenningsarsamfélagi með gjörðum okkar og orðum. Ég hvet alla þá sem vettlingi geta valdið að sjá þessa sýningu.

Kristrún Heiða Hauksdóttir

## NÝJAR BÆKUR

Þriðja bókin eftir Björk Bjarkadóttur um Óla og súperömmu er komin út á forlagi Máls og menningar: Amma fer í sumarfrí. Eins og í fyrri barnabókum hennar eru bæði myndir og texti eftir Björk.



Þegar litli bærinn hennar ömmu er laus við þjófa og ræningja ákveða amma og Óli að bregða sér í frí. En ekki er allt með felldu á sólarströndinni þar sem þau ætla að hvíla sig og fyrr en varir eru amma og Óli komin í æsispennandi eltingarleik við vasabjófa.

Amma fer í sumarfrí er sólrík og skemmtileg saga fyrir upprennandi leynilögur og aðra fjöruga krakka.

Forlagið Skrudda gefur út Spiderwick-sögurnar sem hafa fallið vel í kramið hjá spennufiklum af yngstu kynslóðinni. Á dögunum komu út þrjár síðustu bækurnar í seríunni, Leyndarmál Lúsindu, Tréð í járnsgóginum og Reiði Múlgrata. Höfundar bókanna eru Tony DiTerlizzi og Holly Black en þýðandi er Böðvar Guðmundsson.



Bókaflokkur um náttúruvísindi sem ber yfirskriftina Vísindaheimurinn kemur líka út hjá Skrudda. Fyrstu fjórar bækurnar fjalla um geiminn, jörðina, dýraríkið og mannlíkamann.



Bækurnar eru ríkulega myndskreyttar og sniðnar að þörfum barna á aldrinum 10-14 ára en aðrir áhugasamir lesendur geta vitaskuld sótt sér fróðleik þangað líka. Þýðendur eru Hálfván Ómar Hálfvánarson, Þuríður Þorbjarnardóttir og Bessi Aðalsteinsson.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

29 30 31 1 2 3 4

### Miðvikudagur

#### TÓNLEIKAR

19.00 Pönksveitin **DYS** heldur tónleika í **Friðarhúsi**, á horni Njálsgötu og Snorrabrautar, ásamt **Innvortis**, **Shirley Temple Fanclub** og **The Best HardcoreBand in the World**.

#### FUNDIR

12.00 **Samfélagið, félag framhaldsnema** við **félagsvísindadeild**, stendur fyrir hádegisfyrirlestri í hátíðarsal **Háskóla Íslands**. Fundurinn ber yfirskriftina: Nauðganir á Íslandi, hvað getum við gert? Eftir tvö framsöguerindi munu fulltrúar stjórnmalaflokkanna ræða ástandið. Aðgangur er ókeypis og fundurinn er öllum opin.

#### SÝNINGAR

10.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í **Listasafni Íslands** við **Frikirkjuveg**. Fimm tíu og sex íslenskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni sem spannar 25 ára tímabil í íslensku listasögu sem markast af innreið nýja málverkisins í upphafi niunda áratugarins. Sýningarstjórnar eru **dr. Halldór Björn Runólfsson** og **Laufey Helgadóttir**.

11.00 Myndlistarkonan **Unnur Ýr Helgadóttir** sýnir á **Kaffi Sólon** við **Ingólfsstræti**. Í verkum sínum vinnur Unnur með bakgrunn sinn í grafískri hönnun. Sýningin stendur til 24. nóvember.

Sýningar malaranna **Tilo Baumgärtel** og **Martin Kobe** frá **Leipzig** í Þýskalandi og innsetning svissneska listamannsins **Roman Signer** í **Safni** við **Laugaveg** hafa verið framlengdar til sunnudagsins 12. nóvember. Innsetning **Egils Sæbjörnssonar**, **Ping Pong Dance**, hefur einnig verið framlengd til nóvemberloka.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Leikur tónsmíðar Lars Jansson

Stórsveit Reykjavíkur heldur aðra tónleika sína á þessu starfsári í Ráðhúsi Reykjavíkur í kvöld kl. 20.30. Tónskáld kvöldsins, stjórnandi og einleikari á píánó er sænski tónlistarmaðurinn Lars Jansson. Jansson hefur verið mjög áberandi í sænsku djasslífi undanfarnin 30 ár og er af mörgum talinn til þeirra fremstu píánóleikara. Hann hefur einnig fengið mikið við tónsmíðar fyrir stórsveitir, en Bohuslan Big Band í Gautaborg hefur meðal annars hljóðritað þrjá geisladiska með tónlist Janssons.

Auk þess að leiða eigið trío og skrifa fyrir stórsveitir hefur Lars Jansson leikið með miklum fjölda þekkra tón-

listarmanna eins og Jan Garbarek, Arild Andersen, Red Mitchell, Joakim Milder, Radka Toneff, Knut Riisnaes, Hawk On Flight og Equinox.

Aðgangur á tónleikana er ókeypis og öllum heimill á meðan húsrúm leyfir.



STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR HELDUR TÓNLEIKA Í RÁÐHÚSINU Efnisskrá kvöldsins er fengin úr smíðju Lars Janssons.

## Snertir furðulítið

[BÓKMENNTIR]

UMFJÖLLUN

Persónulegar harmsögur hafa átt upp á pallborðið hjá lesendum á Vesturlöndum undanfarnin misseri, eins og bækur á borð við Eyðimerkurblómið, Ambáttin og Brennd lifandi bera vott um.

Vissulega geta frásagnir fólks sem reynt hefur grimmd mannanna á eigin skinni verið okkur hinum holl og gagnleg áminning og í þeim felst mótspyrna gegn þeirri leiðu tilhneigingu að smætta fórnarlömb ódæðisverka niður í kalda tölfræði.

Í bókinni Ein til frásagnar rifjar Immaculée Ilibagiza upp hvernig hún lifði af helförina í Afríkuríkinu Rúanda fyrir röksum áratug, þegar tæpri milljón Tútsa var slátrað fyrir opnum tjöldum og umheimurinn fylgdist aðgerðalaus með. Immaculée komst lífs af með því að hirsta vikum saman ásamt sex öðrum konum á klósett-kyttru á heimili prests, sem skaut yfir þær skjólshúsi. Öll fjölskylda hennar lét lífið í ógnaröldinni, fyrir utan elsta bróður hennar sem bjó erlendis.

Skemmst er frá því að segja að Ein til frásagnar er ekki vel heppnuð. Það er erfitt að fara út af spörinu þegar jafn afdrifaríkir atburðir og þjóðarmorðið í Rúanda á í hlut (hin um margt gallaða kvikmynd Hótel Rúanda er gott dæmi um þegar áhrifarík saga hefur betur gegn agnóum framsetningarinnar) en bókin kemur ógnaröldinni ekki nærri nógu vel til skila. Með öðrum orðum snertir hún lítið við lesandanum.

Miklu þúðri er eytt í lýsingu Immaculée á fjölskyldu sinni og af henni má helst skilja að hún sé komin af dýrlingum. Það er auðvitað engin furða að hún skuli minnst fjölskyldu sinnar hlýlega en fyrir lesandann draga útópisku æskuárin úr raunsæi frásagnarinnar. Þá leikur guðsótti aðalpersónunnar stórt hlutverk, full stórt að mínu mati en miklu bleki er eytt í lýsingar á því hvernig Immaculée fylltist ítrekað heilögum anda á ögurstundu og fann kraft í trúnni til að fyrirgefa kvölurum sínum.

Sáralítið er sagt frá þjáningarsystemum Immaculée sem kúldrúð-



EIN TIL FRÁSAGNAR  
HÖFUNDAR: IMMACULÉE ILIBAGIZA OG STEVE ERWIN

Þýðandi: Karl Emil Gunnarsson  
Útgefandi: JPV  
Niðurstaða: Framsetning bókarinnar bendir til að sögumaður hafi færst of mikið í fang. Þrátt fyrir að fjalla um einhverja hryllilegustu atburði seinni tíma snertir Ein til frásagnar furðulítið við lesandanum.

ust með henni á baðherberginu í þrjú mánuði. Bakgrunnur þjóðarmorðsins er einfaldaður mjög og sögumaður er á köflum mótsagnakenndur, hafnar til dæmis yfirleitt að nokkuð greini að Tútsa og Húttúa en þó finnast dæmi þar sem aðal söguhetjan gengst við hinni tilbúnu skiptingu.

Margt er sannarlega vel gert í þessari bók; lýsingar á hvernig fólk gekk múgæsingunni á vald og hikaði ekki við að myrða nágranna sína með köldu blóði, eru til dæmis óhugnalegar.

Sögumaður og Steve Erwin, skrásetjari Immaculée, virðast aftur á móti hafa færst of mikið í fang. Bókin er tæplega 300 blaðsíður en heldur ekki dampi, endurtekingar eru margar og yfirleitt óþarfar. Miðað við framsetningu hefði sennilega farið betur á að gera þetta að löngu blaðaviðtali en fullburða bók. Á heildina lítið er Ein til frásagnar ekki sérlega reisulegur bautasteinn einhverra ómurlagustu atburða seinni tíma.

Bergsteinn Sigurðsson

Sýnt í lönd

**BEST Í HEIMI**

Laugardagur	4. nóv.
Sunnudagur	5. nóv.
Föstudagur	10. nóv.
Laugardagur	11. nóv.
Laugardagur	18. nóv.
Sunnudagur	19. nóv.

Miðasala er opin virka daga frá kl. 11-16 og 2 tímum fyrir sýningar.  
Sími 5629700 www.idno.is Sýningar kl. 20

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

**SKUGGALÉIKUR**  
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíónu Tómasdóttur

Frum-sýning 18. nóvember kl. 20  
2. sýning 25. nóvember kl. 20  
3. sýning 2. desember kl. 20

ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

120 ÁR 1886-2006

**Maður, náttúra og mynd**

Ingválur av Reyni  
Sámal Joensen-Míkines  
Zacharias Heinesen

Í Landsbankanum, Austurstræti, í afgreiðslusal og á 2. hæð, eru sýnd málverk í eigu Færejabanka eftir þrjá af helstu listamönnum færeysku þjóðarinnar. Sýningin er opin á afgreiðslutíma bankans til 30. nóvember.

**Landsbankinn**

ÍSLENSKA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSAKAÐEMÍAN KYNNIR

**HVATNINGARVERÐLAUN LANDSBANKANS**

STUTTMYNDAKEPPNI Á EDDUNNI 2006

FYRIR UNGA KVIKMYNDAGERÐARMENN Á ALDRINUM 15-25 ÁRA

EDDA 2006

HVATNINGARVERÐLAUN LANDSBANKANS ERU VEITT Í STUTTMYNDAKEPPNI ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSAKAÐEMÍUNNAR SEM ÆTLUÐ ER EFNILEGU KVIKMYNDAGERÐARFÓLKI Á ALDRINUM 15 - 25 ÁRA.

**2 DAGAR í skilafrest.**

- SKILAFRESTUR ER MIÐVIKUDAGURINN 3. NÓVEMBER KL. 17:00
- MYNDIRNAR SKULU VERA ALLT AÐ 20 MÍNÚTUM Á LENGD
- MYNDIRNAR SKULU EKKI VERA ELDRI EN EINS ÁRS
- SÁ SEM SKRÁIR VERK TIL KEPPNI SKAL HAFNA TIL ÞESS UMBOÐ FRÁ ÖÐRUM RÉTTHÖFUM

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **WWW.LOGS.IS**

FYRSTU VERÐLAUN SONY HDV

Skila skal 5 eintökum á DVD eða VHS ásamt útfylltum og undirrituðum eyðublöðum á skrifstofu kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Tungötu 14, 101 Reykjavík fyrir kl. 17:00 þann 3. nóvember 2006

**Landsbankinn**

410 4000 | landsbanki.is

ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR!

HAFNARFJÓRÐARLEIKHÚSIÐ og KVÉNÉLAGIÐ GARPUR kynna:

**GUNNLAÐAR SAGA**

eftir Svövu Jakobsdóttur  
í leikgerð Sigurðbjargar Prastardóttur

fimmtudaginn 2. nóvember kl. 20.00  
föstudaginn 10. nóvember kl. 20.00  
laugardaginn 11. nóvember kl. 20.00  
sunnudaginn 12. október kl. 20.00

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sýning hefst kl. 20:00  
Miðasala í síma 555-2222 | www.hhh.is | www.midi.is

## Brúðkaup á felustað Mussolini


Miklar vangaveltur hafa verið yfir meintu brúðkaupi stjórnuparsins Tom Cruise og Katie Holmes. Nú hefur verið staðfest að parið muni gifta sig á Ítalíu en ekki í húsi leikarans George Clooney við Como-vatn eins og fjölmiðlar voru búnir að greina frá. Holmes mun hafa fundið lúxushótel við Gardavatn og búið er að panta staðinn fyrir stjórnbrúðkaupið, sem

**VICTORIA BECKHAM** Hjálpaði Holmes að finna réttan stað fyrir væntanlegt brúðkaup stjórnuparsins.



fer fram 17. nóvember næstkomandi.

En hótelið hefur sína sögu því það er talið hafa verið felustaður ítalska einræðisherrans Benito Mussolini í kringum seinni heimsstyrjöldina. Þó að Holmes hafi verið greint frá þessu er hún staðráðin í að játast Cruise á þessum stað. Það mun hafa verið góðvin-kona hennar Victoria Beckham sem benti henni á þetta hótél, sem er hið glæsilegasta.



**TOM CRUISE OG KATIE HOLMES** Ætla að ganga í það heilaga á felustað Mussolini í Ítalíu.



**BLACK EYED PEAS** Will.i.am sem er annar frá vinstri starfaði nýverið með Michael Jackson.

## Tók upp á Írlandi

Will.i.am, meðlimur Black Eyed Peas, tók nýverið upp nokkur lög með popparanum Michael Jackson á Írlandi. Verður þau væntanlega að finna á næstu plötu Jacksons sem kemur út á næsta ári.

„Hann býr til yndislega og jákvæða tónlist,“ sagði Jackson um Will.i.am. Síðasta plata Jackson, *Invisible*, kom út 2001. Þrátt fyrir biðina á milli platna segist hann aldrei hafa hætt að semja tónlist. „Ég er alltaf að semja tónlist. Ég vil gefa öllum leið til að flýja frá vandamálum sínum með því að semja frábæra tónlist.“

## Dys spilar í Friðarhúsi

Pönkhljómsveitin Dys kemur saman í kvöld aftur eftir 18 mánaða hlé og heldur endurkomutónleika í Friðarhúsi, sem er á horni Njálsgötu og Snorrabrautar.



**DYS** Halda tónleika eftir langt hlé.

Sveitin mun flytja lög á borð við Bankanum þínum er sama um þig, Ísland brennur og Þögnin dæmd dauð og ómerk. Tónleikarnir standa yfir frá 19 til 21. Auk Dysjar koma fram húsvísku pönkararnir í Innvortis, Shirley Temple Fanclub og The Best Hardcoreband in the World. Aðgangseyrir er 500 krónur.

## Fulltrúar Íslands í ham

Boðið var upp á rokktonlist frá núverandi og fyrrverandi nýlendum Dana á tónlistarhátíð á Norðuratlantshafsbyggju í Kaupmannahöfn á laugardagskvöld. Það kom í hlut hljómsveitarinnar Ham að kynna íslenskt rokk fyrir

tónleikagestum og tókst það vel. Í það minnsta var góð stemning upp við sviðið á meðan þeir félagar gerðu sitt. Á dagskránni voru einnig færeysku hljómsveitirnar 200 og Makrel en frá Grænlandi kom Chilly Friday sem sögð er

vinsælasta hljómsveitin í heima-landinu. Danirnir í Who Made who, sem spiluðu á Iceland Airwaves, litu einnig við. Þessi sérstaka rokkhátíð tókst ágætlega þótt mætingin hefði mátt vera betri.

- ks



**ENGU GLEYMT** Liðsmenn rokkveitarinnar Ham stóðu sig með mikilli þrýði í Kaupmannahöfn um síðustu helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/KS



**HITÁÐ UPP** Óttarr Proppé var glæsilegur á sviðinu.



**ÖLLU TIL TJALDAÐ** Enn flottari var Óttarr undir lokin þegar hann var kominn úr að ofan.



**NÝTT EFNÍ** Ham-ar léku nokkur ný lög, rétt eins og þeir gerðu á tónleikum sínum á Nasa í sumar.



**HERTOGINN** Sigurjón Kjartansson fór fyrir sínum mönnum að vanda.



**VEL MEÐ Á NÓTUNUM** Þó að mæting á tónleikana hafi ekki verið neitt stórkostleg kunnur þeir sem létu sjá sig svo sannarlega vel að meta tónlist Ham.

## Sjö ára hjónabandi Reese og Ryan lokið

Óskarsverðlaunaleikkonan Reese Witherspoon og eiginmaður hennar til sjö ára, leikarinn Ryan Phillippe, hafa ákveðið að skilja. Þau giftu sig árið 1999 eftir að hafa leikið saman í myndinni *Cruel Intentions*. Eiga þau tvö börn saman. „Þau munu áfram vera nán sinni fjölskyldu,“ sagði í yfirlýsingu upplýsingafulltrúa þeirra. „Okkur þykir leitt að tilkynna að Reese og Ryan hafi ákveðið að skilja. Biðjum við ykkur að virða einkalíf þeirra og öryggi barna þeirra.“

### Í fótspor Aniston og Presley

Heimildir herma að Witherspoon hafi rætt við hinn þekktu lögfræðing Robert Kaufman sem hefur m.a. tekið upp á sína arma stjórnur á borð við Jennifer Aniston, Rosanne Barr og Lisu Marie Presley. Talið er að enginn einn **JENNIFER ANISTON** Reese Witherspoon hefur ráðið sama skilnaðarlögfræðing og Jennifer Aniston hafði þegar hún skildi við Brad Pitt.



atburður hafi leitt til skilnaðarins heldur röð smærri atvika.

### Phillippe úti á lífinu

Witherspoon, sem er þrítug, fékk Óskarinn fyrr á árinu fyrir hlutverk sitt sem June Carter Cash í kvikmyndinni *Walk the Line*. Phillippe, sem er 32 ára, lék á svipuðum tíma ungan lögregluþjón í myndinni *Crash*, sem fékk Óskarinn sem besta myndin. Nýjasta mynd Phillippes, *Flags of Our Fathers*, er nú sýnd í Bandaríkjunum en hún var að hluta til tekin upp hér á landi í fyrrasumar. Þá birtust fregnir af Phillippe og félögum hans úr tókuliðinu úti á lífinu í miðbæ Reykjavíkur. Átti íslenska kvenþjóðin erfitt með að halda sig frá Phillippe og vakti meðal annars athygli þegar hann sást á tali við sjálfa ungrú heim, Unni Birnu Vilhjálmssdóttur.

### Annar Hollywood-skilnaðurinn

Þau Witherspoon og Phillippe mættu saman á frumsýningu *Flags of*



**SKILIN** Reese Witherspoon og Ryan Phillippe hafa ákveðið að skilja eftir sjö ára hjónaband.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

*Our Fathers* hinn 16. október síðastliðinn og virtist þá allt leika í lyndi. En skjótt skipast veður í lofti og eru þau svo sem ekki eina Hollywood-parið sem hefur ákveðið að skilja á þessu ári. Í janúar skildi tvöfalda Óskarsverðlaunahafinn Hilary Swank við eiginmann sinn Chad Low.

### Skilnaður eftir Óskar


Raunin er sú að á undanförunum tíu árum hafa sex af þeim níu leikkonum sem hafa fengið Óskarsverðlaun skilið við maka sína, sem þær höfðu áður þakkað svo innilega fyrir stuðninginn er þær tóku á móti verðlauninum.



**POPPIJÓNIN** Kevin Federline frestaði tónleikum sem halda átti daginn áður en plata hans kom út.

## Frestaði tónleikum

Söngvarinn Kevin Federline er betur þekktur sem eiginmaður popprinsessunnar Britney Spears. Nú er kappinn hins vegar búinn að klára breiðskífu sína „*Playing with Fire*“ og freistar þess að ná langt í tónlistarheiminum eins og frúin. Federline virðist þó ekki vera neitt sérstaklega metnaðarfullur þar sem hann frestaði tónleikum sem halda átti í Los Angeles daginn áður en platan kom út. Ekki gaf Federline neina skýringu á þessu og var áhugasömum bara sagt að nýir tónleikar yrðu auglýstir síðar.



## Við rúllum samkeppninni upp!

Fréttablaðið er **mest lesna dagblað landsins** skv. nýrri könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur verulegt forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá öllum aldurshópum (12-80 ára) á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Mest lesið



**Nýtt í bíó**

**MYRIN**  
BYGGD Á METSÖLUBOK  
ARNALDAR INDRIDARSONAR  
STEIN SIGURJÓNSSON - X-FM  
DAVID ORN JONSSON -  
KVIKMYNDIR.COM

**40 ÞÚSUND MANNS Á  
AÐEINS 11 DÖGUM!**

FRÉTTABLAÐIÐ 12 GLITNIR

20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD  
OG PLATÍNUM GLITNIS, EF GREITT ER  
MEÐ GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

**JET LI'S FEARLESS**  
FRÁ FRAMLEIÐENDUM CROUCHING TIGER,  
HIDDEN DRAGON KEMUR SÍÐASTA BARDAGA-  
MYND SÚPERSTJÓRNUNNAR JET LI.

"...EPÍSKT MEISTARAVERKI!"  
- SALON.COM

"TVEIR ÞÚMLAR UPP!"  
- EBERT & ROEPER

**LAUGARAS BÍÓ** - bara lúxus  
SÍMI 553 2075  
LUKE WILSON OWEN WILSON WILL FERRELL  
BYGGD Á METSÖLUBOK  
ARNALDAR INDRIDARSONAR  
H.M. KASTJÓLA D.Ó.U. KVIKMYNDIR.COM  
H.S. MBL  
S.S. XFM S.K. FM95.7  
FRÉTTABLAÐIÐ

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10.10 Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10.10 b.l. 12

**SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000

FEARLESS	kl. 5.40, 8 og 10.20 b.l. 16 ÁRA
MYRIN	kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 b.l. 12 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20
DEVIL WEARS PRADA	kl. 5.40, 8 og 10.20
DRAUGAHÚSID ISL TAL	kl. 4 og 6 b.l. 7 ÁRA
MONSTER HOUSE ENSKT TAL	kl. 3.50 b.l. 7 ÁRA
TALLADEGA NIGHTS	kl. 8 og 10.20
GRETTIR 2 ISL TAL	kl. 3.50

**REGNBÖGINN** SÍMI 551 9000

FEARLESS	kl. 5.40, 8 og 10.20 b.l. 16 ÁRA
MYRIN	kl. 6, 8 og 10.30 b.l. 12 ÁRA
DEVIL WEARS PRADA	kl. 8 og 10.20
DRAUGAHÚSID ISL TAL	kl. 6 b.l. 7 ÁRA
TALLADEGA NIGHTS	kl. 10
PETTA ER EKKERT MÁL	kl. 6 og 8 ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

MYRIN	kl. 6, 8 og 10 b.l. 12 ÁRA
SCOOP	kl. 8
TAKK FYRIR AÐ REYKJA	kl. 6 og 10 b.l. 7 ÁRA

**450 kr. í bíó!**

www.laugarasbio.is

## Samdi við Universal

Sacha Baron Cohen, maðurinn á bak við Borat og Ali G, hefur skrifad undir tæplega þriggja milljarða samning við Universal um að fyrirtækið framleiði og eignist dreifingarréttinn að næstu mynd hans. Verður hún byggð á samkynhneigðu tískulöggungi Bruno sem gerði garðinn frægan í þáttunum Ali G.



SACHA BARON COHEN

Nýjasta mynd Barons Cohen, Borat, verður frumsýnd á næstunni og er hennar beðið með mikilli eftirvæntingu. Fjallar hún um ævintýri sjónvarpsmannsins Borats frá Kasakstan.

# Mínus tekur upp nýja plötu í LA

Strákarnir í rokksvettinni Mínus halda á vit ævintýrana síðar í mánuðinum. Þeir taka upp næstu plötu sína í Los Angeles undir stjórn mannsins sem tók upp síðustu plötur Tool og Queens of the Stone Age.

„Við förum út 27. nóvember og verðum í tvær vikur í Borg englanna, Los Angeles,“ segir Kári Sturluson, umboðsmaður hljómsveitarinnar Mínuss um fyrirhugaðar upptökur á næstu plötu hljómsveitarinnar. Munu tveir þekktir upptökumenn stjórna upptökum á plötunni. Annar þeirra er Íslendingurinn Höskuldur Höskuldsson, eða Husky Huskolds eins og hann kallast í Bandaríkjunum, en hann hlaut Grammy-verðlaunin fyrir vinnu sína á fyrstu plötu Noruh Jones. Hinn er góður félagi Huskys, Joe Barresi sem unnið



SPENNTUR Kári Sturluson, umboðsmaður Mínuss, er spennur að heyrja hvernig hljómsveitinni tekst til með næstu plötu sína.

hefur með mörgum af þekktustu rokksvettinum heims.

„Við töluðum upphaflega við Husky um að taka þetta verkefni að sér af því að hann hefur unnið með skemmtilegu liði eins og Fantomas. Hann var meira en til í að vera með og stakk upp á að fá Joe Barresi í liðið,“ segir Kári. Hann segir að Husky og Barresi hafi verið sendar prufuupptökur af nýju efni Mínuss sem þeim leist vel á. „Barresi þekkti sögu bandsins vel og hafði alltaf fílað sándið. Hann vinnur oft með spennandi listamönnum sem hafa ekki náð hæstu hæðum og lítur á Mínus sem eitt af þessum verkefnum.“

Joe Barresi er sannkölluð goðsögn í rokkheiminum og hefur unnið með ótrúlegum fjölda af þekktum hljómsveitum á um 15 ára ferli sínum. Meðal þekktustu listamanna sem hann hefur unnið með eru Kyuss, L7, Melvins, Tom Petty, Weezer, Hole, Limp Bizkit, Tomahawk, The Neptunes, Auf der Maur, Lostprophets og Judas Priest. Síðustu stóru plötur sem hann tók upp eru Lullabies to Paralyze með Queens of the Stone Age og 10.000 Days með Tool.

„Hann hefur unnið með ansi flottu liði en þessi Tool-plata kveikti svolítið í okkur neistann, hún hljómar alveg frábærlega. Það er ekkert launungarmál að bændi hefur alltaf stefnt að því að fikra sig aðeins hærra upp og ég held að það hafi vel náðst. Að fá þessa menn til liðs við okkur segir svolítið um þá virðingu sem Mínus hefur þegar áunnið sér,“ segir Kári.

Síðasta plata Mínuss var Halldór Laxness og kom hún út fyrir þremur árum. Eftir að platan var gefin út í Evrópu og Bandaríkjunum fóru Mínusarnir í tónleikaferðalag til að kynna hana. Þegar tónleikaferðinni lauk tóku þeir sér



MÍNUS Næsta plata hljómsveitarinnar verður tekin upp af manninum á bakvið síðustu plötur Tool og Queens of the Stone Age. Hægt er að fylgjast með sveitinni á heimasíðunni [myspace.com/minus](http://myspace.com/minus).

svo gott frí, lágu lengi undir feldi og sömdu nýja tónlist. Í september léku þeir á fyrstu tónleikum sínum í eitt og hálf ár og síðan hafa þeir leikið á tvennum öðrum tónleikum, síðast á Airwaves-hátíðinni. Kári segir að fyrirbyggjandi séu hátt í 20 lög sem valið verður úr fyrir upptökurnar sem standa eins og áður segir í tvær vikur. Husky og Barresi vinna síðan úr upptökunum og reiknað er með að platan verði tilbúin í janúar. Því má lík-

legt telja að næsta plata sveitarinnar komi út einhvern tíma á bilinu frá mars til júní á næsta ári. Kári er spurður hvernig nýja efnið hljómi: „Mínus-sándið er vel til staðar og öll sérkenni hljómsveitarinnar. Ég veit ekki hvort hægt er að segja að hún sé þyngri eða léttari en síðasta plata. Ég tek helst eftir því að það eru miklu fleiri góð lög til að velja úr nú en áður. Það verður erfitt að velja hverjum við eigum að sleppa.“ [hdm@frettabladid.is](mailto:hdm@frettabladid.is)

**Xit**  
hárstofa

Sími 564 6444  
Hlíðasmára 9

**OPIÐ**  
Alla daga kl. 9-18  
miðvikud. kl. 9-20  
laugard. kl. 10-14

**10%**  
vaxtaauki!

**spron**  
www.spron.is

## Fyrsta sinn í níu ár

Poppkóngurinn Michael Jackson mun koma í fyrsta skiptið fram í Bretlandi í níu ár á World Music Awards sem haldið verður í Lundunum í næsta mánuði. Jackson mun taka þar á móti demantaverð-



launum en þau eru gefin tónlistarmönnum sem hafa selt meira en 100 milljónir platna á ferlinum.

Jackson hefur verið búsettur á Írlandi í nokkra mánuði ásamt börnum sínum þremur og hefur komið órsjaldan fram opinberlega síðan hann var ákærður fyrir barnamisnotkun fyrir nokkrum misserum.

Það er partíljónið og leikkonan unga Lindsay Lohan sem verður kynnr við athöfnina.

**MICHAEL JACKSON** Kemur fram í Bretlandi í fyrsta sinn í níu ár á World Music Awards-hátíðinni sem haldið verður í næsta mánuði.

## Sameinaðir Bítlar

Platan Love með Bítlunum kemur út þann 20. nóvember. Á plötunni er að finna lög sem Sir George Martin, sem var upptökustjóri Bítlanna, og sonur hans Giles endurhljóðblönduðu fyrir sýninguna Cirque du Soleil í Las Vegas.



BÍTLARNIR

„Þessi plata sameinast Bítlana á nýjan leik, vegna þess að skyndilega eru þarna John, George, ég og Ringo,“ sagði Paul McCartney. „Þetta er töfrum líkast.“

Trommarinn Ringo Starr er einnig ánægður með plötuna. „George og Giles unnu gott starf í

því að koma þessum lögum saman. Platan er mjög kraftmikil og ég heyrði meira að segja ýmislegt sem ég var búinn að gleyma að við hefðum tekið upp,“ sagði hann.

Platan hefur að geyma 78 mínútur af tónlist. Í viðhafnarútgáfu fylgir með DVD-mynddiskur með lögnum sem verður nokkrum mínútum lengri. Á meðal laga á plötunni eru Get Back, Eleanor Rigby, I Am the Walrus, Something, Help!, Blackbird, Strawberry Fields Forever, Hey Jude og All You Need is Love.

www.haskolabio.is

**ATH! SÝND MED NÝJU DIGITAL TÆKNINGU Í SAMBÍÓNUM KRINGLUNNI**

★★★★★  
TV KVÍKMYNDIR

★★★★★  
V.J.V. TOPPS.15

**BESTA MYND MARTINS SCORSES TIL ÞESSA**

**THE DEPARTED**

SJÁIÐ EINA BESTU MYND ÁRSINS. BETRI LEIKHÓPUR HEFUR EKKI SÉST Í KVÍKMYND Í LANGAN TÍM.

**UPRUNALEGU PARTÍÐYRIN ERU MÆTT**

ÞAR STAFUR BEYTTU KLÓÐUNNI STUNDUÐU Í HÖNDUNUM

**BÆJARHLAÐIÐ BARNYARD**

SÝND MEÐ ÍSLENSKA OG ENSKU TALA

FRÁKA CHINESEMYNDIR TIL ALLA FÓLKSTÖÐUNA

**SAMBÍÓN**

Þegar hættan steðjar að ... fórn þeir öllu

Frá leikstjóra "The Fugitive"

**THE GUARDIAN**

Ekkí missa af kraftmestu spennu mynd ársins.

**BYGGD Á MFTSÖLUBÓK ARNALDAR INDRIDASONAR**

Vardveitt líf mitt fyrir ógnum óvinnarins

**MYRIN**

KVÍKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

FRÉTTABLAÐIÐ  
20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATINUM GLITNIS MED GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

SJÁIÐ EINA BESTU MYND ÁRSINS. BETRI LEIKHÓPUR HEFUR EKKI SÉST Í KVÍKMYND Í LANGAN TÍM.

**THE DEPARTED**

★★★★★  
TV KVÍKMYNDIR  
★★★★★  
V.J.V. TOPPS.15

**MATERIAL GIRLS**

**Jackass number two**

**Beerfest**

**BÖRN**

WORLD TRADE CENTER  
KvÍKMYND EFTIR SAGNAR BRAGASON

**THE QUEEN**

MYRIN	kl. 5:50-7-9-10:15	B1.12	THE DEPARTED	kl. 6-9	B1.16
BÖRN	kl. 8	B1.12	WORLD TRADE CENTER	kl. 8-10:30	B1.12
INCONVENIENT TRUTH	kl. 6-10:10	Leyð	THE QUEEN	kl. 5:50-8	B1.12

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓN / ÁLFABAKKA		SAMBÍÓN / KRINGLUNNI		SAMBÍÓN / KEFLAVÍK		SAMBÍÓN / AKUREYRI		
THE DEPARTED	kl. 5-7-8-10:10	B1.16	THE GUARDIAN	kl. 8-10:30	B1.12	THE DEPARTED	kl. 8	B1.16
THE DEPARTED VIP	kl. 5-8		MATERIAL GIRLS	kl. 6	Leyð	BÆJARHLAÐIÐ	kl. 6	Leyð
BÆJARHLAÐIÐ	kl. 4-6	Leyð	JACKASS NUMBER TWO	kl. 3:40-5:50-8-10:10	B1.12	THE TEXAS CHAIN...	kl. 10	B1.16
BARNYARD	kl. 4-8-10:10	Leyð	ÓBYGGDIRNAR	kl. 4	Leyð	DEVIL WEARS PRADA	kl. 8	Leyð
<b>Munið afsláttinn</b>								

www.sambion.is 1273 8900

# Stjörnurar styðja Paul

Vinir og kunningjar Pauls McCartney, Heather Mills eða jafnvel Lindu heitinnar McCartney spretta nú upp eins og gorkúlur til að lýsa yfir stuðningi við sinn mann.

Carla Lane er nýjasta manneskjan til að tjá sig um hjónaband Pauls og Lindu sem óvænt var dregið fram í dagsljósið þegar Heather Mills lýsti því yfir að Paul hefði lamið hana líka. Allt fór á hvolf í Bretlandi þegar náinn samstarfsmaður Lindu, Peter Cox, kom síðan fram í fjölmiðlum og sagðist hafa undir höndunum upptökur þar sem Linda tjáir sig á opinskáan hátt um hjónaband sitt og Pauls en jafnvel hefur verið talið að þessar upptökur verði dregnar fram í réttarsalnum á næsta ári. Lane sagði í samtali við bresku útvarpsstöðina Radio 4 að hjónaband Pauls og Lindu hefði verið mjög ástríkt og gott. „Ef eitthvað var að kom Linda til mín og sagði mér frá því en hún gaf aldrei neitt í skyn að eitthvað alvarlegt væri að, hún hefði sagt



PAUL MCCARTNEY Lýsti því yfir að skilnaðurinn væri mjög erfiður og reyndi mikið á sig en athygli hefur vakið hversu grónn og þreytuleg bæði Mills og Paul eru.

mér frá því,“ sagði Carla en Daily Mirror greinir frá þessu.

Skilnaður McCartney og Mills bar einnig á góma á tónlistarhátið Q-tímaritsins þar sem margar af helstu rokk-og poppstjörnum Bretlands voru samankomnar. Þar lýsti BBC-grínistinn Jonathan Ross því yfir að Mills væri ótrúlegur lygari. „Við eigum sennilega eftir að komast að raun um að hún hefur báða fætur jafnlanga,“ sagði Ross og féll brandarinn í góðan jarðveg hjá vinum McCartneys sem þarna voru en þeirra á meðal voru Oasis-bræðurnir, Bono, The Who og Boy George.

Skilnaðurinn snýst ekki lengur bara um peninga heldur einnig að vinna almenning á sitt band og því telja fjölmiðlasérfræðingar nánast öruggt að bæði Mills og McCartney eigi eftir að mæta í einkaviðtöl á borð við þau sem Karl Bretaprins og Diana gerðu á sínum tíma þegar þau skildu. Daily Mirror telur sig hafa heimildir fyrir því að Mills sé þegar farin að undirbúa slíkt viðtal og greinir blaðið jafnframt frá því að Stella, dóttir Paul og Lindu, hafi hvatt pabba sinn til að gera slíkt hið sama ef Mills lætur verða af sínu.

# Brian Jonestown Massacre til Íslands

Bandaríska rokk-sveitin Brian Jonestown Massacre heldur tónleika á Nasa þann 29. nóvember næstkomandi. Forspraki sveitarinnar, Anton Newcombe, hefur tvívegis komið hingað til Íslands og hefur lengi staðið til að hljómsveit hans myndi spila hér. Hjálpar þar til vinkapur hans við liðsmenn Singapore Sling, sem hafa spilað með hljómsveitinni á tónleikum erlendis.



BRIAN JONESTOWN MASSACRE Bandaríska sveitin er á leiðinni til Íslands í fyrsta sinn í lok nóvember. MYND/STEINÞÓR HELGI

„Anton hefur komið hingað tvisvar. Við ætluðum alltaf að fá þá til að spila og núna hentaði það vel. Þetta verður mjög gott,“ segir Henrik Björnsson úr Singapore Sling.

Tónleikaferð Brian Jonestown Massacre er nýhafin og verða tón-

leikarnir á Íslandi þeir síðustu í ferðinni. Hljómsveitin nýtur mikillar hylli meðal þeirra sem fylgjast með bandarískri jaðartónlist. Fyrir tveimur árum var meðal annars gerð heimildarmynd um Newcombe og söngvara Dandy Warhols sem vakti umtalsverða athygli. Singapore Sling er annars að undirbúa upptökur á EP-plötu sem hugsanlega kemur út fyrir áramót. Sveitin er jafnframt að ganga frá samningi við 8 mm Records í Berlín um að fyrirtækið gefi út nýstu plötu hennar, ásamt safnplötu með lögum af fyrstu þremur plötum sveitarinnar. Í tengslum við útgáfunna mun Singapore Sling spila í Berlín í mars á næsta ári.

# Hinn heilagi Megás

Tónlistarkonan Magga Stína hefur gefið út plötuna Magga Stína syngur Megás. Magga Stína segir að platan hafi legið í loftinu síðan hún söng Megasarlagið Fílahirðirinn frá Súrin á afmælistónleikum Megasar í Austurbæ á síðasta ári. Eftir að lagið fór að hljóma í útvarpinu hlaut það fádæma viðtökur og varð það Möggu Stínu hvatning til að taka upp fleiri lög eftir meistaran.

„Ég hef hlustað á hann alla ævi og það er næstum því eins og hann sé heilagur maður í mínum augum,“ segir Magga Stína. Löggin hans eru alltaf að tala við mann, það skiptir ekki máli hvort fólk er fimm ára eða 75 ára.“

Eftir að Magga Stína hafði fengið leyfi hjá Megasi til að



MAGGA STÍNA Tónlistarkonan Magga Stína hefur tekið upp plötu með lögum meistara Megasar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

gera plötuna fylgdist hann náði með gerð hennar. Fékk hún bunka af óútgefnum lögum frá honum til að velja úr og á endanum lentu þrjú þeirra á plötunni. „Það var ótrúlega góð og mikil hvatning sem ég fékk frá Megasi,“ segir hún og ber honum vel söguna.

Magga Stína hefur áður gefið út sólóplötuna An Album sem kom út árið 1998 og því löngu kominn tími til að hún gerði eigin plötu aftur. Í millitíðinni hefur hún þó gefið út með hljómsveit sinni Hringjunum.

Útgáfutónleikar vegna nýju plötunnar verða haldnir í Salnum í Kópavogi á laugardag og hefjast þeir klukkan 21.00.

**SMS LEIKUR**

**SENDU SMS JA BRF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!**

9. HVER VINNUR!

"GRÖDDALEGUR OG BEINSKEYTTUR HUMOR"

**BORAT**

FRUMSÝND 03 11 06

## > Andri Fannar aftur af stað?

Svo gæti farið að Andri Fannar Ottósson tæki fram knattspyrnuskóna á ný sem hann lagði á hilluna í sumar. Ólafur Þórðarson, nýr þjálfari Fram, hefur mikinn hug á að endurvirkja Andra Fannar, sem hefur ekki tekið illa í hugmyndina. Greinilegt að Ólafur ætlar að fara langt með Framara og þarf til þess allan þann mannskap sem stendur honum til boða.



**sport**  
sport@frettabladi.is

## INDIANA SÓLVEIG MARQUEZ: VARÐ Á DÖGUNUM FYRSTA KONAN TIL AÐ DÆMA LEIK Í EFSTU DEILD KVENNA Í KÖRFUBOLTA

# Vonandi fæ ég að dæma í karladeildinni

Á mánudaginn var mættust ÍS og Keflavík í Iceland Express deildinni í körfubolta og í þeim leik var dómari að nafni Indiana Sólveig Marquez. Þetta var í fyrsta sinn í sögu körfuboltans á Íslandi sem kona dæmir leik í efstu deild. Indiana Sólveig hefur dæmt í yngri flokkum jafnt hér á landi sem og á Spáni, þar sem hún bjó ásamt eiginmanni sínum í eitt ár, en Indiana Sólveig er hálfspænsk.

„Ég hef aðallega verið að dæma hér á Suðurlandinu og einnig eitthvað í Reykjavík. Ég og maðurinn minn fluttum svo til Spánar í eitt ár og ég nýtti það tækifæri og dæmdi þar,“ sagði Indiana Sólveig sem var að vonum ánægð með að vera fyrsti kvenndómari í efstu deild á Íslandi. „Maður setur bara stefnuna eins langt og maður kemst.

Vonandi dæmir maður í karladeildinni einhvern daginn, ef maður stendur sig vel. Það væri frábært að fá að prófa sig þar líka.“

En af hverju eru svona fáar konur í dómarastréttinni hér á landi að mati Indí-önu? „Ég hugsa að annað hvort finnst stelpum eins og þær eigi ekki heima þar eða einfaldlega að þær hafi fengið alveg leið á körfubolta,“ svaraði Indiana Sólveig sem er 28 ára gömul og lék á sínum tíma með Hamri/Selfossi í körfubolta en hætti fyrir fjórum árum eftir að hafa slitið krossbönd í báðum hnám.

„Þegar ég hætti að spila var einmitt dómaraþmskeið bara nokkrum mánuðum eftir að ég var komin á fætur eftir aðgerðina og ég greip bara það tækifæri,“ sagði Indiana Sólveig. „Ég vil bara segja við þær stelpur sem hafa einhvern tímann velt fyrir sér að prófa þetta, endilega að drífa sig. Ef maður veit eitthvað út á hvað leikurinn gengur, þá getur maður alveg gert þetta. Þetta er mjög skemmtilegt og mjög skemmtilegur dómaraþmskeiður, við hittumst reglulega á þingum og á leikjum og það myndast góð stemmning. Þetta jafnast alveg á við það að spila,“ sagði Indiana Sólveig.



**LAURENT ROBERT** Er hér í leik með Benfica gegn Liverpool á síðustu leiktíð. NORDIC PHOTOS/GETTY

Laurent Robert:

## Vill fara aftur til Newcastle

**FÓTBOLTI** Franski leikmaðurinn Laurent Robert segist vilja snúa aftur til Newcastle en hann var seldur frá enska liðinu sumarið 2005 eftir að hafa átt í stanslausum útistöðum við Graeme Souness, þáverandi framkvæmdastjóra félagsins.

„Ég átti mjög góðan tíma á Englandi með Newcastle og ég vil gjarnan fara þangað aftur ef þeir vilja fá mig. Þegar ég hugsa um Newcastle þá dettur mér bara eitt orð í hug, frábært. Souness var ástæðan fyrir því að ég yfirgaf félagið á sínum tíma. Ég þekki ekki Glenn Roeder en ég hef talað við nokkra af fyrrum leikmönnum hans og þeir bera honum allir vel söguna,“ sagði Robert, sem oft hefur lent í vandræðum á sínum ferli vegna skapofsa síns.

- dsd



**ARSENE WENGER** Hefur gaman af deilum sínum við Sir Alex Ferguson.

Arsene Wenger:

## Telur Ferguson hafa einn galla

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, stjóri Arsenal, segir að kollegi sinn hjá Manchester United, Sir Alex Ferguson, hafi aðeins einn galla og hann er sá að Ferguson trúir því að hann hafi engann galla. Wenger segist hafa gaman af þeim deilum sem á milli hans og Ferguson eru.

„Það verður eflaust mjög erfitt fyrir Ferguson að hætta í fótbolta af því að maður verður háður þessu starfi þegar maður starfar svona lengi í þessu. Ég mun sakna hans þegar hann hættir, það er enginn rígur í ensku úrvalsdeildinni sem er líkur þeim sem á milli okkar er og sá rígur heldur fyrir mér vöku. Eini gallinn sem Ferguson hefur er sá að hann heldur að hann sé gallalaus,“ sagði Wenger um Ferguson, sem heldur upp á það um þessar mundir að tuttugu ár eru síðan hann tók við Manchester United.

- dsd

# Fimleikabjálffari sakaður um að slá og meiða átta ára gamlar stúlkur

Rússneski fimleikabjálffarinn Dzmitry Varonin hjá fimleikafélaginu Björk er sakaður um mjög vafasamar þjálfunaraðferðir af þremur nemendum íþróttakademíunnar í Reykjanessbæ. Yfirbjálffari áhaldafimleika stúlkna, sem einnig þjálffar stúlkurnar, segir engar kvartanir hafa borist frá foreldrum.

**FIMLEIKAR** Nemendum við íþróttakademíuna í Reykjanessbæ misbauð þjálfunaraðferðir sem þeir urðu vitni að hjá fimleikafélaginu Björk í gærmorgun. Um er að ræða æfingu hjá hópi átta ára stúlkna sem voru í þjálfun hjá Rússanum Dzmitry Varonin og Hörpu Óskarsdóttur sem einnig er yfirbjálffari áhaldafimleika stúlkna. Nemarnir úr akademíunni voru á æfingu í íþróttahúsinu á sama tíma.

Nemendurnir segja að börnin hafi verið beitt ofbeldi af Varonin og einn þeirra, Jón Páll Pálmason, sendi fimleikafélaginu kvörtun í tölvupósti í gær þar sem hann spyr hvort það sé eðlilegt að átta ára börn séu beitt ofbeldi á æfingum og hvort það sé einnig eðlilegt að börn fari að gráta af sársauka á æfingunum.

### Grætti stúlkurnar

„Mér og nokkrum samnemendum mínum blöskraði allsvakalega þegar þjálfari stúlkunnanna fór að láta þær teygja og ekki síst þegar hann fór að teygja á þeim. Í fyrsta lagi sló hann stúlkurnar á hendur og fætur þannig að heyrðist vel til. Hann rykkti í fæturnar á þeim þegar þær náðu ekki að teygja nægilega hátt í hreyfiteygjum.

Mér varð svo nóg um þegar ég varð vitni að því að í enda tímans tók hann þær eina og eina fyrir og teygði þannig á baki og fótleggjum á þeim að þær hágrétu á eftir. Mér er spurn, eru engar verklagsreglur í fimleikafélaginu Björk,“ stendur meðal annars í tölvupósti Jóns Páls til yfirþjálfara Bjarkar.

Aðrir nemendur úr íþróttakademíunni, knattspyrnuþjálfarinn Magni Fannberg og körfuboltaþjálfarinn Unndór Sigurðsson, eru á sama máli og Magni segist skrifa undir allt sem stendur í tölvupósti Jóns Páls. Unndór segist hafa orðið reiður er hann varð vitni að uppákomunni.

„Maður varð bara hálfvundur. Þetta er eitthvað það óþægilegasta sem ég hef lent í. Þetta var



**OFBELDI Í FIMLEIKUM?** Rússneski fimleikabjálffarinn Dzmitry Varonin hjá fimleikafélaginu Björk er borinn þungum sökum af nemendum íþróttakademíunnar. Myndin hér að ofan er erlend og tengist á engan hátt fréttinni heldur er almenns eðlis.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

fyrir neðan allar hellur og ekki það sem okkur er kennt í skólum. Þjálfarinn þvingaði stúlkurnar til að ná teygjunum og stúlkurnar grenjuðu en það breytti engu. Mér blöskraði við að horfa á þetta og ég neita því að foreldrarir sjái það sem er að gerast á æfingunni,“ sagði Unndór. „Ef ég ætti barn þá myndi ég ekki senda það í þetta félag.“

Þessar ásakanir koma Hörpu

Óskarsdóttur, sem þjálffar stúlkurnar með Varonin, verulega á óvart.

„Ég fékk tölvupóst frá einum aðila og í kjölfarið gekk ég í málið og hringdi í foreldrana til að athuga hvort eitthvað óeðlilegt hefði átt sér stað og hvort stelpurnar hefðu verið að kvarta yfir einhverju. Það vill enginn kannast við slíkt,“ sagði Harpa við Fréttablaðið en finnst henni vera eðli-

legt að svo fast sé teygð á stelpunum að þær bresti í grát?

„Þegar horft er á þetta úr hinum enda salarins þá kann þetta kannski að virðast svolítið harkalegt en um leið og þú situr á gólfinu með stelpunum, ert að vinna með þeim og teygja þá brosa þær um leið og teygjan er búin þótt þær hafi grátið. Þær biðja síðan um meiri teygju.“

### Við vitum takmörk stelpnanna

Þremmingarnir bera allir vitni um að Varonin hafi haldið teygju stúlkunnanna áfram þótt þær væru byrjaðar að gráta og bæðu hann um hætta. Finnst henni það eðlilegt?

„Við höldum teygjunum í ákveðinn tíma og stelpurnar segja oft stöpp, stöpp, stöpp en eru svo tilbúnar strax aftur ef við hættum. Við vitum hver takmörk þessara stelpna eru. Ef ég væri að vinna með steltu sem ég hefði aldrei þjálfað áður þá myndi ég stoppa fyrr. Ég þekki þessar stelpur sem ég er að vinna með og veit að þær geta meira þegar þær segja stöpp. Það er ein og sumir krakkar fara að gráta þegar þeir detta, bara af því þeir þurfa smá athygli. Við teygjum þær eins langt og við vitum að þær komast,“ sagði Harpa.

Fréttablaðið hafði samband við foreldra hjá öðrum félögum og spurði hvort þetta væru eðlilegar þjálfunaraðferðir. Svörin voru á þá leið að til þess kæmi á stundum að stelpurnar færu að gráta í teygjunum en að takinu væri alltaf sleppt þegar börnin bæðu um það.

Harpa hafnar einnig þeim ásökunum að Varonin hafi rekið hnéð í bringuna á þeim.

„Ég trúir því ekki. Við erum fimleikabjálffarar og þurfum oft að nota okkar líkama til að vinna með líkama stelpnanna, án þess þó að meiða þær,“ sagði Harpa en Magni Fannberg er ekki á sama máli. „Þetta var ekki innan síðsamlegra marka.“ henry@frettabladi.is

Íraninn Kia Joorabchian við það að eignast enska knattspyrnufélagið West Ham:

# West Ham-menn vilja ekki tala við Eggert

**FÓTBOLTI** Breska blaðið Independent greindi frá því í gær að Íraninn Kia Joorabchian myndi að öllum líkindum skila yfirtökutilbóði í West Ham á föstudag. Blaðið segir tilboð Íranans vera 75 milljónir punda og rúmlega 20 milljón punda skuld félagsins er inni í þeirri tölu.

Blaðið greinir einnig frá því að West Ham virðist vera búin að útiloka Eggert Magnússon í slagnum en Eggert fær ekki einu sinni að tala við félagið þó tilboð hans virði

ist vera byggt á traustum grunni, að því er segir í blaðinu.

Ef Joorabchian nær völdum í félaginu er talið líklegt að hann reki Alan Pardew úr stóli knattspyrnustjóra og muni ekki heldur ráða Alan Curbishley sem margir stuðningsmenn félagsins vilja sjá í stjórnstólum. Sven-Göran Eriksson, fyrrum landsliðsþjálfari England, er talinn hafa áhuga á starfinu og Joorabchian er talinn hafa áhuga á honum.

- hbg



**EGGERT MAGNÚSSON** Að missa af West Ham.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Í KVÖLD KL. 19:30

# ARSENAL CSKA MOSKVA

MEISTARADEILDIN

FC Kaupmannahöfn - Man. Utd Sýn Extra  
Benfica - Celtic Sýn Extra 2



UEFA  
CHAMPIONS  
LEAGUE

# ENNGAR AFSAKANIR



**SYN**  
besta sætið



**JÜRGEN KLINSMANN** Náði góðum árangri með þýska landsliðið á HM í sumar.

REUTERS

Bandaríska landsliðið:

## Í viðræðum við Klinsmann

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að Jürgen Klinsmann verði ráðinn næsti landsliðsþjálfari Bandaríkjanna í knattspyrnu, en Klinsmann og bandaríska knattspyrnusambandið eiga í viðræðum þessa daganna. Ekkert hefur þó verið ákveðið í þessum efnunum og fréttir herma að sambandið eigi í viðræðum við fleiri aðila.

„Við erum að leita að manni sem hefur nú þegar sannað sig sem góður þjálfari. Klinsmann hefur marga góða kosti til að taka við landsliðinu,“ sagði Sunil Gulati, forseti knattspyrnusambands Bandaríkjanna. Bruce Arena hefur þjálfað liðið undanfarin átta ár og ákveðið hefur verið að endurnýja ekki samninginn við hann.

Klinsmann lýsti því yfir á dögunum að hann hefði áhuga á að taka við liðinu, en Þjóðverjinn er búsettur í Flórída.

- dsd



**VAN NISTELROOY** Er ekki í uppáhaldi hjá landsliðsþjálfaranum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Hollenski landsliðshópurinn:

## Van Nistelrooy ekki í hópnum

**FÓTBOLTI** Marco van Basten, landsliðsþjálfari Hollands í knattspyrnu, hefur valið landsliðshópinn sem mætir Englend-ingum í vináttulandsleik um miðjan nóvember. Enn og aftur er Ruud van Nistelrooy, sóknarmaður Real Madrid, ekki í hópnum hjá van Basten en þeim lenti saman eftir HM í sumar og eftir það hefur sóknarmaðurinn ekki átt upp á pallborðið hjá landsliðsþjálfaranum.

Edwin van der Sar, markvörður Manchester United, var heldur ekki valinn í hópinn en ástæðan fyrir því er sú að van der Sar ræður því sjálfur hvort hann taki þátt í vináttuleikjum fyrir Hollands hönd.

- dsd

Fjármagn frá UEFA:

## 40 milljónir til íslenskra félaga

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Evrópu hefur gert upp síðasta keppnistímabil Meistaradeildar Evrópu og útteilt hagnaði af henni til knattspyrnusambanda í álfunni. KSÍ fékk 40 milljónir sem það dreifir milli félaga sem voru í efstu deild árið 2004, til eflingar knattspyrnu barna og unglinga. Hvert félag fær 1,58 milljónir króna auk þess sem þau félög sem tóku þátt í Evrópukeppnum sama tímabil fengu samtals 21,9 milljónir.

- esá

Viggó kvartar undan heimsbikarkeppninni í handbolta:

## Viggó ósáttur vegna leikjaálags

**HANDBOLTI** Viggó Sigurðsson er afar ósáttur vegna þess álags sem er á marga leikmenn hans í Flensburg í kjölfarið á heimsbikarmótinu í handbolta sem fór fram í síðustu viku. Tveir leikmenn, Sören Stryger og Joachim Boldsen, urðu fyrir meiðslum á mótinu og sá þriðji, Króatinn Blazenko Lackovic, kvartaði undan sárindum í hné eftir úrslitaleikinn gegn Túnis. Flensburg lék í gær gegn Grosswallstadt í þýsku bikarkeppninni.

„Að halda mót á borð við heimsbikarinn þar sem fimm leikir eru leiknir á sex dögum er út í hött,“ sagði Viggó við vefmiðilinn handball-welt.de. „Og það í miðju mikilvægra leikja í deildinni, bikarkeppninni og Meistaradeildinni,“ sagði hann og var afar ósáttur.



**SAMUR VIÐ SIG** Viggó Sigurðsson með kunnuglega takta á hliðarlínunni á leik Flensburg og Göppingen í byrjun október.

NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Grosswallstadt á líka við sín meiðslu að stríða en Einar Hólmgeirsson er meiddur í baki og Alexander Pettersson á fæti. Stryger reif aftara krossband á

mótinu og verður frá í 4-6 vikur en hann er fyrirlíði Flensburg.

Viggó er að leysa af þjálfara Flensburg, Svíann Kent-Harry Andersson, sem hefur verið að glíma við erfið veikindi. Hann mun væntanlega snúa aftur til starfa í desember og þá mun Viggó væntanlega snúa aftur heim, nema að annað komi í ljós. Honum hefur gengið vel með liðið, það er í þriðja sæti þýsku úrvalsdeildarinnar með fimmtán stig eftir níu leiki og aðeins einu stigi frá toppliði Gummersbach. Kiel er í öðru sæti, einnig með fimmtán stig.

Þá er liðið ósigrað í D-riðli Meistaradeildar Evrópu og svo gott sem búið að tryggja sér sæti í sextán liða úrslitum.

- esá

Ungur leikmaður Bari:

## Skotinn til bana

**FÓTBOLTI** Giovanni Montani, leikmaður í ungmennaliði Bari á Ítalíu, var skotinn til bana í bíl sínum á dögnum. Frændi leikmannsins er þekktur mafíuforingi og álitit er að leikmaðurinn sé fórnarlamb hefndarmorðs.

Maður á vélhjólum ók upp að bíl leikmannsins og hóf skothríð sem leiddi til þess að Montani særðist, missti stjórn á bílnum og endaði utan vegar. Tveir óþekktir menn fóru með Montani á sjúkrahús þar sem hann lést stuttu síðar. Frændi leikmannsins, Andrea, var einn af aðalöðnum í mafiunni á svæðinu á níunda áratugnum en hann hefur setið í fangelsi síðustu fimmtán ár og missti m.a. son sinn fyrir fimm mánuðum síðan þegar deila við eiganda gæludýrabúðar fór úr böndunum.

- dsd

# Verð ekki aftur á bekknum næsta ár

Bjarni Þórður Halldórsson markvörður segir að hann ætli sér ekki að vera varamarkvörður Fylkis annað árið í röð. Hann er óðum að jafna sig á meiðslum sínum, sem og Fjalar Þorgeirsson sem varði Fylkismarkíð í sumar.

**FÓTBOLTI** Meiðslavandræði Fylkismanna eiga sér langa sögu og snerta marga leikmenn liðsins. Í sumar áttu tveir markverðir liðsins við meiðslu að stríða á einhverjum tímupunkti, þeir Fjalar Þorgeirsson og Bjarni Þórður Halldórsson. Fjalar stóð þó í markinu flesta leikina þrátt fyrir að hafa slitið krossband en Bjarni Þórður sat lengst af á bekknum. Þá lék Jóhann Ólafur Sigurðsson einnig nokkra leiki þegar hvorugur hinna var leikfær.

Bjarni hafði varið Fylkismarkíð með miklum sóma síðustu tvö ár á undan en þegar hann meiddist fengu Fylkismenn Fjalar til liðs við félagið. Nú er Bjarni að ná sér á nýjan leik og hefur hann lítinn hug á því að vera varamaður fyrir Fjalar næsta sumar einnig.

„Eins og staðan er í dag verð ég áfram hjá Fylki,“ sagði Bjarni Þórður við Fréttablaðið, sem hefur heimildir fyrir því að Fram-

arar hafi athugað stöðu mála hjá honum þegar þeir voru að leita sér að arftaka Gunnars Sigurðssonar. „Ég hef sjálfur ekkert heyrt um áhuga annarra félaga og veit ég svo sem ekki nú hvornig mál mín munu standa næsta sumar. En ég veit þó að ég ætla ekki að vera varamarkvörður tvö tímabil í röð. Ef ég sé fram á að ég fái ekki að spila mun ég reyna að fara til annars félags á láni,“ sagði Bjarni Þórður.

Hann meiddist í nára fyrir tímabilið og fékk hann aldrei að vita hvað nákvæmlega var að hrjá hann. „Það var rætt um að þetta væru stífir vöðvar og sinar í nára sem orsökuðu þetta. En ég hvíldi vel í fríinu og hef farið á tvær æfingar og ekki fundið fyrir þessu af viti.“

Fjalar hefur einnig átt við sín meiðslavandræði að stríða en þrátt fyrir að slíta aftari krossböld lék hann flesta leiki liðsins í



**BJARNI ÞÓRÐUR** Vill komast í markíð á nýjan leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sumar. „Það hefði verið æskilegt að taka pásu í mánuð og þjálfra hnéið,“ sagði Fjalar. „En það er víst ekki hægt í þriggja mánaða löngu móti. Þannig að maður þjósnaðist á þessu sem var kannski ekki gáfulegt en ég held að ég hafi komist upp með það.“

Fjalar sleit ekki fremri krossböld sem þýðir að hann þarf ekki

að leggjast undir hnifinn með þeim afleiðingum að hann yrði frá í næstum heilt ár. Það þekktist hjá íþróttamönnum að spila með slitin aftari krossbönd með rétttri þjálfun.

Hann á enn eftir tvö ár af samningi sínum við Fylki og sér ekki fram á að sín mál breytist.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**FJALAR** Spilar með slitin krossbönd.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**JÓHANN ÓLAFUR** Þriðji markvörður Fylkismanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fjórða umferð Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld með átta leikjum:

## United vængbrotið í Kaupmannahöfn

**FÓTBOLTI** Meistaradeild Evrópu heldur áfram í kvöld þegar fjórða umferð klárast með átta leikjum í E, F, G og H-riðlum. Manchester United mætir FC Kaupmannahöfn í Danmörku en mætir til leiks með vængbrotið lið. Þeir Ryan Giggs, Louis Saha og Gary Neville eru allir frá vegna meiðsla og fóru ekki með liðinu til Danmerkur. En vinni liðið í kvöld mun það tryggja sér sæti í sextán liða úrslitum þar sem United er með fullt hús stiga í leikjunum til þessa.

„Það er áfall að hafa ekki jafn leikreynda leikmenn með liðinu í þessum leik en við erum með stóran hóp leikmanna,“ sagði Alex Ferguson, stjóri Manchester United. Patrice Evra meiddist á ökkla í leik gegn Bolton um helgina en er orðinn klár í slaginn á nýjan leik. Líklegt er að Wes Brown byrji inn á í stað Neville og þá getur Ferguson valið á milli þeirra Ole Gunnar Solskjær og Alan Smith til að nota í framlínunni við hlið Wayne Rooney.

Arsenal tekur á móti CSKA Moskva á Emirates-leikvanginum í toppslag G-riðils. Liðin mættust í Moskva í síðustu



**VERÐUR MED** Wayne Rooney í fyrri leik Manchester United og FC Kaupmannahafnar í Meistaradeildinni.

NORDIC PHOTOS/GETTY

umferð og unnu þá Rússarnir 1-0 sigur. CSKA á reyndar enn eftir að fá mark á sig í keppninni og hefur Arsene Wenger, stjóri Arsenal, varað sína menn við því að leika illa í leiknum. Því hafi liðið einfaldlega ekki efni á.

„Ég var með mikið sjálfstraust fyrir leikinn í Moskva og finnst mér að það hafi almennt verið tilfellið með leikmenn liðsins. En það var búið að aðvara okkur því leikmenn Porto sögðu að það væri mjög erfitt að vinna liðið. Þegar

maður spilar gegn liði sem verst svo aftarlega en beitir svo stórhættulegum skyndisöknum verður mjög erfitt að skora mörg mörk, sérstaklega eftir að maður lendir marki undir,“ sagði Wenger.

Emmanuel Adebayor hefur jafnað sig af meiðslum sínum og verður klár í slaginn í kvöld en Fredrik Ljungberg er enn frá.

Real Madrid mætir Steaua Búkarest í kvöld á heimavelli og ætti samkvæmt bókinni ekki að lenda í miklum vandræðum í þeirri viðureign. AC Milan tekur á móti Anderlecht á San Siro og verður í góðum málum í H-riðli ef það nær þremur stigum úr leiknum. Þá mætir Hamburg liði Porto í Þýskalandi og freistar þess að ná í sín fyrstu stig í keppninni.

- esá

### LEIKIR KVÖLDSINS

AC MILAN-ANDERLECHT	H-RÍÐILL
AEK APENA-LILLE	H-RÍÐILL
ARSENAL-CSKA MOSKVA	G-RÍÐILL
BENFICA-CELTIC	F-RÍÐILL
FCK-MANCHESTER UNITED	F-RÍÐILL
HAMBURG-PORTO	G-RÍÐILL
LYON-DYNAMO KIEV	E-RÍÐILL
REAL MADRID-STEUA BÚKAREST	E-RÍÐILL

## ÚRSLIT Í GÆR

## Meistaradeild Evrópu

## A-riðill:

BARCELONA-CHELSEA	2-2
1-0 Deco (3.), 1-1 Lampard (52.), 2-1 Eiður Smári Guðjohnsen (58.), 2-2 Drogba (90.).	
LEVSKI SOFIA-WERDER BREMEN	0-3
0-1 Mihajlov, sjálfsm. (33.), 0-2 Baumann (35.), 0-3 Frings (37.).	

## STADAN:

CHELSEA	4	3	1	0	8-3	10
WERDER B.	4	2	1	1	6-3	7
BARCELONA	4	1	2	1	8-4	5
LEVSKI S.	4	0	0	4	1-13	0

## B-riðill:

SP. MOSKVA-INTER MILAN	0-1
0-1 Julio Cruz (1.).	
BAYERN MÜNCHEN-SPORTING L.	0-0

## STADAN:

BAYERN M.	4	3	1	0	7-0	10
INTER MILAN	4	2	0	2	3-4	6
SPORTING L.	4	1	2	1	2-2	5
SP. MOSKVA	4	0	1	3	2-8	1

## C-riðill:

LIVERPOOL-BORDEAUX	3-0
0-1 Luis García (23.), 2-0 Gerrard (71.), Luis García (76.).	
PSV-GALATASARAY	2-0
1-0 Simons (59.), 2-0 Kone (84.).	

## STADAN:

LIVERPOOL	4	3	1	0	7-2	10
PSV	4	3	1	0	5-1	10
GALATASARAY	4	0	1	3	3-7	1
BORDEAUX	4	0	1	3	0-5	1

## D-riðill:

ROMA-OLYMPIAKOS	1-1
0-1 Cesar (19.), 1-1 Totti (66.).	
SHAKHTAR DONETSK-VALENCIA	2-2
1-0 Jadson (3.), 1-1 Morientes (18.), 2-1 Fernando (28.), 2-2 Ayala (68.).	

## STADAN:

VALENCIA	4	3	1	0	10-5	10
ROMA	4	2	1	1	7-3	7
OLYMPIAKOS	4	0	2	2	5-8	2
SHAKHTAR D.	4	0	2	2	4-10	2

## Sænska úrvalsdeildin

HAMMARBY-GEFLE	1-0
Pétur Marteinnsson lék síðustu fimm mínúturnar í liði Hammarby en Gunnar Þór Gunnarsson sat allan tímann á bekknum.	



**RAFA BENÍTEZ** Var gagnrýndur af manni í stjórn Liverpool sem hefur nú sagt af sér. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stjórnamaður hjá Liverpool: Sagði af sér eftir gagnrýni

**FÓTBOLTI** Noel White, stjórnarmaður hjá Liverpool, hefur sagt af sér eftir að hann gagnrýndi Rafa Benítez, framkvæmdastjóra félagsins, fyrir slakt gengi í deildinni á yfirstandandi leiktíð. Í síðustu viku kom fram að ónefndur stjórnarmaður hjá Liverpool hefði opinberlega gagnrýnt Benítez og White hefur nú viðurkennt að hann sé sá maður.

„Í þau 21 ár sem ég hef notið þeirra forréttinda að vera stjórnarmaður hjá Liverpool hefur það ávallt verið mitt leiðarljós að vinna að gengi félagsins,“ sagði White. - dsd

Hafþór Ægír Vilhjálmsson laus undan samningi:

## Hafþór Ægír semur við Val á föstudag

**FÓTBOLTI** Skagamaðurinn Hafþór Ægír Vilhjálmsson mun á föstudag skrifa undir samning við Val samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hann hefur alla sína tíð leikið með ÍA og var samningsbundinn liðinu til 2008 en skrifaði í september undir viðauka við samning sinn sem sagði að honum yrði frjálst að fara hinn 31. október ef Guðjón Þórðarson yrði ráðinn þjálfari. Það gerðist nokkrum dögum síðar og var Hafþór því laus allra mála í gær. Fréttablaðið greindi frá því í

síðasta mánuði fyrst allra að Hafþór myndi ganga til liðs við Val ef ekkert yrði af för hans til Svíþjóðar. Hann fór til æfinga hjá Norrköping sem leikur í 1. deildinni þar en Hafþór ákvað að hafna tilboði félagsins og einbeita sér að úrvalsdeild karla hér á landi um sinn.

Hafþór hefur á undanföllum tveimur tímabilum leikið 33 leiki fyrir ÍA í deild og bikar og skorað í þeim átta mörk. Hann á einnig sjö leiki að baki með yngri landsliðum Íslands. - esá

Pétur Marteinnsson sennilega á heimleið:

## Komum líklega heim

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Pétur Marteinnsson er líklega á leiðinni heim til Íslands að tímabilinu loknu í sænsku úrvalsdeildinni þar sem hann er á mála hjá Hammarby. Pétur hefur í allt sumar beðið með að taka ákvörðun um að framlengja samning sinn við félagið um tvö ár, sem stendur honum til boða, eða flytja heim til Íslands með fjölskyldunni og spila þá með félagi hér á landi. Hefur hann helst verið orðaður við KR og Fram, sér í lagi fyrrnefnda félagið.

„Við erum komin nær þeirri ákvörðun að flytja heim. Við erum að minnsta kosti að velja því alvarlega fyrir okkur,“ sagði Pétur við Fréttablaðið í gær. „Það er ekkert ákveðið eins og er en



**PÉTUR MARTEINSSON**

það eru alla vega meiri líkur á því en minni.“ Pétur hefur verið fastamaður í liði Hammarby í sumar en meidsli hafa hrjád hann að undanförmum af þeim sökum missti hann af landsleikjum Íslands við Lettland og Svíþjóð. Eyjólfur Sverrisson valdi hann aftur í liðið eftir rúmlega árs fjarveru en hann meiddist illa í sínum síðasta landsleik, gegn Ungverjum á Laugardalsvelli í byrjun júní í fyrra.

Pétur er 33 ára og hefur verið í atvinnumennsku í ellefu ár. - esá

# Mark Eiðs Smára dugði ekki til sigurs

Eiður Smári Guðjohnsen kom mikið við sögu í stórleik gærkvöldsins í meistaradeild Evrópu. Eiður Smári kom Barcelona yfir í síðari hálfleik en markið dugði þó ekki til sigurs og Barcelona er í slæmum málum.

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var að vanda í byrjunarliði Barcelona sem tók á móti Chelsea á heimavelli sínum, Camp Nou, í meistaradeild Evrópu í gær. Mikil spennan var fyrir leikinn en þetta var í annað sinn á tveimur vikum sem þessi tvö stórlið mættust. Chelsea vann fyrri leik liðanna og gat með sigri í gær tryggt sér sæti í 16 liða úrslitum meistaradeildarinnar. Leikurinn í gær endaði með jafntefli, 2-2, þar sem Eiður Smári skoraði síðara mark Barcelona. Markið virtist ætla að duga heima mönnum en dramatík í lokin endaði með marki frá ensku meisturunum.

Leikurinn fór fjórlega af stað og portúgalski landsliðsmaðurinn Deco náði forystunni fyrir Barcelona strax á þriðju mínútu með góðu skoti frá vítateigslín-

unni. Barcelona náði samt sem áður ekki að hrista Chelsea almennilega af sér og þeir ensku börðust af miklum krafti og Michael Essien átti besta færi gestanna þegar Victor Valdes, markvörður Barcelona, varði skalla frá þeim fyrrnefnda. Fyrri hálfleikurinn var jafn en Barcelona leiddi þó í hálfleik, 1-0.

Eiður Smári átti erfitt uppdráttar í fyrri hálfleiknum og komst lítið í takt við leikinn. Besti leikmaður heimaþinga í fyrri hálfleik var án efa Lionel Messi, en hann bar einmitt af í leik Barcelona fyrir hálfum mánuði á heimavelli Chelsea.

Chelsea byrjaði síðari hálfleikinn af miklum krafti og hefði auðveldlega getað jafnað leikinn á fyrstu mínútum hans. Pressan virtist koma heimaþingum í opna skjöldu. Arjen Robben fékk mjög gott færi sem ekki nýttist og í næstu sókn þar á eftir kom jöfnunarmark. Eftir stungusendingu inn fyrir vörn Barcelona náði Frank Lampard að halda knettinum inni á vellingnum og í stað þess að senda boltann fyrir markið, þá lyfti hann boltanum yfir Valdes í markinu og í hornið fjær. Frábært mark hjá Frank Lampard.

Eftir þetta vöknudu Barcelona-menn aftur til lífsins og á 58. mínútu tók svo Eiður Smári til sinna ráða. Ronaldinho fékk boltann út við hliðarlínu, lék laglega á Khalid Boulahrouz, varnarmann Chelsea, átti góða sendingu inn á markteig og þar var Eiður Smári Guðjohnsen réttur maður á réttum stað og kom Barcelona yfir, 2-1. Stuttu áður en Eiður Smári skoraði var engu líkara en hann væri á leið af velli og því var þetta kærkomið mark hjá íslenska landsliðfyrrliðunum.



**LUIS GARCIA** Skoraði tvö mörk fyrir Liverpool í gær þegar liðið lagði Bordeaux, 3-0. NORDIC PHOTOS/GETTY



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Fagnar hér marki sínu í gær en hann þurfti að yfirgefa völinn stuttu síðar þegar hann lenti illa á vinstri fæti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP PHOTOS

Eins og við var að búast var mikil barátta það sem eftir lifði leiks og dómari leiksins hafði í mörg horn að líta.

Eiður Smári varð fyrir því óláni að meiðast á 75. mínútu leiksins þegar hann lenti í návígi við Ricardo Carvalho og virtist stíga eitthvað illa niður. Eiður Smári lá eftir sárkvalinn, var stuttu síðar borinn af velli og kom ekki við sögu meir. Þetta leit alls ekki vel út og spurning hversu alvarleg

þessi meiðsla eru hjá Eiði Smára. Allt virtist stefna í sigur Barcelona en þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma náði Didier Drogba að jafna metin fyrir Chelsea með fallegu marki.

Lokatölur því 2-2 í frábærum leik og ljóst að Barcelona þarf að vinna báða sína leiki sem eftir eru og vonast eftir hagstæðum úrslitum í öðrum leikjum til að komast áfram í keppninni. dagur@frettabladid.is

Blaðamannafundur í Kaplakrika í dag:

## Matthías semur við Íslandsmeistarana


**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Matthías Guðmundsson, fyrrverandi leikmaður Vals, semja við Íslandsmeistarana FH í dag. Verður hann því þriðji nýi leikmaður FH síðan tímabilinu lauk en fyrir höfðu tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir samið við FH-inga.

Matthías er uppalinn Valsari en ákvað að leiktíð lokinni að rífta samningi sínum við félagið og reyna fyrir sér hjá erlendum félögum. Hann æfði með AGF í Danmörku og Álasundi í Noregi en fékk ekki nógu sterk viðbrögð þaðan og ákvað því að snúa sér að viðræðum við íslensk félög. Hann staðfesti við Fréttablaðið í síð-

ustu viku að flest lið í úrvalsdeild karla hefðu haft samband við hann.

En nú hafa FH-ingar krækt í þennan stóra bita og mun hann styrkja liðið mikið. Einsýnt þykir, miðað við þróun mála síðastliðnar vikur og mánuði, að FH, KR og Valur muni mæta gríðarlega sterk til leiks á næsta keppnistímabili og þá er Guðjón Þórðarson til alls líklegur með sitt Skagalið.

Matthías hefur verið samningsbundinn Val frá 1998 en hann er 26 ára gamall. Hefur hann leikið vel á annað hundrað leiki með félaginu á sínum ferli og var í sumar valinn í íslenska landsliðið í fyrsta sinn. - esá



**GEGN BRÖNDBY** Matthías Guðmundsson í leik gegn Brøndby í Evrópukeppninni í sumar. Hann er nú á leið í lið FH. NORDIC PHOTOS/AFP

## &gt; Denis Leary

Hefur leikið í ótal gamanmyndum og var frægur grínisti á sviði áður en hann fór að leika í kvikmyndum. Denis fæddist 18. ágúst 1957 og sló í gegn í þættinum „Rescue Me“ sem er sýndur á Sirkus í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON SÁ STORM Í HLANDPOLLI

### Gulir eru taumar þínir...

Listaspírur hefur aldeilis tekist að hneyksla eins og kom fram í fréttum Sjónvarpsins á mánudagskvöld. Fréttamaður sagði frá að stúdentar á fyrsta ári við Listaháskóla Íslands hefðu framkvæmt gjörning, sem fólst í því að nokkrir „dregir“ (skrýtið orð yfir fullveðja háskólanema) rökkuðu hárf af bekkjarsystur sinni og og migu á hana. Ekki fylgdi sögunni hver fékk þann leiða starfa að skúra hámenninguna upp að gjörningnum loknum en fréttamaður leitaði hins vegar álits hjá á öðrum tug leikara, leikstjóra og leiklistarkennara. Hvers vegna hann leitaði almennt til leikstjóra og leikara út af þessu máli kom ekki fram. Í fljótu bragði virðist það álika og að leita til Rafiðnarsambandsins ef björkvöld nema úr lönskólanum fer úr böndunum, en það er önnur saga.

Fréttamaðurinn klykkti hinsvegar út með þeim orðum að „langflestum sem rætt hefur verið við í dag er verulega misboðið. Þeir segja að nemendur á fyrsta ári í leiklistarnámi



hafi engar forsendur - hvorki faglegar né persónulegar - til að framkvæma slíkan gjörning.

Nú er ekki laust við að maður klóri sér í hausnum. Hvenær í ósköpunum hefur maður forsendur - faglegar og/eða persónulegar til pissa á annað fólk? Þarf BA-gráðu frá listaháskóla upp á vasann? Þetta hljómar dálítið eins og að fá vinnuvélaréttindi. Á þetta hefði fréttamaðurinn gjarnan mátt bregða ljósi frekar en vandlætingu sína.

Nú gildir einu hvaða skoðun fólk hefur á verkefni listnemanna en áður en hrópin „úrkynuð list“ byrja enn eina ferðina, má kannski staldra við og spyrja: Ef listnema mega ekki reyna á hvar mörkin liggja - jafnvel þótt þeim skriki fótur - hver má það þá?

**SALERNI** Máski voru listnemarnir að vekja athygli á bágrí salernisaðstöðu í skólanum.

### EKKI MISSA AF



► **18.00** Liverpool- Aston Villa SKJÁRSPOURT



► **20:10** Bráðavaktin SJÓNVARPIÐ



► **21.30** Sirkus Rvk SIRKUS



► **22.00** Matchstick Men STÖÐ 2 BÍÓ



► **22:50** Big Love STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)  
**17.50 Táknmálfrettir**  
**18.00 Disneystundin**  
**18.01 Liló og Stitch (35:39)**  
**18.23 Síggildar teiknimyndir (7:42)** (Classic Cartoons)  
**18.30 Herkúles (7:28)** (Disney's Hercules)  
**18.54 Víkingalottó**  
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**  
**19.35 Kastljós**

► **20.10 Bráðavaktin (11:22)** (ER XII) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamátöku sjúkrahúss í stórborg. Aðalhlutverk Laura Innes, Mekhi Phifer, Goran Visnjic, Maura Tierney, Parminder Nagra, Linda Cardellini, Shane West og Scott Grimes. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**20.55 Fréttahaukur (3:6)** (Broken News) Bresk gamanþáttaröð um fréttastöðvar í sífelldri leit að stórfréttum til að fylla út í dagskrá sína. Meðal leikenda eru Benedict Cumberbatch, Darren Boyd, Claudia Christian, Indira Varma, Steve Toussaint, Colin Stinton, Carl Norris, Sharon Horgan, Kevin Day og Phil Nichols.

**21.25 Litla-Bretland (3:6)** (Little Britain III) Ný bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna.

**22.00 Tiufrettir**

**22.20 Handboltakvöld**

**22.35 Mótorsport** Þáttur um íslenskar akstursíþróttir. Dagskrárgerð: Birgir Þór Bragason.

**23.05 Mozart-tónleikar í Stefánskirkju í Vínarborg** Fram koma Vínardrengjakórinn, Chorus Viennensis, Sandrine Piau sópran, Dietmar Kerschbaum tenór, Wolfgang Bankl bassi og Útvarpshljómsveit Vínarborgar undir stjórn Bertrands de Billy.

**0.10 Kastljós**

**0.45 Dagskrárlök**

### BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Fierce Creatures **8.00** Swan Princess **10.00** Hvítir mávar **12.00** The Perez Family (e) **14.00** Swan Princess 16.00 Hvítir mávar **18.00** The Perez Family (e) **20.00** Fierce Creatures

► **22.00** Matchstick Men **0.00** Angels Don't Sleep Her **2.00** Breathtaking **4.00** Matchstick Men (Bönnuð börnum)

### SKJÁREINN

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e)  
**8.00** Dr. Phil (e)  
**8.45** Dýravinir (e)  
**15.25** Innlit / útlit (e)  
**16.20** Beverly Hills 90210  
**17.05** Dr. Phil  
**18.00** 6 til sjö  
**19.00** Melrose Place

**19.45 The King of Queens (e)** Carrie finnst eitthvað grunsamlegt við tíðar heim-sóknir Dougs á hárgreiðslustofuna.

**21.00 Love, Inc.** Gamanþáttur um stefnumótáþjónustu sem gengur alla leið. Stúlukumar í Love, Inc. hjálpa lánlausum gaurum, og jafnvel einstaka stúlku, að finnpússa stefnumótatekna fyrir stóru stundina.

**20.35 Out of Practice** Bráðfyndin gaman-séria frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt. Ben Barnes er hjónabandsráðgjafi sem ekki er litíð á sem „alvöru“ lækni af hinum í fjölskyldunni.

**21.00 America's Next Top Model VI** Það gengur mikið á hjá stúlkunum í í kvöld. Þær eru ennþá í Tælandi og ein fyrirsætan er send í flýti á sjúkrahús. Myndatökan fer fram á fil í frumskóginum. Hvernig ná fríða og dýrið saman?

**22.00 How to Look Good Naked** Glæny, bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubróst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línunar. Engar geðveikar æfingar, megrunarkúr eða fitusög... bara einfaldar lausnir og góð ráð. Það þarf ekki lytaaðgerð til að líta vel út nakinn. Þetta er þáttur fyrir alvörukonur.

**22.30 The L Word** Tina fer í viðskiptaferð til Kanada og fær tækifæri til að kanna tilfinningar sínar til karlmanna. Dana og Lara eiga í erfiðleikum á meðan Jenny hjálpar Moira að breytast í Max.  
**23.30 Jay Leno**

**0.15 Conviction (e)**

**1.00 Da Vinci's Inquest (e)**

**1.50 Beverly Hills 90210 (e)**

**2.35 Melrose Place (e)**

**3.20 Óstöðvandi tónlist**

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**

**18.30 Fréttir NFS**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Seinfeld**

**20.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjórnur.

**20.30 South Park** Ótrúlega vinsælir teiknimyndarþættir eftir þá Trey Parker og Matt Stone sem skrifuðu þættina eftir stuttmynd sem þeir gerðu.

**21.00 Blowin' Up** Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar.

► **21.30 Sirkus Rvk** Sirkus Rvk fer með þig út á lífið og tekur púlsinn á heitustu skemmtunum bæjarins. Stjórnandi þáttarins er Ásgeir Kolbeins og hann sýnir þér hvar mesta fjöríð var í vikunni sem leið.

**22.00 Ghost Whisperer** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda.

**22.50 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli.

**23.15 Rescue Me (e)**

**0.00 Weeds (e)**

**0.30 Seinfeld (e)** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.

**0.55 Entertainment Tonight (e)** Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfðu öllum aldurshópum.

**1.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

### SKJÁR SPORT

**7.00** Að leikslökum (e)

**14.00** West Ham - Blackburn (e) frá 29.10

**16.00** Fiorentina - Palermo (e) frá 29.10

► **18.00** Liverpool - Aston Villa (e) frá 28.10

**20.00** Newcastle - Charlton (e) frá 28.10

**22.00** Ítölsku mörkin (e)

**23.00** Man. City - Middlesbrough frá 30.10

**1.00** Dagskrárlök

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE



VAKNADU VEL MEÐ ÍSLANDI Í BÍTIÐ  
 Alla virka daga frá 7 - 9



## Í KVÖLD

## Stöð 2 kl. 20.05

## Eldsnögg með Jóa Fel

Hinn eini sanni Jóa Fel er mættur enn og aftur og ætlar þessi fjölhæfi bakameistari að matreiða gómsæta rétti eldsnögg og með ofureinföldum hætti. Góðir gestir mæta svo í heimsókn og eru svo lánsamir að fá að bragða á kræsingum Jóa. Að þessu sinni ætlar Jóa að bregða sér norður í land, nánar tiltekið norður á Dalvík, þar sem hann var staddur á Fiskidöggunum viðfrægu síðastliðið sumar. Þar bragðaði hann ýmsar framandi fisktegundir á borð við sæeyra, matreiddar á æði frumlegan máta. Þá ætlar Jóa að matreiða girnilegt sjávarfang fyrir Bjarna Óskarsson hjá Nings og Úlfar Eysteinson hjá Premur Frökkum. Á boðstólum verður marineruð hefna í teryaki-sósu, grillaðar ferskar tigrisrækjur í chili-sósu, austurlensk lúða að hætti Bjarna í Nings og svo mun Úlfar bjóða upp á íslenska laxasúpu.



► VIÐ MÆLUM MED  
America's next top model Á  
SKJÁ EINUM KL. 21.00

Nú stýttist í annan endann hjá ofurfyrirsætunum í America's Next Top Model þar sem leitinn að ofurfyrirsætu Bandaríkjana fer að ljúka... í bili að minnsta kosti. Tyra Banks stjórnar og framleiðir þennan raunveruleikabátt sem hefur slegið öll met á Íslandi. Í síðasta þætti fóru stelpurnar til Tailandis og fylgjumst við með ævintýrum þeirra þar í kvöld. Ætti að lofa góðu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregni 6.50 Bæn 7.00 Fréttir 16.13 Hlaupanótan  
7.05 Morgunvaktin 8.00 Fréttir 9.00 Fréttir 17.00 Fréttir  
9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 17.03 Viðsjá  
10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Pipar 18.00 Kvöldfréttir  
og salt 11.00 Fréttir 18.24 Auglýsingar  
11.03 Samfélagið í nærmynd 18.25 Spegillinn  
12.03 Hádegisútlarp 18.50 Dánarfregni og auglýsingar  
12.20 Hádegisfréttir 19.00 Vitinn  
12.45 Veðurfregni 19.30 Laufskálinn  
12.50 Dánarfregni og auglýsingar 20.10 Stelpulitir  
13.00 Vít og breitt 21.00 Út um græna grundu  
14.00 Fréttir 21.55 Orð kvöldsins  
14.03 Útlarpssagan: Bréf til Brands 22.00 Fréttir  
14.30 Miðdegistónar 22.10 Veðurfregni  
15.00 Fréttir 22.15 Glæta  
15.03 Sögur af sjó og landi 23.05 Fallegast á fóninn  
16.00 Fréttir 0.00 Fréttir  
16.10 Veðurfregni 0.10 Útlarp á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp  
tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin /  
Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun  
/ Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora  
efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

## SYN

7.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaramörk) Knattspymusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlegayfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

16.50 Meistaradeild Evrópu - endurs (Meistaradeildin - (E)) Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

18.30 Ensku mörkin

19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun Heimir Karls og Guðni Bergs hita upp fyrir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Sýn er með þrjá leiki í beinni útsendingu í kvöld á Sýn, Sýn Extra og Sýn Extra 2.

19.30 Meistaradeild Evrópu (Arsenal - CSKA Moskva) Bein útsending frá Meistaradeild Evrópu.

21.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaramörk) Knattspymusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlegayfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

22.20 Meistaradeild Evrópu (FC Kaupmannahöfn - Man. Utd) Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn var í beinni á Sýn Extra.

0.10 Meistaradeild Evrópu (Benfica - Celtic) Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn var í beinni á Sýn Extra 2.

2.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaramörk) Knattspymusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlegayfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

## DR 1

12.00 Smagsdommeme 12.40 OBS 12.50 Fantastiske fortællinger 13.20 Søren Ryge og Bette Anna 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Svada 15.30 Pigebandet Frank 16.00 Snurre Snup 16.05 Juniper Lee 16.30 Junior 17.00 Charlie & Lola 17.15 Tagkammerater 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Lægens bord 19.00 Sporløs 19.30 Cyklus - til døden jer skiller 20.00 TV Avisen 20.25 Profilen 20.50 SportNyt 21.00 Lilja 4-ever 22.45 Onsdags Lotto 22.50 Hva' så Danmark? - reform af den offentlige sektor 23.20 Kampen for livet 6.00 TV Avisen med vejre

## NRK1

12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsnyheter 12.20 Fra Aust- og Vest-Agder 12.40 Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 13.00 Siste nytt 13.05 Distriktsnyheter 13.20 Fra Oslo og Akershus 13.40 Fra Østfold 14.00 Siste nytt 14.05 Ian tar regien 14.30 Kim Possible 15.00 Siste nytt 15.03 Johnny og Johanna 15.30 Fabrikken 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Grenseløs kjærlighet 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Fiffi og blomsterbarna 17.15 Den lille blå dragen 17.20 Magnus og Myggen 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Forbrukerinspektørene 18.55 Beruftsens fargerike 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Vikinglotto 20.45 House 21.30 Migrapolis 22.00 Kveldsnytt 22.10 Lydverket 22.45 Den tredje vakten 23.25 Politi på ville veier

## 1 SVT 1

13.25 Min fru går igen 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Plus 16.30 Krokodill 17.00 Meg och Mog 17.10 Planeten likadan 17.15 Dra mig baklänges 17.30 Evas funkarprogram 17.45 Seaside hotell 18.00 Rebellerna 18.30 Rapport 19.00 Packat & klart 19.30 Mitt i naturen 20.00 Entourage 20.25 Ett hus av sand och dimma 22.30 Rapport 22.40 Kulturhyeterna 22.50 En uppstoppad hund 23.50 Sändning från SVT24



# Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

- skráðu þig í Nám samhliða starfi

## STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

## Mannauðsstjórnun hefst 31. jan.

Þriggja missera nám tilvalið fyrir þá sem vilja auka menntun sína án þess að láta tímabundið af störfum. Námið er ætlað þeim sem starfa á sviði starfsmannamála og vilja auka þekkingu sína á viðfangsefninu en nýtist einnig vel þeim sem huga að nýjum starfsvettvangi.

## Rekstrar- og viðskiptanám hefst 22. jan.

Þriggja anna nám haldið í samvinnu við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Það er kjörið fyrir þá sem hafa hug á að ljúka námi í viðskiptafræðum en kjósa að taka hluta námsins samhliða starfi. Námið er metnaðarfullt og hagnýtt sem gerir þig að eftirsóttum starfskrafti.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember.

ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444  
endurmenntun.is



...fær knattspyrnumaðurinn Veigar Páll Gunnarsson sem hefur slegið í gegn með norska liðinu Stabæk og var valinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum félagsins.

# Teflir 250 skákir á 40 tímum

Hrafn Jökullsson teflir skákmarabon í Kringlunni næstkomandi föstudag og laugardag. Þetta er þriðja marabon Hrafns, sem ætla að tefla 250 skákir á alls fjórutíu klukkustundum. Ætlar hann að safna fyrir starfi Hrósins á Grænlandi.

Á meðal þeirra sem Hrafn mun tefla við eru Unnur Birna Vilhjálmstödd, fyrrverandi ungrú heimur, Eva María Jónsdóttir sjónvarpskona, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri, Óssur Skarphéðinsson og hugsanlega Guðni Ágústsson, sem Hrafn hefur skorað á að mæta en hann tapaði fyrir honum fyrir ári. Hver skák verður tíu mínútna löng.

„Þetta er mjög gefandi verkefni. Við höfum verið að vinna mjög



GRÆNLENSKIR KRÁKKAR Grænlenkir krakkar með skákborð sem þau fengu að gjöf frá Hróknum á síðasta ári.

markvisst á austurstönd Grænlands,“ segir Hrafn, sem tefldi 222 skákir fyrir einu ári. Vann hann 190 og tapaði tíu. „Þetta er eins og hver önnur fíkn. Maður fær þarna góða mælingu á andlegt og líkamlegt ástand sitt,“ segir hann í léttum dúr. Fyrsta skákin hefst á föstudagsmorgun og mun Hrafn halda áfram að tefla um nóttina án nokkurrar hvíldar.

Samhliða maraboni Hrafns verður sett upp sýning á ljósmyndum frá starfi Hrósins á Grænlandi. Jafnframt verður opnaður söfnunarreikningur fyrir þá sem vilja styðja mál-efnið. Tekið er við tilkynningum um

áheiti í netfanginu sigrunbald@hotmail.com. Bein útsending frá skákum Hrafns verður síðan á hrokrinn.is.

Hrókurinn og Kalak, vinafélag Íslands og Grænlands, í samvinnu við öflugan hóp Grænlandsvina, eru nú að skipuleggja skákferð til Austur-Grænlands 18. til 25. nóvember. Skákvika verður í grunnskólanum í Tasiilaq, stærsta skóla Austur-Grænlands, og skólarnir í Kulusuk og Kuummiit heimstóttir. - fb



HRAFNI JÖKULLSSON Hrafn mun tefla 250 skákir á 40 tímum í Kringlunni um helgina.

Crossword puzzle grid with numbers 1 through 21 indicating starting positions for words.

**LÁRÉTT**  
2 hvíða 6 hæð 8 keyra 9 yfirgef 11 í röð 12 teygjudyf 14 yfirstétt 16 málmur 17 nögl 18 tugur 20 frá 21 muldur.  
**LÓÐRÉTT**  
1 vafra 3 samtök 4 smjaðra 5 hald 7 afrikuríki 10 forskeyti 13 hryggur 15 hluti handar 16 stefna 19 tveir eins.

## FRÍÐRIK ÓMAR OG GUÐRÚN GUNNARS: Í KRÖPPUM DANSI Á ÁRSHÁTÍÐ

# Friðrik Ómar sneri niður ölvaðan ofbeldismann

Söngvararnir Friðrik Ómar Hjörleifsson og Guðrún Gunnarsdóttir lentu í heldur betur óþægilegri uppákomu þegar þau komu fram á árs hátíð hjá Lyfjum og heilsu á Nordica um síðustu helgi. „Við vorum í miðju lagi þegar það kom maður upp á sviðið og við sáum strax að hann var ekki allsgáður,“ segir Friðrik Ómar, en maðurinn byrjaði á því að grípa um hann og halda honum föstum. „Hann var eitthvað að bólsótast út í okkur en ég heyrði nú aldrei almennilega hvað hann var að reyna að segja. Það voru bara einhver leiðindi og ég frétti síðan að hann hefði verið eitthvað erfiður allt kvöldið.“

Friðrik Ómar hrínti manninum frá sér en hann fór þá að Guðrúnu og tók harkalega í hana líka. „Hún reyndi að forða sér og ég sá mig knúinn til þess að hjóla bara í hann og yfirbuga hann,“ segir Friðrik Ómar og hlær. „Ég sneri hann niður en þegar hann datt þá lenti hann ofan á hljóðfærum sem voru á sviðinu og eru í eigu hljóm-sveitarinnar Ísafoldar. Það skemmdust tvö hljómborð og eitthvað fleira en síðan komu fjórir menn hlaupandi og héldu honum niðri á meðan við forðuðum okkur út á hlaupum, skjálfaandi á beininum, enda höfðum við aldrei upplifað svona áður.“

**YFIRBUGAÐI MANNINN**  
Friðrik Ómar gerði sér lítið fyrir og sneri árásarmanninn niður.



ÓÞÆGILEG UPPÁKOMA Guðrún og Friðrik Ómar voru heppin að ekki fór verr þegar ölvaður maður réðst að þeim á árs hátíð hjá Lyfjum og heilsu um síðustu helgi.

Friðrik Ómar segist ekkert vita hvað hafi gengið að mannum. „Við vorum náttúrlega þarna á árs hátíð hjá Lyfjum og heilsu þannig að maður getur sér þess bara til að hann hafi verið að drekka ofan í lyf,“ segir hann hlæjandi enda alveg búinn að jafna sig á þessari uppákomu en maðurinn var hins vegar handjárn-aður og leiddur út af lögreglu. „Við höldum ótrauð áfram og

erum með sýninguna Góða skemmtun á föstudaginn á Broadway þannig að við látum þetta ekkert trufla okkur. Við meiddumst sem betur fór ekki neitt en erum með eymsli í handleggjunum,“ segir söngvarinn Friðrik Ómar hress og kátur eftir átök helgarnar. Guðrúnu hefur augljóslega ekki heldur orðið meint af árásinni þar sem hún var eldhress að vanda í þættinum Sex til sjö í gær og fyrradag. sigridurh@frettabladid.is

**LAUSN**  
19 átt, 11 un.  
tak, 7 sömalla, 10 rað, 13 bak, 15 löf, 18 tít, 20 af, 21 tauf.  
LÖBRET: 1 ráfa, 3 aa, 4 skjalla, 5 jk, 12 ambaða, 14 aðall, 16 ál, 17 kló, 18 tít, 20 af, 21 tauf.  
LÁRÉTT: 2 kast, 6 ás, 8 aka, 9 fót, 11

### VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls 8.

- 1 Íslensk erfðagreining.
- 2 Freyja Sigurðardóttir.
- 3 Mýrin.

PAKKA FERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI

Gölf	Sheraton Real de Faula	Verð frá 59.180 kr.
Sérferð	Einstök gönguferð á Alicante	69.900 kr.
Fótbolti	Chelsea-Watford	59.900 kr.
Fótbolti	Arsenal-Hamburg SV	49.900 kr.
Gölf	Bonalba, Alicante	Verð frá 69.900 kr.
Sérferð	Berlín í jólaundirbúningi	51.900 kr.
Fótbolti	Fulham-Arsenal	49.900 kr.
Fótbolti	Man. Utd.-Man. City	64.900 kr.
Sérferð	Adventuferð til Trier	59.900 kr.
Fótbolti	Chelsea-Arsenal	69.900 kr.
Sérferð	Adventuferð til Berlínar	49.900 kr.
Fótbolti	Arsenal-Portsmouth	59.900 kr.
Sólarferð	Alicante, Hotel Sidi San Juan	Verð frá 47.121 kr.

Óli verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.  
Nánar á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is) eða í síma 5 900 100

# Listaháskólinn vill þagga niður umdeilt atvik

„Mér finnst þetta persónulega ógeðfellt miðað við það sem ég hef lesið og heyrt um atvikið og ég sé engan tilgang með þessu,“ segir Randver Þorláksson, formaður félags íslenskra leikara, um gjörning sem framkvæmdur var í Fræði og framkvæmd, námi sem er hluti af námi í leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Randver segir svona gjörning eiga ekkert skylt við leiklist en bætti því við að félagi íslenskra leikara hefðu ekki borist neinar fyrirspurnir vegna málsins.

Frá því var greint í fréttum Ríkissjóvarspins að verkefni nemenda við Listaháskóla Íslands hafi farið yfir öll mörk velsæmis. Var í gjörningi klippt hár af höfði og sköpun konu og pissað yfir hana. Misvisandi sögum fer af því sem gerðist í kennslustundinni en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst var um að ræða

verkefni í 16 manna bekk sem snerist um að túlka sýn nemenda, sem skipt var upp í fjögurra manna hópa, á það hvernig karnival birtist í samtímanum. Eftir á að taka gróteskuna fyrir á námskeiðinu og verður fróðlegt að vita hvernig nemendur taka á henni.

Skólayfirvöld sendu nemendum námskeiðsins smáskilaboð í farsíma þeirra þar sem þeim var sagt að tjá sig ekki við fjölmiðla um þennan tiltekna gjörning. Þegar blaðamaður Fréttablaðsins hafði samband við Listaháskólann var honum tjáð að einungis deildarforseti leiklistardeildar, Ragnheiður Skúladóttir, myndi tjá sig um þetta tiltekna atvik en ekki

**RANDVER ÞORLÁKSSON**  
Segir atvikið ógeðfellt og skot langt yfir markið, gjörningurinn eigi ekkert skylt við leiklist.



LISTAHÁSKÓLINN Gjörningur þriggja nemenda í náminu Fræði og framkvæmd hefur vakið óskipta athygli en þar kastaði einn nemendi af sér vatni yfir samnemanda sinn.

náðist í hana þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Seinni part dags barst fjölmiðlum síðan fréttatilkynning þar sem áréttað var að það sem færi fram innan veggja leiklistardeildarinnar væri trúnaðarmál milli kennara og nemenda. Þá kom einnig fram að námskeiðið hefði verið um ljótleika í samtímanum. Álfrún Guðrúnardóttir, kynning-

arstjóri skólans, sagði í samtali við blaðið að ekki yrðu gefnar út neinar yfirlýsingar um það hvort kennurum eða deildarforseta hefði fundist þetta of langt gengið. „Vettvangur fyrir umræðu um einstök verkefni leiklistardeildarinnar er innan veggja skólans en ekki í fjölmiðlum,“ segir í yfirlýsingu. - fgg

### FRÉTTIR AF FÓLKI

50 ára afmæli Samtaka íþróttafréttamanna var fagnað um síðustu helgi. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var heiðursgestur kvöldsins og gerði að umtalsefni gagnrýni Ólafar Einarsdóttur á umfjöllun íslenskra fjölmiðla um frammistöðu Eids Smára Guðjohnsen, sonar hennar, í leik Chelsea og Barcelona á dögunum. Ólafur sagðist sjálfur hafa verið á leikum og viðurkenndi fúslega að Eíður hefði gjarnan mátt leika betur. „En ekkert vera að segja henni að forsetinn hafi líka verið að gagnrýna Eíð,“ sagði Ólafur í léttum tóni og uppskar mikinn hlátur.



Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi, er harmonikkuleikarari eins og margir vita og í veislu sem Glitnir hélt uppi á Akranesi mætti Gísli hress og kátur með nikkuna. Var gerður góður rómur að spíla-mennskunni, fjörinu sem fylgdi og því hversu ör látur Gísli væri á tíma sinn. Nokkrum dögum síðar mun hins vegar Glitni hafa borist reikningur upp á 40 þúsund krónur frá Gísla fyrir þessa þrjá klukkutíma sem hann var á svæðinu og hélt uppi fjörinu.



Útvarpsátturinn Tvíhöfði hefur göngu sína á Rás tvö eftir áramót. Ekki er vitað hvort efnistökvíhöfða verði þau sömu og áður en eins og margir muna gengu þeir félagar eitt sinn svo langt í gríninu að Ómar R. Valdimarsson upplýsingafulltrúi sá ástæðu til að klaga þá til lögreglu fyrir að henda gaman að kynferðislegri misnotkun á börnum. Hvert glens af því tagi falli að smekk Sigrúnar Stefánsdóttur dagskrárstjóra skal ósagt látið en hún sagði Hirti Howser upp störfum, fyrir grín á kostnað hljóm-sveitarinnar Gus-Gus. -jbg/hdm/bs



# Tjáðu þig!

**Bloggaðu með  
símanum!**  
Hvar sem er og  
hvenær sem er!



## Viltu sei'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



**BlogCentral.is**  
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi



## BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

### Eftirmáli teikni- borðsins


Svona fór þetta. Hálslón var sýn og náttúran sem flestir voru farnir að þekkja úr sjónvarpinu eins og lófann á sér hvarf endanlega. Enginn þarf að reyna að telja sér trú um að lónið verði tæmt aftur einn góðan veðurdag og þar blasi við ilmandi lyng og kvakandi ungar í hreiðri. Þau áform eru ekki á þessu fræga teikniborði sem svo oft hefur borið á góma að undanfögnu.

NÚ er hins vegar kominn tími til að sýna landið sem við þó eigum enn, náttúru þess og dýralíf. Af nógu er að taka því þarna úti eru hreindýr sögð vafra um með óræðan svip, minkar gagga í greni og vambmiklar gæsir fljúga yfir mjúkan mosa. Hvernig ætli venjulegur dagur líði síðan hjá blessaðri langreyðinni þessa dagana? spyr eflaust margur og þeirri merku spurningu gæti Ríkisútvarpið ef til vill leit að svara við. Í haust var það skikkað til að styrkja og efla sjónvarpsþátta- og heimildamyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum og vel mætti byrja á því að gera góðar náttúrumyndir. Mikið sem þær hafa verið vinsælar myndirnar sem Ríkissjónvarpið hefur sýnt með hinum ódrepanði Sir David Attenborough. Það er nú maður sem gaddaskata myndi seint vinna á. Ekki trúi ég samt öðru en íslenska þjóðin hafi fengið nóg af ofbeldisfullum samförum ástralskra kóngulóa. Þá væri nú betra að ástarleikir íslenska minkastofnsins hefði ofan af fyrir okkur á kvöldin.

**MYNDIRNAR** mætti síðan sýna í grunnskólum landsins og þannig kveikja ættjarðarást hjá komandi kynslóðum. Hún er vön myndmáli kvikmyndalistarinnar og má leiða að því líkum að góð heimildarmynd hafi sterkari áhrif á hana en ljóð Huldu og Jónasar sem áður blésu þjóðinni þjóðernisanda í brjóst.

**EITT** er víst; íslenskir kvikmyndagerðarmenn búa bæði yfir þekkingunni og tækninni til að gera góðar náttúrulífsmýndir – og ekki vantar efniviðinn. Ef menn muna eftir því að kippa skutlinum úr hvalsbakinu rétt á meðan myndað er ætti þetta að geta orðið fyrirtakssjónvarps efni sem jafnvel væri hægt að selja út um allar jarðir.

## ÞÚ UPPLIFIR HREINA SNILLD



ISLENSKA AUGLÝSINGASÍMINN/ISLIS. FOT. JEFFER HUIZEND

Framsækin tímamótatækni í Lexus RX400h veitir þér tvöfalda ánægju. Þú sparar eldsneyti án þess að slaka á kröfunni um framúrskarandi alköst og þú dregur úr mengun. Lexus RX400h er fyrsti kraftmikli sportjeppi í heimi sem nýtir tvinntækni (Lexus Hybrid Drive). Tvinntæknin í RX400h, byltingarkennd samsetning V6 bensínvélar og tveggja rafmótora, gefur óvenju mjúka, snögga hröðun, en er samt ótrúlega hljóðlát og sparneytin

á við smábíl. Sjáðu, snertu og prófaðu Lexus RX400h. Hann er smíðaður í þeim tilgangi að uppfylla óskir þeirra sem gera strangar kröfur til sjálfra sín um raunhæfa umhverfisvernd og vilja nýta orkulindir jarðar á nýjan og hagkvæmari hátt. Þess vegna verður niðurstaðan gagnkvæm virðing milli þín og Lexus RX400h.

**LEXUS**  
The pursuit of perfection

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000**  
**gestir**  
**daglega**

ÞÖNTUNARSÍMI 550 5000  
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá